

BX
8035
H19
1879
GTU
Storage

Gift by
A.F. Elmquist

Donum
Lárus Guðmundsson
Duluth, 1903.

A. F. Ellingsrud

HANDBÓK

FYRIR

PRESTA Á ÍSLANDI.

ENDURSKOÐUÐ.



REYKJAVÍK 1879.

PRENTUÐ HJÁ EINARI ÞÓRÐARSYNI, Á KOSTNAÐ HANS.

BX
8035
H19
1879

BX 8035
H19
1879

PACIFIC LUTHERAN
THEOLOGICAL SEMINARY
LIBRARY

16,375

Innihald.

		Bls.
1.	Kollektur, pistlar og guðspjöll	1.—84.
2.	Píslarsagan	85.—99.
3.	Bænir við messugjörðina	99.—104.
4.	Leiðbeining fyrir presta við ýmisleg embættisverk	104.—136.

Á fyrsta sunnudag í Aðventu.

Kollektan.

Látum oss alla biðja!

Gæzkuríki, himneski guð og faðir! sem af einskærri náð gafst oss þinn eingetinn son, sendu oss þinn heilaga anda, svo vjer fúslega meðtökum Jesúm í vor hjörtu, og megum verða sáluhólpnir fyrir þann sama þinn elskulega son, Jesúm Krist vorn drottinn, sem með þjer lifir og ríkir í einingu heilags anda, einn sannur guð frá eilífð til eilífðar.

Pistillinn.

(Róm. XIII., 11.—14.).

Og þetta því heldur, sem vjer þekkjum tímann, að oss er mál að rísa upp af svefni, því að nú er oss hjálpræðið nær, en þegar vjer tókum trú. Nóttin er umliðin, en dagurinn í nánd; leggjum því af verk myrkursins og íklæðumst herklæðum ljóssins. Framgöngum sómasamlega eins og á degi, ekki í ofáti eða ofdrykkju, ekki í saurlifnaði nje munaðarlífi, ekki í þrætu nje öfund; heldur íklæðizt drottni Jesú Kristi, og alið ekki önn fyrir holdinu til að æsa girndir.

Guðspjallið.

(Matt. XXI., 1.—9.).

Þegar þeir nú nálguðust Jerúsalem og komu til Betfage hjá olíufjallinu, þá sendi Jesús frá sjer tvo af lærisveinum sínum og sagði við þá: Farið þið í þorp það, er gagnvart ykkur er, og jafnskjótt munuð þið finna ösnu bundna og fola hjá henni; leysið þau og leiðið til mín; en segi einhver nokkuð til yðar, þá segið, að herra ykkar þurfi þeirra við; og þá mun hann jafnsnart láta þau laus. Allt þetta skeði, svo að uppfylltist það, er spámaðurinn segir: Segið Síons dóttur: Sjá þinn konungur kemur til þín hógvær, ríðandi ösnu og fola hennar. Lærisveinarnir fóru leiðar sinnar og gjörðu sem Jesús hafði fyrir þá lagt, færðu þangað

ösnuna og folann og lögðu á þau klæði sín, en hann steig á bak; en flestir af fólkinu breiddu klæði sín á veginn; aðrir hjuggu lim af trjánum og stráðu því á veginn. En múgurinn, er undan fór og á eptir fylgdi, kallaði og sagði: Hósanna syni Davíðs! blessaður sje sá, sem kemur í nafni drottins; hósanna í hæstum hæðum.

Á annan sunnudag í Aðventu.

Kollektan.

Himneski góði guð og faðir! virztu að hræra hjörtu vor með þínum heilaga anda, svo vjer getum losað þau við heiminn, en haft umgengni vora á himnum og glaðir beðið tilkomu drottins vors Jesú Krists, sem með þjer og heilögum anda lifir og ríkir einn sannur guð um aldir alda.

Pistillinn.

(Róm. XV., 4.—13.).

Því allt, sem áður er skrifað, það er áður skrifað oss til uppfræðingar, svo að vjer fyrir þolinmæðina og huggun ritninganna hefðum vonina. En guð þolinmæðinnar og huggunarinnar gefi yður að vera samlyndum innbyrðis eptir Kristó Jesú, svo að þjer samhuga með einum munni dýrkið guð og föður drottins vors Jesú Krists. Takið því hver annan að yður, eins og líka Kristur tók yður að sjer, guði til dýrðar. En jeg segi, að Jesús Kristur hafi verið þjónn umskurnarinnar vegna guðs trúfesti, til að staðfesta fyrirheitin, sem feðrunum voru gefin; en að heiðingjar dýrki guð af miskunn, eins og skrifað er: þess vegna skal jeg vegsama þig meðal heiðingjanna og lof syngja þínu nafni. Og aptur segir ritningin: fagnið þjer heiðingjar með hans fólki; og aptur: Lofið drottinn allar þjóðir og vegsamið hann allir lýðir; og enn aptur segir Esajas: rót Jessaí mun haldast við, og á þann, sem rís upp til að stjórna heiðingjum, munu heiðingjar vona. En guð vonarinnar fylli yður öllum fagnaði og friði í trúnni, svo að þjer sjeuð auðugir að von fyrir krapt heilags anda.

Guðspjallið.

(Lúk. XXI., 25.—33.).

Tákn munu verða á sólu, tungli og stjörnum, og á jörðu angist meðal þjóðanna í örvinglan. Sjór og haf mun þá þjóta; menn munu þá deyja af angistarfullri eptirvæntingu þess, er yfir allan heiminn mun koma, því kraptar himnanna munu hrærast, og þá munu menn sjá mannsins son komanda á skýjunum með makt og mikilli dýrð. En þegar þetta tekur til að koma fram, þá lítið upp og upphefjið yðar höfuð, því að lausn yðar er í nánd. Og hann sagði þeim dæmisögu: gætið að fíkjutrjenu og öðrum trjám; þegar aldini þeirra taka út að sprynga, þá sjáið þjer á þeim, að sumarið er í nánd. Sömuleiðis og þjer, nær þjer sjáið þetta fram koma, þá vitið, að guðs ríki er í nánd. Sannlega segi jeg yður, að þessi kynslóð mun ekki undir lok liðin, áður en allt þetta fram kemur. Himinn og jörð munu líða undir lok, en mín orð skulu ekki undir lok líða.

Á þriðja sunnudag í Aðventu.

Kollektan.

Herra guð, himneski faðir! gef þú oss náð til þess, að geta hrærzt af þinni eilífu miskunnsemi og þekkt og þakkað þær náðargjafir, sem þú hefur veitt oss í Jesú Kristi. Bænheyr oss, þú, sem lifir og ríkir með syni og heilögum anda, sannur guð frá eilífð til eilífðar.

Pistillinn.

1. Kor. IV., 1.—5.).

Þannig álíti sjerhver oss sem Krists þjóna og umboðsmenn guðs leyndardóma. En það krefst af sjerhverjum umboðsmanni, að hann sje trúr. Það er mjer fyrir minnstu, hvern dóm þjer eða aðrir menn leggja á mig; jeg dæmi mig ekki sjálfur. Einkis ills er jeg mjer að sönnu meðvitandi; en fyrir það er jeg þó ekki rjettlættur; drottinn er sá, sem dæmir mig. Dæmið því ekki fyrir tímann, fyr en drottinn kemur, sem í ljós mun leiða það í myrkrunum er hulið og opinberar

gjöra hjartnanna hugsanir, og þá mun sjerhver fá sín laun af guði.

Guðspjallið.

(Matt. XI., 2.—10.).

Nú er Jóhannes heyrði í fangelsinu verkin Krists, sendi hann til hans tvo lærisveina sína og ljet þá segja: ert þú sá, sem koma skal, eða eigum vjer að vænta annars? Jesús sagði við þá: farið þið og segið Jóhannesi, hvað þjer heyrið og sjáið: blindir fá sýn, haltir ganga, líkþráir hreinsast, daufir heyra, dauðir upp rísa og fátækum verða guðspjöllin boðuð; og sæll er sá, sem ekki hneykslast á mjer. Þegar þeir voru burtu farnir, hóf Jesús ræðu sína til fólksins um Jóhannes á þessa leið: Hvað fóruð þjer að sjá á eyðimörku? hvort reyr, af vindi skekinn? eða hvað fóruð þjer að sjá? hvort mann mjúkklæddan? gætið að: þeir, sem mjúkan klæðnað bera, eru í konunganna höllum. Hvað fóruð þjer þá að sjá? hvort spámann? Já, í sannleika þann, sem meiri er, en nokkur spámaður; því hann er sá, sem um er ritað: sjá, jeg sendi engil minn undan þjer, er greiða skuli þjer veg.

Á fjórða sunnudag í Aðventu.

Kollektan.

Almáttugi, eilífi guð! vjer biðjum þig, að þú viðhaldir hjá oss trú og trausti á þinni náð og miskunnsemi, svo vjer aldrei efumst um þín mildiríku fyrirheit, heldur leitum í þeim liðs og krapta til að sigrast á öllum freistingum, svo vjer getum reynzt þjer trúir allt til enda og eignazt eilíft líf. Fyrir þinn son, Jesúm Krist, sem með þjer lifir og ríkir, o. s. frv.

Pistillinn.

(Filipp. IV., 4.—7.).

Gleðjið yður ávallt í drottni; og enn aptur segi jeg: gleðjið yður! yðar hógværð verði öllum kunnug; drottinn er nálægur. Verið ekki hugsjúkir um nokkurn hlut, heldur látið í öllum hlutum yðar óskir koma fyrir guð í bæna-ákalli með þakkargjörð. Þá mun friður

guðs, sem er æðri öllum skilningi, halda yðar hjörtum og hugsunum stöðuglega við Jesúm Krist.

Guðspjallið.

(Jóh. I., 19.—28.).

Og þessi er vitnisburður Jóhannesar, þegar Gyðingar sendu frá Jerúsalem presta og Levíta til að spyrja hann að, hver hann væri. Hann játti og neitaði ekki og sagði: ekki em eg Kristur. Og þeir spurðu hann: hvað ertu þá? ertu þá Elías? hann svaraði: ekki em eg. Ertu þá spámaðurinn? og hann svaraði: nei. Þá sögðu þeir við hann: hver ertu? svo vjer getum gefið svar þeim, er oss sendu; hvað segir þú um sjálfan þig? hann svaraði: jeg er rödd þess, sem hrópar í eyðimörku: gjörið beinan veg drottins, eins og Esajas spámaður hefur sagt. En þeir, sem sendir höfðu verið, voru Farísear. Þeir spurðu hann þá, og sögðu við hann: hví skírir þú þá, ef þú ert hvorki Kristur, nje Elías, nje spámaðurinn? Jóhannes svaraði þeim og sagði: jeg skíri í vatni, en sá stendur mitt á meðal yðar, sem þjer þekkið ekki, sá, sem koma mun eptir mig, og hans skóþvengi er jeg ekki verðugur að leysa. Þetta bar við í Betanía hinu megin við ána Jórdan, þar sem Jóhannes skírði.

Á jóladaginn.

Kollektan.

Herra guð, himneski faðir! vjer þökkum þjer fyrir þá miklu náð og miskunnsemi, að þú hefur látið þinn eingetinn son íklæðast voru holdi, til að frelsa oss frá synd og eilífum dauða. Hrærðu nú hjörtu vor með þínum heilaga anda, svo vjer getum rjettilega fagnað Jesú fæðingu og sjálfir endurfæðzt fyrir trúna á þig og hann, sem með þjer lifir og ríkir í einingu heilags anda, einn sannur guð um aldir alda.

Pistillinn.

(Hebr. I., 1.—5.).

Eptir að guð forðum hafði talað til feðranna optsinnis og með mörgu móti fyrir munn sinna spámanna, hefur hann á þessum síðustu tímum til vor talað fyrir

soninn, sem hann setti erfingja allra hluta, fyrir hvern hann og hefur skapað heiminn, sem, af því hann er geisli hans dýrðar og ímynd hans veru, er öllu stjórnar með orði síns máttar, settist til hægri hliðar guðlegri hátign á hæðum, eptir það hann fyrir sjálfan sig hafði hreinsað oss frá syndunum, og er orðinn englunum þeim mun hærri, sem hann hefur þeim háleitari tign öðlazt. Því við hvern af englunum hefur guð nokkurn tíma sagt: «þú ert minn sonur, í dag gat jeg þig?».

Guðspjallið.

(Lúk. II., 1.—14.).

En það bar til um þessar mundir, að það boð kom frá Ágústus keisara, að taka skyldi manntal um allan heim. (Þetta manntal varð fyrst, þá Kyreníus var landshöfðingi á Sýrlandi). Fóru þá allir til manntals, hver til sinnar borgar. Þá fór og Jósep frá Galilea úr borginni Nazaret upp til Júdea til borgar Davíðs, sem heitir Betlehem, því hann var af húsi og kynþætti Davíðs, til manntals, ásamt með Maríu heitkonu sinni, sem þá var með barni. En svo bar við á meðan þau dvöldu þar, að þeir dagar fullnuðust, að hún skyldi ala barnið; fæddi hún þá son sinn frumgetinn, vafði hann reifum og lagði hann í jötuna, því þau fengu ekki húsrúm í gestaherberginu. En í því byggðarlagi voru fjárhirðarar, er vöktu úti um nóttina yfir hjörð sinni; og sjá, engill drottins stóð hjá þeim og birta drottins ljómaði kring um þá; urðu þeir við það næsta hræddir; og engillinn sagði við þá: óttizt ekki, því jeg flyt yður mikinn fögnuð, sem veitast mun öllu fólki; því í dag er yður frelsari fæddur, sem er drottinn Kristur í borg Davíðs, og hafið það til marks, að þjer munuð finna reifað barn liggjandi í jötunni. Og jafnskjótt var þar hjá englinum mikill fjöldi himneskra hersveita, sem lofuðu guð og sögðu: Dýrð sje guði í upphæðum, friður á jörðu og velþóknan yfir mönnunum.

Á annan jóladag.

Kollektan.

Eilífi, miskunnsami guð og faðir! gef þú oss náð til þess, að líkjast lausnara vorum, svo vjer lærum að elska óvini vora og biðja fyrir þeim eins og hann. Bænheyr oss fyrir þinn son, Jesúm Krist, sem með þjer lifir og ríkir, o. s. frv.

Pistillinn.

(Post.gb. VI., 8.—15.; VII., 54.—60.).

En Stefán, fullur af náð og krapti, gjörði tákn og stórmerki meðal fólksins. Þá tóku sig til nokkrir af þeirri svo nefndu leysingja-samkundu, og þeirra frá Sýrene og Alexandría, Silisía og Asía, og þreyttu spurningar við Stefán. En þeir gátu ekki staðið gegn þeirri vizku og þeirri andagipt, sem hann talaði af. Þá settu þeir út menn, er sögðu: vjer höfum heyrt hann tala smánarorð móti Móse og guði; æstu svo upp almúgann, öldungana og hina skriptlærðu, veittust að honum og gripu hann og leiddu fyrir ráðið; ljetu svo koma fram ljúgvitni, er sögðu: þessi maður lætur ekki af að tala guðlaus orð gegn þessum heilaga stað og lögmálinu, því vjer höfum heyrt hann segja, að Jesús frá Nazaret mundi eyðileggja þennan stað og umbreyta þeim siðum, sem Móses hefur oss fyrir lagt. Öllum, sem í ráðinu sátu, varð starsýnt á Stefán, og virtist þeim hans ásjána vera sem engils ásjána. Þá þeir heyrðu þetta, skárust þeir í hjörtum sínum og gnístu tönnum yfir honum; en hann, fullur af heilögum anda, horfði til himins og leit guðs dýrð og Jesúm standa við guðs hægri hönd. Þá mælti hann: sjá, jeg sje himnana opna og mannsins son standa til hægri handar guði. Hinir hrópuðu þá upp með hárri röddu, byrgðu fyrir eyru sjer og rjeðust á hann samhuga, hnepptu hann út af borginni og grýttu hann. En vottarnir lögðu skikkjur sínar til fóta ungmennis, er Sál hjet, og grýttu Stefán, sem ákallaði og sagði: Herra Jesú, meðtak þú minn anda. Síðan fjell hann á knje og hrópaði hástöfum: Drottinn, lát þá ekki gjalda þessarar syndar; og sem hann hafði þetta sagt, sofnaði hann.

Guðspjallið.

(Matt. XXIII., 34.—39.).

Því, sjá, jeg mun senda til yðar spámenn, spekinga og skriptlærða; suma munuð þjer lífláta og á kross festa; suma munuð þjer húðstrýkja í samkunduhúsum yðrum og hrekja úr einni borg í aðra, svo að yfir yður komi allt rjettlátt blóð, sem úthellt hefur verið á jörðunni frá blóði Abels hins rjettláta til blóðs Sakaríasar Barakíassonar, sem þjer drápuð á milli altaris og musteris. Sannlega segi jeg yður, að allt þetta mun koma yfir þessa kynslóð. Jerúsalem, Jerúsalem, þú, sem líflætur spámennina og grýtir þá, sem til þín eru sendir, hversu opt hef jeg viljað samansafna börnum þínum, eins og þegar hænan safnar ungum sínum undir vængi sjer; en þjer hafið ekki viljað það. Þar fyrir skal yðar bústaður í eyði lagður verða; því jeg segi yður, að þjer munuð ekki sjá mig hjeðan af, þangað til þjer segið: blessaður sje sá, sem kemur í drottins nafni!

Á sunnudaginn milli jóla og nýárs.

Kollektan.

Heyr, almáttugi, eilífi guð! stjórna þú oss og öllu voru framferði eptir þínum vilja, svo vjer getum orðið þjer þóknanlegir og auðugir í góðum verkum. Heyr þú þessa auðmjúku bæn vora í nafni drottins vors Jesú Krists, sem með þjer, o. s. frv.

Pistillinn.

(Gal. IV., 1.—7.).

Hjer með vil jeg sagt hafa, að það sje enginn munur á þrælnum og erfingjanum á meðan erfinginn er barn, þó hann eigi allar eigurnar, því hann er undir fjárhaldsmönnum og ráðsmönnum, þar til sá af föðurnum tiltekni tími er kominn. Þannig vorum vjer einnig, meðan vjer vorum börn, þrælbundnir við heimsins stafrof; en þegar fylling tímans er komin, sendi guð son sinn fæddan af konu, lögmálinu undirgefinn, svo að hann keypti þeim lausn, sem undir lögmálinu stóðu, og vjer fengjum barnarjett. En með því þjer eruð

orðnir synir, þá hefur guð sent síns sonar anda í yðar hjörtu, sem hrópar: Abba, faðir. Þú ert þess vegna ekki framar þræll, heldur sonur; en ef þú ert sonur, þá ertu líka erfingi guðs vegna Krists.

Guðspjallið.

(Lúk. II., 33.—40.).

En Jósep og móðir hans undruðust yfir því, er um hann var spáð. Og Símeon blessaði þau og sagði við Maríu móður hans: þessi er settur til að verða mörgum í Ísrael til falls og mörgum til viðreisnar, og og til að verða það tákn, sem móti verður mælt, (en sverð mun þína eigin sálu nísta), svo margra hjartans hugrenningar verði opinberar. Þar var og Anna spákona, dóttir Fanúels af ætt Assers; hún var þá hnigin á efra aldur, hafði verið sjö ár í hjónabandi með manni sínum, er fjekk hennar meyjar; nú var hún ekkja og hafði hjer um bil fjóra vetur um áttrætt. Hún var jafnan í musterinu og þjónaði guði nætur og daga með föstum og bænahaldi. Hana bar þar að í því sama; lofaði hún drottinn og talaði um hann við alla í Jerúsalem, sem frelsisins væntu. Nú er þau höfðu lokið öllu, er lögmál drottins bauð, sneru þau aptur til Galílea til borgar sinnar Nazaret. En sveininn óx og styrktist í anda, fullur vizku, og guðs náð var yfir honum.

Á nýársdag.

Kollektan.

Heyr, herra, himneski faðir! sem ljezt þinn eingetinn son verða lögmálinu undirgefinn og umskerast á áttunda degi, svo vjer yrðum frelsaðir frá bölvun lögmálsins. Vjer biðjum þína miskunnsemi, að þú viljir andlega umskera vor hjörtu, svo vjer verðum hluttakandi í frelsi þinna barna og eilíflega sáluhólpnir, fyrir þinn eingetinn og elskulegan son, drottin vorn Jesúm Krist, sem með þjer, o. s. frv.

Pistillinn.

(Gal. III., 23.—29.).

En áður en trúin kom, stóðum vjer undir gæzlu

lögmálsins og vorum við það bundnir, þangað til sú trú, sem var í vændum, opinberaðist. Þannig var lögmálið vor typtunarmeistari, þangað til Kristur kom, svo að vjer rjettlættumst af trúnni. En nú, þegar trúin er komin, stöndum vjer ekki lengur undir typtunarmeistaranum, því að þjer eruð allir orðnir guðs börn fyrir trúna á Jesúm Krist; því svo margir af yður, sem eruð skírðir til Krists, þjer hafið íklæðzt Kristi. Hjer er ekki Gyðingur nje gríkur, ekki þræll nje frelsingi, ekki karl nje kona, því þjer eruð allir eitt í Jesú Kristi. En ef þjer eruð Krists, þá eruð þjer og Abrahams niðjar og erfingjar eptir fyrirheitinu.

Guðspjallið.

(Lúk. II., 21.).

Þegar liðnir voru átta dagar, þá hann skyldi umskerast, var hans nafn kallað Jesús, eins og hann var kallaður af englinum, áður en hann var getinn í móðurlífi.

Á sunnudaginn milli nýárs og þrettánda.

Kollektan.

Ó herra guð, himneski faðir! þú, sem ljezt þinn elskulega son, Jesúm Krist, verða framandi og útlendan í Egyptalandi fyrir vora skuld, og færðir hann heilan heim aptur til síns föðurlands, vjer biðjum þig: gef oss þína náð, að vjer aumar mannskepnur, sem erum framandi og útlendir í þessum hættufulla heimi, mættum innan skamms komast í himnaríki, sem er vort rjetta föðurland, og lifa þar í eilífri dýrð og gleði, fyrir drottin vorn Jesúm Krist, sem, o. s. frv.

Pistillinn.

(Róm. III., 19.—22.).

En vjer vitum, að það, sem lögmálið segir, það talar það til þeirra, sem undir lögmálinu eru, svo að sjerhver munnur þagni og allur heimurinn (verði) sakfallinn við guð. Þess vegna mun af verkum lögmálsins alls ekkert hold rjettlætast fyrir honum; því að af

lögmáli leiðir þekking syndar. En nú er án lögmáls rjettlæti guðs opinberað, sem vitnað er um af lögmálinu og spámönnunum, það er: rjettlæti guðs fyrir trú á Jesúm Krist til allra og yfir alla, sem trúa.

Guðspjallið.

(Matt. II., 16.—18.).

En er Heródes sá, að hann var gabbaður af vitringunum, varð hann afarreiður, sendi út og ljet myrða öll sveinbörn í Betlehem og í þeim hjeruðum, er þar voru í grennd, tvævetur og þau, er yngri voru, sem svaraði þeirri tímalengd, er hann hafði komizt eptir hjá vitringunum. Sannaðist það þá, sem spámaðurinn Jeremías segir: í Rama heyrðust hljóð, kveinstafir, grátur og vein mikið; Rakel harmar börn sín og vill ekki huggast láta, því það er út gjört um þau.

Á 1. sunnudag eptir þrettánda.

Kollektan.

Herra guð, himneski faðir! virztu af náð þinni að senda oss anda ráðs og skilnings, svo að vjer jafnan höfum þinn heilaga vilja fyrir augum vorum og ástundum að breyta eptir honum. Styrk oss með þínum anda til að eflast að vizku og náð, bæði hjá þjer og mönnum. Fyrir þinn son, Jesúm Krist, sem með þjer, o. s. frv.

Pistillinn.

(Róm. XII., 1.—5.).

Svo áminni jeg yður, bræður, í guðs náðar nafni, að þjer framseljið líkami yðar eins og fórn, lifandi, helga, guði þóknanlega (sem er), skynsamleg guðsdýrkun yðar, og lagið yður eigi eptir öld þessari, heldur takið háttaskipti með endurnýjungu hugarfars yðvars, svo að þjer fáið að reyna, hver sje vilji guðs, hvað hann er góður, velþóknanlegur og fullkominn; því að eptir þeirri náð, sem mjer er gefin, segi jeg sjerhverjum, sem á meðal yðar er, að hugsa ekki hærra, en hugsa ber, heldur hugsa svo, að hann hugsi hyggilega, eptir því sem guð hefur sjerhverjum útbýtt mæli trúarinnar.

Því eins og vjer höfum á einum líkama marga limi, en allir limirnir hafa ekki sama starfa, þannig erum vjer og margir einn líkami í Kristi, en hver um sig annars limur.

Guðspjallið.

(Lúk. II., 42.—52.).

Og þegar hann var 12 ára gamall, ferðuðust þau til Jerúsalem, eins og siður var til á hátíðinni. Þegar hún var liðin, sneru þau aptur heimleiðis; en sveinninn Jesús varð eptir í Jerúsalem, svo Jósep og móðir hans urðu ekki vör við það; en af því þau ætluðu, að hann mundi vera í flokki samferðamanna þeirra, fóru þau eina dagleið og leituðu að honum meðal frænda og kunningja. Og þegar þau fundu hann ekki, sneru þau aptur til Jerúsalem og leituðu hans þar; og eptir þrjá daga fundu þau hann í musterinu, sitjandi mitt á meðal lærifeðranna, hlýðandi á þá og spyrjandi þá; en alla, sem heyrðu, furðaði á skilningi hans og andsvörum. Og þau undruðust næsta, er þau sáu hann þar; og móðir hans sagði við hann: hví breyttir þú svo við okkur, sonur minn? faðir þinn og jeg leituðum þín harmþrungin. Og hann sagði við þau: hví hafið þið leitað að mjer? vissuð þið ekki, að mjer ber að vera í því, sem míns föður er? En þau skildu ekki, hvað hann meinti. Síðan fór hann með þeim til Nazaret, og var þeim hlýðinn. Og móðir hans geymdi öll þessi orð í hjarta sínu; og Jesús þroskaðist að vizku og aldri og náð hjá guði og mönnum.

Á 2. sunnudag eptir þrettánda.

Kollektan.

Ó þú almáttugi, eilífi guð! sem stjórnar öllum hlutum á himni og á jörðu, heyr þú mildilega bænir þíns lýðs og gef að hús vor og heimili verði kærleikans og friðarins heimkynni og fögur fyrirmynd þeirra eilífu sælunnar bústaða, sem þú af náð þinni hefur fyrirhugað oss á himnum. Fyrir vorn herra, Jesúm Krist, sem með þjer, o. s. frv.

Pistillinn.

(Róm. XII., 6.—16.).

En þar eð vjer höfum margvíslegar náðargjafir, eptir þeirri náð, sem oss er gefin (þá verjum þeim vel), hvort heldur það er spádómur, eptir reglu trúarinnar, eða embætti, í embættinu, eða kennandi, í kenningunni, eða áminnandi, í áminningunni; sá útbýtandi í hreinskilni; forstöðumaðurinn í kostgæfni; sá líknandi með glöðu bragði. Elskan sje flærðarlaus; hatið hið vonda, en haldið fast við hið góða. Verið í bróðurlegum kærleika ástúðlegir innbyrðis og verðið hver öðrum fyrri til að veita hinum virðingu; í iðninni ólatir, í andanum brennandi, drottni þjónandi, í voninni glaðir, í þjáningunni þolinmóðir, í bæninni staðfastir. Takið þátt í nauðsynjum heilagra, stundið gestrisnina; blessið þá, er ofsækja yður, blessið, en bölvið ekki; fagnið með fagnendum og grátið með grátendum; verið samlyndir innbyrðis, hugsið eigi hátt, heldur haldið yður við hið lága.

Guðspjallið.

(Jóh. II., 1.—11.).

Og á þriðja degi var haldið brúðkaup í Kana í Galilea. Þar var móðir Jesú, en Jesú og hans lærisveinum var líka boðið til brúðkaupsins. Og er vín þraut, sagði móðir Jesú við hann: þeir hafa ekki vín. Jesús sagði við hana: kona, hvað kemur það þjer og mjer við? minn tími er enn ekki kominn. Móðir hans sagði við þjónana: gjörið það, sem hann segir yður. En þar voru sex vatnsker úr steini, sett þangað eptir hreinsunarsiðum Gyðinga, og tók hvert þeirra tvo eða þrjá mæla. Jesús sagði við þá: fyllið nú kerin með vatni, og þeir fylltu þau á barma. Þá sagði hann við þá: ausið nú af og færið forstöðumanni veizlunnar, og þeir gjörðu svo. En sem hann smakkaði vatnið, sem orðið var að víni, og vissi ekki, hvaðan það var komið, (en þjónarnir, sem vatnið jusu, vissu það), kallaði hann á brúðgumann og sagði við hann: Allir menn veita fyrst góða vínið, en þegar gestirnir taka ölvaðir að verða, þá hið lakara; þú hefur geymt góða vínið þangað til nú. Þetta er hið fyrsta jarðteikn, sem Jesús

gjörði í Kana í Galilea. Og hann opinberaði sína dýrð, og hans lærisveinar trúðu á hann.

Á 3. sunnudag eptir þrettánda.

Kollektan.

Heyr, almáttugi guð! vjer biðjum þig: lít þú á vorar auðmjúkar bænir, og útrjett þú þína almættishönd oss til hlífðar og blessunar. Fyrir drottin vorn Jesúm Krist, sem með þèr, o. s. frv.

Pistillinn.

(Hóm. XII., 17.—21.).

Verið ekki sjervitrir; gjaldið engum illt fyrir illt; stundið það, sem fyrir allra manna sjónum er sómasamlegt; ef mögulegt er, þá hafið frið við alla menn að því leyti, sem í yðar valdi stendur; hefnið yðar ekki sjálfir, elskanlegir, heldur gefið rúm reiðinni; því að skrifað er: mín er hefndin, jeg mun endurgjalda, segir drottinn. Ef óvin þinn þess vegna hungrar, þá gef honum að eta; ef hann þyrstir, þá gef honum að drekka, því með því að gjöra þetta, safnar þú glóðum elds yfir höfuð honum. Lát ekki hið vonda yfirbuga þig, heldur sigra þú hið vonda með hinu góða.

Guðspjallið.

(Matt. VIII., 1.—13.).

En er hann gekk niður af fjallinu, fylgdi honum mikill fjöldi fólks; þá kom til hans líkþrár maður, tilbað hann og mælti: herra, ef þú vilt, getur þú hreinsað mig. Þá rjetti Jesús út höndina, snerti hann og sagði: jeg vil, vertu hreinn; og jafnskjótt varð hann hreinn af líkþrá sinni. Þá sagði Jesús við hann: varast þú að segja þetta nokkrum, heldur far og sýn þig prestinum, og offra þeirri gáfu, sem Móses bauð, öðrum til sannindamerkis. Þegar hann kom inn í Kapernaum, kom til hans hundraðshöfðingi nokkur, og tók svo til orða: herra, þjónn minn liggur heima limafallssjúkur og er mjög þungt haldinn. Jesús sagði: jeg skal koma og lækna hann. Þá svaraði hundraðshöfðing-

inn: herra, ekki er jeg verður þess, að þú gangir inn undir mitt þak. Bjóð þú að eins með einu orði, og mun þjónn minn heill verða. Því nær jeg, sem er yfirvaldi undirgefinn og hef að ráða yfir stríðsmönnum, býð einum þeirra að fara, þá fer hann, og öðrum að koma, þá kemur hann, eða þræli mínum að gjöra eitthvað, þá gjörir hann það. Þegar Jesús heyrði þetta, undraðist hann og mælti við þá, sem fylgdu honum: sannlega segi jeg yður: þvílíka trú hef jeg ekki fundið í Ísrael. En jeg segi yður, að margir munu koma að austan og vestan og sitja til borðs með Abraham, Ísaak og Jakob í ríki himnanna; en erfingjar ríkisins munu verða út reknir í yztu myrkur, hvar vera mun grátur og gnístran tanna. Síðan sagði Jesús við hundraðshöfðingjann: far þú heim, verði þjer eptir trú þinni; og samstundis varð þjónn hans heilbrigður.

Á 4. sunnudag eptir þrettánda.

Kollektan.

Heyr, herra guð! sem af föðurlegri náð leggur þínum börnum krossinn á herðar, og lætur þau einatt velkjast í stormum og hafróti þessa lífs, til að æfa þau í trúnni og bæninni, miskuna þú oss og styrk þú oss í allri neyð og freistingum, svo vjer fáum staðið stöðugir allt til enda og náð friðarins og sælunnar höfnum. Fyrir Jesúm Krist, sem með þjer, o. s. frv.

Pistillinn.

(Róm. XIII., 8.—10.).

Skuldið ekki neinum neitt, nema það að elska hver annan; því sá, sem annan elskar, hefur þegar uppfyllt lögmálið; því þetta: þú átt ekki að drýgja hór, þú átt ekki að vega mann, þú átt ekki að stela, þú átt ekki að bera ljúgvitni, þú átt ekki að girnast, og hvert annað boðorð er í þessari grein innibundið, það er að skilja í þessari: þú átt að elska náunga þinn eins og sjálfan þig. Elskan gjörir ekki náunganum mein; þess vegna er elskan uppfylling lögmálsins.

Guðspjallið.

(Matt.. VIII., 23.—27.).

Síðan steig hann á skip og lærisveinar hans með honum; gjörði þá svo mikið hafrót, að skipið huldi af bylgjunum, en hann svaf. Þá gengu lærisveinarnir til hans og vöktu hann og sögðu: hjálpa þú oss, herra, vjer forgöngum. En hann svaraði: hví eruð þjer svo hræddir, þjer trúarveikir? Því næst stóð hann upp og hastaði á vindinn og sjóinn; varð þá blíða logn. Þetta undruðust menn mjög og sögðu: hvílíkur er þessi, að bæði veður og sjór hlíða honum?

Á 5. Sunnudag eptir þrettánda.

Kollektan.

Himneski algóði guð og faðir! vjer þökkum þjer af öllu hjarta fyrir það, að þú hefur sáð hinu góða sæði, þínu heilaga orði, í hjörtum vorum. Láttu þinn heilaga anda lífga þetta sæði í oss, svo það geti borið ávöxt. Haltu þinni verndarhendi yfir oss, svo óvinur sálna vorra ekki geti sáð illgresi meðal hveitisins. Gættu vor fyrir andvaraleysi og styð þú oss í öllum freistingum, unz vjer náum eilífu lífi. fyrir þinn eingetinn og elskulegan son, o. s. frv.

Pistillinn.

(Kól. III., 12.—17.).

Íklæðizt því, eins og guðs útvaldir, heilagir og elskanlegir, hjartgróinni meðaumkun, góðvild, lítillæti, hógværð, langlundargeði. Umberið hver annan og fyrirgefið hver öðrum, ef einhver yðar hefur kærumál öðrum á móti; eins og Kristur hefur fyrirgefið yður, svo skuluð þjer og einnig gjöra. En um fram allt íklæðizt elskunni, því hún er band algjörleikans; þá mun friður Krists ríkja í yðrum hjörtum; til þessa friðar eruð þjer og einnig kallaðir í einum líkama, og verið þakklátir. Látið Krists orð ríkulega búa hjá yður, svo að þjer með allri speki kennið hver öðrum og áminnið hver annan með sálmum, söngum og andlegum lofkvæðum, sætlega syngjandi drottni lof í yðrum hjörtum. Hvað helzt sem þjer aðhafizt í orði eða verki, þá gjörið allt

í nafni drottins Jesú, þakkandi guði og föður fyrir hann.

Guðspjallið.

(Matt. XIII., 24.—30.).

Aðra dæmisögu sagði hann þeim, er svo hljóðar: Líkt er guðs ríki manni, er sáði góðu sæði í akur sinn; en er menn voru í svefni, kom óvinur hans og sáði illgresi meðal hveitisins, og fór síðan á burt. En er sæðið spratt upp og tók að bera ávöxt, þá kom og illgresið í ljós. Þá gengu þjónar húsbóndans til hans og sögðu: herra, sáðir þú ekki góðu sæði í akur þinn? hvaðan hefur hann þá illgresi. Hann mælti: það hefur óvinurinn gjört. Þá sögðu þjónarnir: viltu ekki, að vjer förum og upprætum það? hann sagði: nei, svo að þjer ekki, nær þjer upprætið illgresið, rífið hveitið upp með; látið hvorttveggja vaxa saman til kornskerunnar; og þegar kornskerutíminn kemur, mun jeg segja við kornskerumennina: safnið fyrst saman illgresinu og bindið það í knippi til að brennast, en safnið hveitinu í mína kornhlöðu.

Á 6. sunnudag eptir þrettánda.

Kollektan.

Ó, miskunnsami og eilífi guð, himneski faðir! vjer biðjum þig, að þú viljir vekja oss, svo vjer ástundum að lifa kristilega og verða auðugir að góðum verkum. Gef þú oss náð til þess, að gjöra vora útvalningu vissa og vera í tölu þinna barna. Fyrir þinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(2. Pjet. I., 12.—18.).

Þess vegna vil jeg ekki vanrækja, sífelldlega að áminna yður um þetta, jafnvel þó yður sje þetta kunnugt og þjer standið stöðugir í þeim sannleika, sem hjá yður er. En jeg álít það rjett vera, að jeg veki yður með minni áminningu, á meðan jeg er í þessari tjaldbúð; því jeg veit, að þess er skammt að bíða, að minni tjaldbúð verði svipt, eins og drottinn vor Jesús Krist-

ur hefur mjer opinberað, og vil því leggja kapp á, að þjer ætíð hafið það, sem eptir mína burtför haldi þessu yður í minni. Því ekki fylgjum vjer spaklega uppspunnum skröksögum, þá vjer kunngjörðum yður um mátt og hjerveru drottins vors Jesú Krists, heldur vorum vjer sjálfir sjónarvottar að hans hátign; því hann meðtók af guði föður heiður og dýrð, þá þvílík raust barst honum frá hinni hátignarfullu dýrð: «þessi er minn elskulegi sonur, sem jeg hef velþóknun á»; og þessa raust heyrðum vjer koma frá himni, þá vjer vorum með honum á fjallinu helga.

Guðspjallið.

(Matt. XVII., 1.—9.).

Að sex dögum liðnum tók Jesús Pjetur og þá bræður Jakob og Jóhannes, og fór með þeim einslega upp á eitt hátt fjall; og hann ummyndaðist að þeim ásjáendum, og ásýnd hans skein sem sól, en klæði hans urðu björt eins og ljós. Og sjá, þá birtist þeim Móses og Elías, sem voru að tala við hann. Þá svaraði Pjetur og sagði við Jesúm: gott er, að vjer erum hjer, herra; ef þjer svo sýnist, viljum vjer reisa hjer þrjár tjaldbúðir, eina handa þjer, aðra handa Móses og hina þriðju handa Elíasi. Meðan hann var þetta að tala, bar yfir þá bjart ský, og úr því heyrðist raust, er mælti: þessi er minn elskulegi sonur, sem jeg hef velþóknun á; hlýðið þjer honum. En er lærisveinarnir heyrðu raustina, fjellu þeir fram á ásjónur sínar og urðu mjög óttaslegnir. Þá gekk Jesús til þeirra, snart við þeim og mælti: standið upp og verið óhræddir; en er þeir litu upp, sáu þeir engan, nema Jesúm einan. Og er þeir gengu ofan af fjallinu, bauð Jesús þeim og sagði: segið engum frá sýn þessari fyr en mannsins sonur er risinn upp frá dauðum.

Á 1. sunnudag í níuviknaföstu.

Kollektan.

Almáttugi, eilífi guð! þú, sem með þínu sáluhjálplega orði

hefur kallað oss í þinn víngarð, sendu þinn heilaga anda í vor hjörtu, svo vjer vinnum trúlega verk vorrar köllunar, fáum óbeit á syndinni, en lyst og löngun til að breyta eptir þínum blessuðu boðum, og setjum allt vort traust til þinnar eilífu náðar, fyrir drottin vorn Jesúm Krist, o. s. frv.

Pistillinn.

(1. Kor. IX., 24.—27. X., 1.—5.).

Vitið þjer ekki, að þeir, sem á skeiðvellinum hlaupa, hlaupa að sönnu allir, en ekki fær samt nema einn hnossið? Hlaupið þannig, að þjer höndlið það. En hver, sem fer í kappleik, leggur hart á sig: þeir, til að vinna forgengilega kórónu, en vjer, óforgengilega. Þess vegna hleyp jeg ekki svo sem upp á óvissu, berst ekki sem sá, er í vindinn slær; heldur tem jeg líkama minn og þjái hann, svo að jeg, sem kenni öðrum, verði ekki sjálfur rækur. Því jeg vil ekki dylja fyrir yður, bræður, að feður vorir voru allir undir skýinu, og að þeir allir fóru yfir um hafið, og voru til fylgdar við Móses allir skírðir í skýinu og hafinu, og þeir neyttu allir hinnar sömu andlegu fæðu og drukku allir sama andlega drykk; því þeir drukku af hinni andlegu hellu, sem þeim fylgdi; en þessi hella var Kristur. Samt voru fæstir af þeim guði þóknanlegir; með því þeir fjellu í eyðimörkinni.

Guðspjallið.

(Matt. XX., 1.—16.).

Því að guðs ríki er líkt þeim húsföður, er gekk út snemma morguns, til að leigja verkamenn í víngarð sinn; og er hann hafði samið við þá um einn pening fyrir dagsverkið, sendi hann þá í víngarð sinn. Síðan gekk hann út um þriðju stundu og leit nokkra á torginu iðjulausa. Hann sagði til þeirra: farið þjer og einnig í víngarð minn, og mun jeg gefa yður það, sem rjett er. Þeir fóru í víngarðinn. Hann gekk og út um sjöttu og níundu stundu, og gjörði sem fyr. Um elleftu stundu kom hann og út, og fann enn nokkra iðjulausa; hann sagði við þá: hví standið þjer hjer allan daginn iðjulausir? þeir svöruðu: af því enginn hefur leigt oss. Þá mælti hann: farið þjer einnig í

víngarð minn, og skuluð þjer fá hvað rjett er til launa. Nú er kvöld var komið, segir eigandi víngarðsins verkstjóra sínum: kalla þú verkamennina og gjald sjerhverjum þeirra daglaunin, og tak til á hinum síðustu og enda á hinum fyrstu. Þá komu þeir, sem um elleftu stundu voru leigðir, og fjekk hver einn pening; en er þeir komu, er fyrstir voru leigðir, hugðu þeir, að þeir mundu meiri laun fá; en þeir fengu líka hver einn pening; en er þeir höfðu hann meðtekið, tóku þeir að mögla í móti húsbóndanum og sögðu: þessir hinir síðustu hafa erfiðað eina stund, og þú hefur gjört þá jafna við oss, sem borið höfum þunga og hita dagsins. En hann svaraði og sagði til eins þeirra: vinur! ekki gjöri jeg þjer rangt til; höfum við ekki samið um einn pening? taktu hvað þitt er og far hjeðan; en þessum, er síðast kom, vil jeg gjalda eins og þjer; eða er jeg ekki sjálfur fjár míns ráðandi? eða sjerðu ofsjónum yfir því, að jeg em góðgjarn? Þannig munu hinir síðustu verða hinir fyrstu og hinir fyrstu síðastir; því margir eru kallaðir, en fáir útvaldir.

Á 2. sunnudag í níuviknaföstu.

Kollektan.

Herra guð, himneski faðir! vjer þökkum þjer, að þú fyrir þinn son, Jesúm Krist, hefur sáð þínu heilaga orði á meðal vor. Æ, undirbú þú svo hjörtu vor, að vjer hlýðum þínu orði með athygli og andakt, geymum það í góðu og siðsömu hjarta og berum ávöxt með stöðuglyndi. Fyrir þinn eingetinn og elskulegan son, o. s. frv.

Pistillinn.

(2. Kor. XII., 2.—9.).

Jeg þekki mann í Kristó, er fyrir 14 árum var upp numinn allt upp í þriðja himin; (hvort hann var í líkamanum eða utan líkama, það veit jeg ekki, guð veit það). Jeg veit, að þessum manni var upp rykt í Paradís, (hvort í líkama eða utan líkama, það veit jeg ekki, guð veit það), og að hann heyrði óumræðan-

leg orð, sem engum manni er unnt að tala. Af þessu vil jeg hrósa mjer, en af sjálfum mjer vil jeg ekki hrósa mjer, nema ef það væri af bágindum mínum. Því enda þótt jeg vildi hrósa mjer, væri það ekki fásinna, því jeg segði sannleika, en jeg skirrist við það, svo að enginn skuli hugsa hærra um mig, en hann sjer eða heyrir af mjer. En til þess að jeg ekki skuli upphrokast af mikilleik opinberananna, er mjer fleinn gefinn í holdið, Satans engill, til að slá mig, svo að jeg skuli ekki verða stærilátur. Þess vegna hef jeg þrisvar beðið drottin um, að hann færi frá mjer; en hann hefur svarað mjer: lát þjer nægja mína náð, því minn kraptur sýnir sig fullkominn í veikleikanum; þess vegna vil jeg helzt hrósa mjer af bágindum mínum, svo að kraptur Krists taki sjer bústað yfir mjer.

Guðspjallið.

(Lúk. VIII., 4.—15.).

Nú er margt fólk var saman komið, og fjöldi úr stöðunum var farinn út til hans, sagði hann þeim þessa dæmisögu: Sáðmaður nokkur fór að sá akur sinn; en er hann var að sá, fjell sumt sæðið við veginn og varð fótum troðið, og átu fuglar himins það. Sumt fjell í grýtta jörð, og er það óx, skrælnaði það, því það vantaði vökva; sumt fjell meðal þyrna, uxu þeir upp með og kæfðu það; en sumt fjell í góða jörð, óx upp og bar hundraðfaldan ávöxt. Þegar hann sagði þetta, kallaði hann hátt og mælti: hver, sem hefur eyru að heyra með, hann heyri. Síðan spurðu lærisveinar hans, hvað þessi dæmisaga ætti að þýða. En hann sagði: yður er unnt að skilja leynda lærdóma guðs ríkis; hinum öðrum kenni jeg í dæmisögum, svo að sjáandi sjái þeir ekki og heyrandi skilji þeir ekki. En þessi er útskýring dæmisögunnar: Sæðið merkir guðs orð; en það, sem fjell við veginn, þýðir þá, sem nema það; síðan kemur djöfullinn og tekur það burt úr hugskotum þeirra, svo að þeir ekki skuli trúa og verða hólpnir. En það, sem fjell í grýtta jörð, merkir þá, sem heyra orðið og taka við því með fögnuði, en vegna þess þeir hafa ekki rætur, trúa þeir að eins um stundarsakir, en falla frá á

tímum freistinganna. En það sæðið, er meðal þyrna fjell, merkir þá, sem heyra, en af því þeir lifa í áhyggjum, auðæfum og girndum þessa lífs, kefjast þeir og bera ekki fullkominn ávöxt. En það, er fjell í góða jörð, merkir þá, er heyra orðið, geyma það í góðu og siðsömu hjarta, og bera ávöxt með stöðuglyndi.

Á sunnudaginn í föstu-inngang.

Kollektan.

Herra guð, himneski faðir! Þú, sem með skírn þíns eingetna sonar vísaðir oss veginn til þinnar náðar og fyrirgefningar syndanna, styrktu og glæddu trúna í vorum hjörtum, og með því vjer einnig erum skírðir eptir þínu boði og að dæmi þíns elskulega sonar, þá gefðu oss náð til þess, að halda trúlega vorn skírnarsáttmála, og öðlast að lokum eilíft líf, fyrir drottin vorn Jesúm Krist, sem með þjer lifir og ríkir í einingu heilags anda, einn sannur guð frá eilífð til eilífðar.

Pistillinn.

(1. Pjet. III., 18.—22.).

Því Kristur leið líka einu sinni fyrir syndirnar, sá rjettláti fyrir hina ranglátu, til þess hann leiddi oss til guðs; að líkamanum til var hann deyddur, en lifandi gjörður eptir andanum, í hverjum hann einnig fór burt og prjedikaði fyrir öndunum í varðhaldi, sem þverskölluðust, þegar guðs langlundargeð beið eptir betrun þeirra á dögum Nóa, þegar örkin var smíðuð, í hverri fáar, það er: átta sálir, frelsuðust í vatninu, og nú gjörir skírnin, sem ekki er burttekt líkamans saurugleika, heldur sáttmáli góðrar samvizku við guð, eins og eptirmynd (hinnar fyrri frelsunar), oss hólpna vegna upprisu Jesú Krists, sem situr við guðs hægri hönd, uppfarinn til himins, og eru englar, maktarvöld og höfðingjar honum undirgefnir.

Guðspjallið.

(Matt. III., 13.—17.).

Um þessar mundir kom Jesús úr Galílea til Jórdanar til Jóhannesar þess erindis, að skírast af honum;

en Jóhannes færðist undan því og sagði: mjer er þörf, að jeg skírist af þjer, og þú kemur til mín. Jesús svaraði honum og sagði: veittu mjer þetta, því þannig ber okkur að fullnægja öllu rjettlæti; og þá ljet Jóhannes það eptir honum. Og sem Jesús var skírður, stje hann jafnskjótt upp úr vatninu; og sjá, þá opnuðust himnarnir uppi yfir honum, og Jóhannes sá guðs anda ofan stíga, eins og dúfu, og koma yfir hann; og sjá, þá heyrðist rödd af himnum, er sagði: þessi er sonur minn elskulegur, á hverjum jeg hef velþóknun.

Á 1. sunnudag í föstu.

Kollektan.

Miskunnsami himneski faðir! vjer biðjum þig sakir pínu og dauða þíns sonar Jesú Krists, að leggja oss lið og krapta þíns heilaga anda, svo vjer getum staðizt árásir og vjelabrögð hins vonda, og jafnan staðið stöðugir í þinni náð og þjónað þjer einum fyrir þinn eingetinn og elskulegan son, o. s. frv.

Pistillinn.

(2. Kor. VI., 1.—10.).

En sem samverkamenn áminnum vjer einnig, svo að þjer ekki hafið þegið guðs náð til einkis. (Því ritningin segir: á hagkvæmri tíð bænheyrði jeg þig, og á hjálpræðisins degi hjálpaði jeg þjer. Sjá, nú er sú æskilega tíð; sjá, nú er dagur hjálpræðisins). Vjer gefum í engu nokkurt ásteytingarefni, svo embættið verði ekki fyrir lasti, heldur tjáum oss í öllu sem guðs þjónustumenn, með mikilli þolinmæði í þrengingum, í nauðum, í angist, undir höggum, í dýflissum, í upphlaupum, í þrautum, í vökum, í föstum; með grandvöru líferni, þekkingu, umburðarlyndi, blíðlyndi, heilögu hugarfari, falslausum kærleika; með sannleikans kenningu og guðs krapti; sem útbúna með vopnum rjettlætisins til sóknar og varnar, í heiðri og vanheiðri, hvort vel er talað um oss eða illa. Vjer álítumst svikarar, en finnumst þó sannorðir; erum lítils virtir, en þó nafnkunnugir; erum nærri dauða, en sjá, vjer lifum samt; oss

er refsað, en vjer erum þó ekki deyddir; erum hryggvir, en þó jafnan glaðir; fátækir, en auðgum þó marga; eigum ekkert, en höfum þó allt.

Guðspjallið.

(Matt. IV., 1.—11.).

Eptir það var Jesús leiddur af andanum á eyðimörku, svo hann freistaðist af djöflinum; og er hann hafði fastað fjörutíu daga og fjörutíu nætur, tók hann loks að hungra. Þá kom freistarinn til hans og sagði: ef þú ert guðs sonur, þá bjóð þú, að steinar þessir verði að brauðum. Jesús svaraði: skrifað stendur: maðurinn lifir ekki af einu saman brauði, heldur af sjerhverju orði, sem fram gengur af guðs munni. Þessu næst tók djöfullinn hann með sjer í borgina helgu, og fór með hann upp á musteris bustina og sagði við hann: ef þú ert sonur guðs, þá kasta þjer hjer ofan fyrir, því skrifað er: guð mun bjóða englum sínum, að sjá þjer borgið, og þeir munu bera þig á höndum sjer, að ekki steytir þú fót þinn við steini. Jesús svaraði honum: aptur stendur skrifað: «ekki skaltu freista drottins guðs þíns». Enn á ný fór djöfullinn með hann upp á ofurhátt fjall, og sýndi honum öll ríki veraldarinnar og þeirra dýrð, og mælti: allt þetta mun jeg gefa þjer, ef þú fellur fram og tilbiður mig. Þá mælti Jesús: far frá mjer, Satan; því skrifað er: drottin guð þinn átt þú að tilbiðja og þjóna honum einum, Þá yfirgaf djöfullinn hann, og sjá, englar komu og þjónuðu honum.

Á 2. sunnudag í föstu.

Kollektan.

Eilífi, gæzkuríki guð og faðir! æ, gjör þú hjörtu vor styrk og staðföst með þínum anda, svo vjer af öllu hjarta treystum þinni náð og miskunnsemi, þótt vjer sjeum brotlegir og alls góðs ómaklegir, og ætíð flýjum á þínar náðir í sjerhverri neyð og freistingu, fyrir þinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(1. Tess. IV., 1.—7.).

Að öðru leyti biðjum vjer yður því, bræður, og áminnum í drottni Jesú, að þjer takið æ meiri framförum, eins og þjer hafið numið af oss, hvernig yður ber að breyta og þóknast guði. Því þjer vitið, hver boðorð vjer höfum yður gefið í umboði drottins Jesú; því það er guðs vilji, að þjer helgizt, haldið yður frá frillulifnaði, að sjerhver hafi vit á, að halda líkama sínum í helgun og heiðri, en ekki girndabruna, eins og heiðnir menn, er ekki þekkja guð; að enginn veiti yfirgang eða hafi af bróður sínum í nokkru, því að drottinn er hegnari alls þvílíks, eins og jeg hef áður sagt og brýnt fyrir yður; því ekki hefur guð kallað oss til saurlifnaðar, heldur til helgunar.

Guðspjallið.

(Matt. XV., 21.—28.).

Þaðan fór Jesús í landsbyggð Týrusar og Sídonar. Þá kom kona nokkur kanversk úr þeim hjeruðum, kallaði á hann og sagði: herra! sonur Davíðs, miskunna þú mjer, dóttir mín kvelst þunglega af djöflinum; en hann svaraði henni engu orði. Þá komu lærisveinar hans, beiddu hann og sögðu: veittu henni úrlausn, því hún kallar eptir oss. Jesús mælti: jeg er ekki sendur nema til týndra sauða af Ísraels ætt. En hún kom, fjell fram fyrir honum og mælti: hjálpa þú mjer, herra. Jesús mælti: ekki sæmir að taka brauðið frá börnunum og kasta því fyrir hundana. Satt er það, herra, mælti konan, þó eta hundarnir mola þá, sem detta af borðum drottna þeirra. Þá mælti Jesús: mikil er trú þín, kona; verði þjer sem þú vilt; og dóttir hennar varð samstundis heilbrigð.

Á 3. sunnudag í föstu.

Kollektan.

Almáttugi, eilífi guð; þú sendir þinn son í heiminn, til að

ónýta djöfulsins verk; vjer þökkum þjer fyrir þessa þína náð, og biðjum þig auðmjúklega: varðveittu oss í freistingunum og forðaðu oss við holdlegu andvaraleysi. Fyrir drottin vorn, o. s. frv.

Pistillinn.

(Efes. V., 1.—9.).

Líkizt því guði sem elskuleg börn, og framgangið í elskunni, eins og Kristur elskaði oss og gaf sig sjálfan út fyrir oss eins og fórn og slátrunaroffur guði til velþóknanlegs reykelsis ilms. Eptir því, sem heilögum hæfir, á hvorki frillulífi, nokkurs konar óhreinleiki eða ágirnd svo mikið sem nefnast á meðal yðar, nje blygðunarleysi, nje fíflslegt hjal eða gárungaháttur, sem er ósæmilegt, heldur miklu fremur þakkargjörð; því það skuluð þjer vita fyrir víst, að enginn frillulífismaður eða saurugur eða ágjarn, sem er skurðgoðadýrkari, hefur arftöku í ríki Krists og guðs. Látið engan leiða yður afvega með hjegómlegum orðum; því fyrir þetta kemur reiði guðs yfir syni vantrúarinnar. Takið því ekki hlutdeild með þeim. Áður voruð þjer myrkur, nú eruð þjer ljós í drottni; gangið því eins og ljóssins börn, því ávöxtur ljóssins er góðvilji, rjettlæti og sannleiki.

Guðspjallið.

(Lúk. XI., 14.—28.).

Og hann rak út djöful þann, er mállaus var; og er djöfullinn var út farinn, tók sá, er mállaus var, að mæla. Þetta undraðist fólkið, en sumir þeirra sögðu, að hann ræki djöfla út með fulltingi djöflahöfðingjans Belsebúls; en aðrir freistuðu hans og kröfðust af honum teikns af himni; en hann, er vissi, hvað þeir hugsuðu, sagði við þá: hvert það ríki, sem í sjálfu sjer er sundurþykkt, mun leggjast í auðn, og hvert hús mun þar yfir annað hrapa. Ef nú Satan er sjálfum sjer sundurþykkur, hvernig fær hans ríki þá staðizt, þar þjer segið, jeg útreki djöfla með fulltingi Belsebúls? En ef jeg útrek djöfla með fulltingi Belsebúls, fyrir hvers fulltingi útreka þá yðrir lærisveinar þá? þess vegna skulu þeir og vera yðrir dómendur. En ef jeg rek djöfla út með guðs fingri, þá er guðs ríki þegar til yð-

ar komið. Nær vopnuð hetja varðveitir sitt anddyri, er allt í friði, sem hún á; en komi annar yfirsterkari og sigri hann, flettir hann hann hertýgjum sínum, er hann treysti á, og skiptir herfanginu. Hver, sem ekki er með mjer, hann er á móti mjer; og hver, sem ekki samansafnar með mjer, hann sundurdreifir. Þegar óhreinn andi fer út af manninum, ráfar hann um vatnslausa staði, leitar hælis, og nær hann ekki finnur það, þá segir hann við sjálfan sig: jeg vil hverfa aptur í hús mitt, þaðan sem jeg fór; og er hann kemur, finnur hann það sópað og prýtt. Þá fer hann og tekur með sjer aðra sjö anda sjer verri, og er þeir eru inn komnir, setjast þeir þar að; verður svo hið síðara ásigkomulag mannsins verra en hið fyrra. En svo bar við, þegar hann var að tala þetta, að kona nokkur meðal fólksins hóf upp raust sína og sagði við hann: sæll er sá kviður, er þig bar, og þau brjóst, er þú mylktir. En hann sagði: já, að vísu, sælir eru þeir, sem heyra guðs orð og varðveita það.

Á 4. sunnudag í föstu.

Kollektan.

Heyr, almáttugi guð! vjer biðjum: Veittu oss þína blessun af ríkdómi þinnar náðar. Gættu vor fyrir sorgum og áhyggjum þessa lífs, svo oss jafnan sje mest um það hugað, að leita þíns ríkis og þíns rjettlætis. Þá muntu einnig veita oss allt annað, sem vjer við þurfum. Fyrir þinn eingetinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(Gal. IV., 21.—31.).

Segið mjer, þjer, sem viljið vera undir lögmálinu, hafið þjer ekki heyrt lögmálið? Þar stendur skrifað, að Abraham hafi átt tvo syni, annan við ambáttinni, en hinn við frjálsri konu. En sá, sem hann átti við ambáttinni, var á holdlegan hátt getinn, en hinn eptir fyrirheiti. Þetta hefur annarlega merkingu. Þær eru hinir tveir sáttmálar: annar, sem kom frá Sínaífjalli, getur börn til þrældóms; þessi er Hagar (því Sínaífjall

í Arabíu kallast Hagar), og samsvarar hinni nú verandi Jerúsalem, því hún er ásamt börnum sínum í ánauð. En sú himneska Jerúsalem er frjáls, og hún er vor móðir; því stendur skrifað: vertu glöð óbyrja, sem ekkert barn hefur átt, hrópa og kalla hátt, þú sem ekki hefur jóðsjúk orðið, því börn hinnar yfirgefnu eru fleiri, en hinnar, sem manninn á. En vjer, bræður mínir, erum fyrirheitisins börn, eins og Ísaak. En eins og forðum sá, sem á holdlegan hátt var getinn, ofsótti þann, sem á andlegan hátt var getinn, eins gengur það til enn. En hvað segir ritningin? Rek burt ambáttina og son hennar; því ekki skal ambáttarsonurinn taka arf með syni hinnar frjálsu. Vjer erum því, bræður, ekki niðjar ambáttarinnar, heldur hinnar frjálsu.

Guðspjallið.

(Jóh. VI., 1.—15.).

Eptir þetta fór Jesús yfir um stöðuvatnið hjá Tíberías í Galílea, og margt fólk fylgdi honum, því menn sáu þau teikn, er hann gjörði á hinum [illegible] úsgekk upp á fjallið, og settist þar [illegible] sveinum sínum. En þá voru páskar, hátíð [illegible] nánd. Þegar Jesús litaðist nú um og sá, að fjölu[illegible] kom til hans, sagði hann við Filippus: Hvaðan kaupum vjer brauð, svo að þessir fái að borða? En hann sagði þetta til að reyna hann, því sjálfur vissi hann, hvað hann ætlaði sjer að gjöra. Filippus svaraði honum: brauð fyrir tvö hundruð peninga er ekki nóg handa þeim, svo að hver einn fái lítið eitt. Þá sagði Andrjes, einn af hans lærisveinum, bróðir Símonar Pjeturs: Hjer er eitt ungmenni, sem hefur fimm byggbrauð og tvo smáfiska, en hvað er það handa svo mörgum? En Jesús sagði: látið fólkið setjast niður. Í þeim stað var gras mikið. Þá settust niður karlmenn að tölu nær fimm þúsundir. En Jesús tók brauðin, og þegar hann hafði gjört guði þakkir, fjekk hann þau lærisveinunum, en lærisveinarnir þeim, sem höfðu setzt niður, sömuleiðis af fiskunum svo mikið sem þeir vildu. En sem þeir voru mettir, segir hann við lærisveina sína: takið saman leifarnar, sem afgangs eru, svo ekkert spillist.

Þeir söfnuðu þeim saman og fylltu tólf karfir með leifar af þeim fimm byggbrauðum, er gengu af hjá þeim, er neytt höfðu. Þeir menn, sem sáu það teikn, er Jesús gjörði, sögðu þá: þessi er sannarlega sá spámaður, sem á að koma í heiminn. Jesús, sem vissi, að þeir mundu koma og taka hann, til þess að gjöra hann að konungi, veik aptur afsíðis einn saman upp á fjallið.

Á Maríu boðunardag.

Kollektan.

Eilífi, himneski faðir! Þjer er enginn hlutur ómáttugur; skapa þú í oss hreint hjarta, svo vjer í auðmýkt meðtökum þann háleita fagnaðarboðskap, sem oss er fluttur í dag um sendingu þíns eingetna sonar, frelsara vors Jesú Krists, svo hann geti fyllt hjörtu vor fögnuði og lotningu, elsku og þakklæti fyrir þinn kærleika til vor aumra og syndugra manna. Fyrir þinn eingetinn og elskulegan son, o. s. frv.

Pistillinn.

(Esaj. VII., 10.—15.).

Enn fremur talaði drottinn til Akasar og sagði: Bið þjer eins teikns af drottni, guði þínum, hvort sem þú vilt heldur beiðast teikns úr djúpinu eða ofan að frá hæðum. Akas svaraði: jeg vil einkis biðja, svo jeg freisti ekki drottins. Þá sagði hann: heyrið, þjer ættniðjar Davíðs! nægir yður það ekki, að þjer ertið mennina, nema þjer einnig ertið minn guð? Þess vegna mun hinn alvaldi gefa yður teikn sjálfur; sjá! mey nokkur mun barnshafandi verða og son fæða; þann mun hún heita láta «Immanú-El». Skyr og hunang skal hann eta, unz hann hefur vit á að hafna hinu illa og útvelja hið góða.

Guðspjallið.

(Lúk. I., 26.—38.).

En á sjötta mánuði sendi guð Gabríel engil í þá borg í Galílea, sem heitir Nazaret, til þeirrar meyjar, er hjet María; hún var heitkona þess manns, sem Jósep hjet, af ætt Davíðs. Og engillinn kom inn til

hennar og sagði: heil vert þú, sem nýtur náðar guðs, þú hin sælasta allra kvenna! En hún varð hrædd, er hún sá hann og heyrði orð hans, og tók að hugleiða, hvílík þessi kveðja væri. Og engillinn sagði við hana: hræðstu ekki, María, því þú hefur fundið náð hjá guði. Og sjá, þú munt barnshafandi verða og fæða sveinbarn; hann skaltu láta heita Jesús; hann mun mikill verða og kallast sonur hins hæsta; drottinn mun gefa honum ríki Davíðs forföður síns, og hann mun ráða æfinlega yfir ætt Jakobs, og á hans ríki mun enginn endir verða. Þá sagði María við engilinn: hvernig má þetta ske, þar jeg ekki hef nokkurn mann kennt? Og engillinn svaraði og sagði við hana: heilagur andi mun koma yfir þig og kraptur hins æðsta mun yfirskyggja þig; og þar fyrir mun það heilaga, sem af þjer fæðist, kallast sonur guðs. Og sjá, Elísabet frændkona þín er einnig orðin hafandi að sveinbarni í elli sinni, og hún, sem álitin var óbyrja, er komin nú allt á sjötta mánuð; því guði er enginn hlutur ómáttugur. Þá mælti María: sjá, jeg em ambátt drottins; verði mjer eptir orðum þínum. Að svo búnu fór engillinn í burtu frá henni.

Á pálma-sunnudag.

Kollektan.

Almáttugi, eilífi guð! þú, sem ljezt son þinn eingetinn deyja vegna vorra synda, gef þú oss náð til þess, að geta breytt eptir honum, og gróðursettu oss í þínum kærleika, svo vjer helgum þjer vor hjörtu og allt vort líf. Fyrir þinn eingetinn son, drottin vorn Jesúm Krist, sem, o. s. frv.

Pistillinn.

(Filipp. II., 5.—11.).

Því látið sama lunderni vera í yður, sem var í Jesú Kristi, sem, þó hann væri í guðs mynd, miklaðist ekki af því, að hann væri guði líkur, heldur minnkaði sjálfan sig, tók á sig þjónsmynd, varð mönnum líkur og að útvortis hætti sem maður. Hann lítillækkaði sig sjálfan og var hlýðinn allt fram í dauðann, já,

fram í dauðann á krossinum. Fyrir því hefur og guð hátt upphafið hann og gefið honum tign, sem er allri tign æðri, svo að öll knje skulu beygja sig fyrir Jesú tign, bæði þeirra, sem eru á himni og á jörðu og undir jörðunni, og sjerhver tunga viðurkenna, að Jesús Kristur er drottinn guði föður til dýrðar.

Guðspjallið.

(Matt. XXI., 1.—9.).

(Stendur á fyrsta sunnudag í Aðventu, sjá bls. 1.).

Á skírdag.

Kollektan.

Heyr, herra Jesú Kristi! Þú, sem hefur látið eptir hjá oss þitt brauð að eta og þinn kaleik að drekka í minningu þinnar pínu, vjer biðjum þig, að hreinsa vor hjörtu, en gefa oss þína náð, til að neyta þessa sakramentis verðuglega, iðrast allra vorra synda og sífellt taka framförum í trú og kærleika. Bænheyr oss, þú sem lifir og ríkir með guði föður og heilögum anda, o. s. frv.

Pistillinn.

(1. Kor. XI., 23.—29.).

Því jeg hef meðtekið af drottni það, sem jeg hef kennt yður, að drottinn Jesús á þeirri nótt, sem hann var svikinn, tók brauðið, gjörði þakkir, braut það og sagði: Þetta er minn líkami, sem fyrir yður verður brotinn; gjörið þetta í mína minningu. Sömuleiðis einnig kaleikinn eptir kvöldmáltíðina, segjandi: þessi kaleikur er nýr sáttmáli í mínu blóði; gjörið þetta, svo opt sem þjer drekkið, í mína minningu. Því svo opt sem þjer etið þetta brauð og drekkið af þessum kaleik, þá boðið þjer dauða drottins, þangað til hann kemur. Hver, sem því etur þetta brauð og drekkur af kaleik drottins óverðuglega, sá verður sekur við drottins líkama og blóð. En sjerhver prófi sig sjálfan og eti síðan af brauðinu og drekki af kaleiknum; því sá, sem óverðuglega etur og drekkur, hann etur og drekkur sjer til dómsáfellis, þar eð hann ekki gjörir greinarmun á drottins líkama.

Guðspjallið.

(Lúk. XXII., 14.—20.).

Nú er tími var til, gekk hann undir borð og þeir tólf postular með honum. Þá sagði hann við þá: Hjartanlega hefur mig langað eptir, að neyta þessa páskalambs með yður áður en jeg líð; því jeg segi yður: jeg mun ekki neyta af því framar, þangað til það fullkomnast í guðs ríki. Þá tók hann kaleikinn, gjörði guði þakkir og mælti: meðtakið hann og skiptið honum meðal yðar; því jeg segi yður, að jeg mun ekki drekka af vínviðar ávexti þangað til guðs ríki kemur. Síðan tók hann brauðið, gjörði guði þakkir, braut það, gaf þeim það og mælti: þetta er minn líkami, sem fyrir yður verður gefinn; gjörið þetta í mína minningu. Sömuleiðis (tók hann) kaleikinn eptir kvöldmáltíðina og mælti: þessi kaleikur er hinn nýi sáttmáli í mínu blóði, sem fyrir yður verður úthellt.

Á langa frjádag.

Lesist píslarsagan í stað guðspjalls, sem síðar sjest í þessari handbók.

Á páskadaginn.

Kollektan.

Almáttugi, eilífi guð! sem framseldir þinn eingetinn son fyrir vorar syndir og veittir oss aðgang til eilífs lífs fyrir hans dýrðarfullu upprisu, sendu oss þinn heilaga anda, svo vjer getum dáið frá vorum syndum og upprisið til nýs lífs, og megum eptir þetta líf öðlast hið eilífa líf. Fyrir þinn eingetinn son, o. s. frv.

Pistillinn.

(1. Kor. V., 7.—8.).

Takið burt hið gamla súrdeigið, svo að þjer framvegis getið verið nýtt deig, eins og þjer nú eruð ósýrðir; því vort páskalamb er og vor vegna slátrað, sem er Kristur. Höldum því hátíð, ekki með hinu gamla súr-

deiginu eða með súrdeigi vonzkunnar og prettvísinnar, heldur með ósýrðu brauði hreinskilninnar og sannleikans.

Guðspjallið.

(Mark. XVI., 1.—7.).

Þá er hvíldardagurinn var liðinn, keyptu þær María frá Magdölum og María Jakobs móðir og Salóme smyrsl til að smyrja með líkið. Og mjög árla hinn fyrsta dag vikunnar fóru þær til grafarinnar; það var um sólaruppkomu. Þær sögðu þá hver við aðra: hver mun velta fyrir oss steininum frá grafarmunnanum? En er þær litu þangað, sáu þær, að steininum hafði verið velt burt, því hann var næsta mikill. Gengu þær þá inn í gröfina, og sáu, hvar ungur maður sat hægra megin, skrýddur hvítum dragkyrtli, og hnykkti þeim mjög við. En hann sagði við þær: hræðizt eigi, þjer leitið að Jesú frá Nazaret, hinum krossfesta; hann er upp sinn og er ekki hjer. Þarna er staðurinn, þar sem hann var lagður. Farið heldur og segið lærisveinum hans og Pjetri, að hann fari á undan yður til Galílea; þar munuð þjer sjá hann, eins og hann sagði yður.

Á annan páskadag

Kollektan.

Herra guð, himneski faðir! þú, sem ljezt son þinn eptir upprisuna opinberast hjer á jörðu, upplýstu hjörtu vor með þínu orði og anda, svo vjer aldrei missum sjónar á þjer nje frelsara vorum, heldur höfum umgengni vora á himnum, þangað til þú af náð þinni veitir oss inntöku í þitt himneska dýrðarríki, fyrir þinn eingetinn og elskulegan son, o. s. frv.

Pistillinn.

(Post.gb. X., 34.—41.).

Þá lauk Pjetur upp munni sínum og sagði: sannlega er jeg kominn að raun um, að hjá guði er ekkert manngreinarálit, heldur er hver sá, sem óttast hann og hagar sjer ráðvandlega, honum þóknanlegur, af hvaða þjóð sem hann er. Þjer hafið heyrt um þann lærdóm,

sem guð hefur sent Ísraels börnum, þann er boðar frið fyrir Jesúm Krist, sem að er drottinn allra. Þjer þekkið þá atburði, sem skeð hafa um allt Gyðingaland og hófust í Galílea eptir þá skírn, sem Jóhannes boðaði, hversu guð smurði Jesúm af Nazaret með heilögum anda og krapti, að hann gekk í kring, gjörði gott og græddi alla, sem af djöflinum voru undirokaðir, því guð var með honum; og vjer erum vottar að öllu, sem hann gjörði á Gyðingalandi og í Jerúsalem. Þennan aflífuðu þeir og festu á trje; en guð uppvakti hann á þriðja degi, og ljet hann birtast, ekki öllu fólki, heldur þeim vottum, sem guð hafði áður útvalið, oss, sem átum og drukkum með honum, eptir að hann var upprisinn frá dauðum.

Guðspjallið.

(Lúk. XXIV., 13.—35.).

Svo bar við, að þennan sama dag fóru tveir af þeim til þorps nokkurs, sem heitir Emaus; það er hjer um bil sextíu skeiðrúm frá Jerúsalem; voru þeir þá að tala sín á milli um allt það, er við hafði borið. Bar þá svo við, er þeir voru að tala um þetta og spyrja hvor annan, að sjálfur Jesús nálgaðist þá og slóst í ferð með þeim, en augu þeirra voru svo haldin, að þeir þekktu hann ekki. Þá sagði hann við þá: hvað er það, sem þið eruð að tala um ykkar á milli á leið ykkar og eruð svo hryggvir? Þá svaraði annar þeirra, sem Kleófas hjet og sagði við hann: ert þú sá eini meðal aðkomandi manna í Jerúsalem, sem ekki veizt, hvað þar á þessum dögum hefur við borið? Jesús sagði við þá: hvað er það? Þeir sögðu: hvernig farið var með Jesúm frá Nazaret, sem var spámaður og máttugur í orðum og verkum fyrir guði og öllu fólki; hvernig hinir æðstu kennimenn og höfðingjar vorir framseldu hann til dauða og krossfestu hann. En vjer hugsuðum, að hann mundi vera sá, sem frelsa ætti Ísrael; og ofan á allt þetta er í dag sá þriðji dagur, síðan þetta bar við. Auk þessa hafa nokkrar konur vorar hrætt oss, þær er árla voru við gröf hans, en fundu ekki líkið, og þóttust hafa sjeð engla, sem höfðu sagt, að hann væri lifandi; síðan fóru

nokkrir af þeim, sem með oss voru, til grafarinnar og fundu allt eins og konurnar höfðu sagt, en hann sáu þeir ekki. Þá sagði hann við þá: ó, þjer heimskir og tregir í hjarta til að trúa öllu því, sem spámennirnir hafa sagt! átti ekki Kristur að líða þetta og innganga svo í sína dýrð? Byrjaði hann þá á Móses og öllum spámönnunum og útlagði fyrir þeim allt það í ritningunum, er hljóðaði um hann. Nú tóku þeir að nálgast þorpið, sem þeir ætluðu til; ljet hann þá sem ætlaði hann lengra að fara; en þeir báðu hann innilega að vera hjá þeim og sögðu: vertu hjá oss, því að kvölda tekur og á daginn líður; fór hann þá inn í þorpið með þeim. En svo bar við, þá hann sat til borðs með þeim og hann tók brauðið, blessaði það, braut það og deildi meðal þeirra, að þá opnuðust þeirra augu, svo þeir þekktu hann, en þá hvarf hann þeim. Þá sögðu þeir hvor við annan: brann ekki hjarta okkar í okkur meðan hann talaði við okkur á veginum og útlagði fyrir okkur ritningarnar? stóðu þeir þá samstundis upp og fóru aptur til Jerúsalem; þar fundu þeir þá ellefu samansafnaða, og þá, sem með þeim voru, sem sögðu: drottinn er sannarlega upprisinn og hefur birzt Símoni; en hinir sögðu frá því, sem við hafði borið á veginum og hvernig þeir hefðu þekkt hann í því hann braut brauðið.

Á 1. sunnudag eptir páska.

Kollektan.

Almáttugi, eilífi guð! vjer biðjum: veit þú oss, að vjer, sem haldið höfum þessa páskahátíð, mættum fyrir þína náð leysast úr þrældómi syndarinnar og ná frelsi þinna barna, og með rjettri trú og kristilegum kærleika þjóna Jesú Kristi, þínum elskulega syni, drottni vorum, sem með þjer, o. s. frv.

Pistillinn.

(1. Jóh. V., 4.—12.).

Því allt, sem af guði er fætt, sigrar heiminn, og vor trú er sigurinn, sem hefur sigrað heiminn. En

hver getur sigrað heiminn nema sá, sem trúir, að Jesús sje guðs sonur? Þessi er sá, sem kom með vatni og blóði, Jesús Kristur, ekki með vatni einungis, heldur með vatni og blóði, og andinn er sá, sem vitnar, því að andinn er sannleikurinn. Því þeir eru þrír, sem vitna í heiminum: faðirinn, orðið og heilagur andi, og þessir þrír eru eitt. Og þeir eru þrír, sem vitna á jörðunni: andinn, vatnið og blóðið, og þessir þrír vitna eitt og hið sama. Ef vjer tökum manna vitnisburð gildan, þá er guðs vitnisburður meiri, því þetta er vitnisburður guðs, sem hann hefur vitnað um sinn son. Hver, sem trúir á guðs son, hefur þennan vitnisburð í sjálfum sjer; hver, sem ekki trúir guði, hefur gjört hann að lygara, af því hann hefur ekki trúað þeim vitnisburði, sem guð hefur vitnað um sinn son. Og þetta er vitnisburðurinn: að guð hefur gefið oss eilíft líf, og þetta líf er í hans syni. Sá, sem hefur soninn, hefur lífið; sá, sem ekki hefur guðs son, hefur ekki lífið.

Guðspjallið.

(Jóh. XX., 19.—31.).

En að kvöldi hins sama dags, sem var sá fyrsti í vikunni, og eptir að búið var að læsa dyrum, þar sem lærisveinarnir voru saman komnir af ótta fyrir Gyðingum, kom Jesús og stóð mitt á meðal þeirra og sagði við þá: friður sje með yður. Og í því hann talaði þetta, sýndi hann þeim hendur sínar og síðu. En lærisveinarnir urðu glaðir, þegar þeir sáu drottin. Jesús sagði þá aptur við þá: friður sje með yður; eins og faðirinn hefur sent mig, eins sendi jeg yður; og í því hann sagði þetta, blés hann á þá og sagði: meðtakið þjer heilagan anda. Hverjum, sem þjer fyrirgefið syndirnar, þeim eru þær fyrirgefnar, og hverjum, sem þjer synjið fyrirgefningar, þeim verður synjað um fyrirgefningu. En Tómas, það þýðir: tvíburi, einn af þeim tólf, var ekki með þeim, þegar Jesús kom. Þar fyrir sögðu hinir lærisveinarnir honum frá, að þeir hefðu sjeð drottin. En hann svaraði þeim: sjái jeg ekki naglaförin í hans höndum og láti fingur minn í þau og hönd mína í síðu hans, þá trúi jeg ekki. Og eptir átta daga

voru hans lærisveinar aptur inni og Tómas með þeim. Þá kom Jesús að læstum dyrum og stóð mitt á meðal þeirra og sagði: friður sje með yður. Síðan sagði hann við Tómas: kom þú hingað með fingur þinn og skoða hendur mínar; kom þú með hönd þína og legg í síðu mína og vertu ekki vantrúaður, heldur trúaður. Tómas svaraði og sagði við hann: drottinn minn og guð minn. Jesús svaraði: af því þú sást mig, Tómas, trúðir þú; en sælir eru þeir, sem ekki sjá, en trúa þó. En hjer að auki gjörði Jesús mörg önnur teikn í augsýn lærisveina sinna, sem ekki eru skrifuð í þessari bók. En þetta er skrifað, svo að þjer tryðuð, að Jesús er Kristur sonur guðs, og svo að þjer, sem trúið, hafið lífið í hans nafni.

Á 2. sunnudag eptir páska.

Kollektan.

Almáttugi, eilífi guð! sem af þinni föðurlegri náð hefur minnst vor aumra mannskepna og sett þinn eingetinn son til að gæta vor og frelsa oss frá synd og dauða, gef þú oss náð til að þekkja þennan góða hirði, leita huggunar og hælis hjá honum og af hjarta fylgja honum og hlýða hans rödd, svo vjer mættum öðlast eilíft líf, fyrir þinn eingetinn og elskulegan son, o. s. frv.

Pistillinn.

(1. Pjet. II., 21.—25.).

Því til þessa eruð þjer kallaðir, því Kristur leið einnig fyrir oss og eptirljet oss fyrirmynd til að breyta eptir, svo vjer skyldum feta í hans fótspor. Hann drýgði ekki synd, og ekki eru svik fundin í hans munni; eigi illmælti hann aptur, þó honum væri illmælt; eigi hótaði hann, þá hann leið, heldur gaf það í hans vald, sem rjettvíslega dæmir, og bar vorar syndir á sínum líkama upp á trjeð, svo vjer skyldum skilja við syndirnar og lifa rjettlætinu; fyrir hans benjar eruð þjer læknaðir. Því þjer voruð sem frávilltir sauðir, en nú hafið þjer snúið yður til hirðis og biskups yðvarra sálna.

Guðspjallið.

(Jóh. X., 11.—16.).

Jeg em góði hirðirinn; sá góði hirðir gefur líf sitt út fyrir sauðina; en leiguliðinn og sá, sem ekki er hirðir og á ekki sauðina, hann sjer úlfinn koma og yfirgefur sauðina og flýr, og úlfurinn grípur þá og tvístrar sauðunum, en leiguliðinn flýr, af því hann er leiguliði, og hirðir ekki um sauðina. Jeg em góði hirðirinn, og jeg þekki mína, og mínir þekkja mig, eins og jeg þekki föðurinn og faðirinn þekkir mig; og jeg gef út lífið fyrir sauðina. Og jeg hef aðra sauði, sem ekki eru af þessu sauðahúsi; þá byrjar mjer og að leiða, og þeir munu heyra mína raust, og þar mun verða ein hjörð og einn hirðir.

Á 3. sunnudag eptir páska.

Kollektan.

Herra guð, himneski faðir! þú lætur oss hjer í lífi þola þrautir og þjáningar með frelsara vorum, svo vjer á síðan megum með honum dýrðlegir verða. Sendu oss styrk og huggun þíns heilaga anda í krossburðinum, svo vjer treystum því fyrirheiti þíns eingetna sonar, að þjáningin vari stutta stund og að þá taki við eilíf sæla og gleði, og biðum þolgóðir þeirrar stundar, að vjer fáum að sjá hann á landi lifenda. Bænheyr oss fyrir þinn eingetinn son, drottin vorn Jesúm Krist, sem, o. s. frv.

Pistillinn.

(1. Pjet. II., 11.—20.).

Þjer ástkæru, jeg áminni yður sem gesti og útlenda, að þjer haldið yður frá holdlegum girndum, sem stríða gegn sálunni. Hegðið yður vel meðal heiðinna þjóða, svo að þeir, mitt í því þeir rógbera yður sem illgjörðamenn, vegna yðar góðverka, þegar þeir gæta grannt að, vegsami guð á tíma vitjunarinnar. Verið því undirgefnir drottins vegna sjerhverju af mönnum tilsettu yfirvaldi, hvort heldur það er konungurinn, sem hinum æðsta, eða það eru landshöfðingjarnir, sem þeim, er af honum eru sendir illgjörðamönnum til refsingar, en lofstírs þeim, sem vel breyta; því

það er vilji guðs, að þeir, sem vel breyta, niðurþaggi óviturleik heimskra manna. Sem frjálsir menn, en ekki sem þeir, er beita frelsinu vonzkunni til yfirhylmingar, heldur sem þjónar guðs, skuluð þjer alla virða, elska bræðrafjelagið, óttast guð, heiðra konunginn. Þjónustumennirnir sjeu undirgefnir drottnum sínum með mesta ótta, ekki einungis hinum góðu og sanngjörnu, heldur einnig hinum ósanngjörnu; því það er náð, ef einhver af samvizkusemi og fyrir guðs sakir umber hið mótdræga, er hann órjettilega líður. Því hver frægð er í því, að þjer fyrir misgjörða sakir högg líðið? En ef þjer, þegar þjer breytið vel, líðið illt og eruð þolinmóðir, það (ávinnur sjer) náð hjá guði.

Guðspjallið.

(Jóh. XVI., 16.—23.).

Innan skamms munuð þjer ekki sjá mig, og innan skamms munuð þjer sjá mig aptur, því jeg fer til föðursins. Þá sögðu nokkrir af hans lærisveinum hver við annan: hvað er þetta, sem hann segir við oss: innan skamms munuð þjer ekki sjá mig, og svo munuð þjer innan skamms sjá mig aptur; og þetta: jeg fer til föðursins? Þeir sögðu því: hvað er þetta, sem hann segir: innan skamms? vjer skiljum ekki það, sem hann talar. Jesús varð þess þá var, að þeir vildu spyrja hann, og sagði við þá: þjer spyrjizt á um það, að jeg sagði: innan skamms munuð þjer ekki sjá mig, og aptur munuð þjer sjá mig innan skamms. Sannlega, sannlega segi jeg yður: þjer munuð sýta og gráta, en heimurinn mun fagna; þjer munuð verða hryggvir, en yðar hryggð mun snúast í fögnuð. Konan, þegar hún fæðir, þá hefur hún hryggð, því hennar tími er kominn; en þegar hún hefur barnið fætt, minnist hún ekki framar harmkvælisins fyrir fagnaðarsakir, því að maður er í heiminn borinn; eins hafið þjer nú að sönnu hryggð, en jeg mun sjá yður aptur, og yðar hjarta mun fagna, og yðvarn fögnuð tekur enginn frá yður. Og á þeim degi munuð þjer mig einkis spyrja.

Á bænadaginn.

Kollektan.

Miskunnsami guð, himneski góði faðir! hjá þjer er mikil fyrirgefning, og þú miskunnar öllum, sem af hjarta iðrast syndanna. Vjer biðjum þig af öllu hjarta, fyrirgef oss í Jesú nafni allar vorar syndir og yfirsjónir, og gef oss þína náð til þess, að vjer mættum í dag og alla tíma hverfa frá öllu ranglæti og snúa oss til þín af öllu hjarta, svo vjer áköllum þig í rjettri trú og trausti og berum ávexti iðrunarinnar og megum í dauðanum öðlast eilíft líf, fyrir þinn eingetinn og elskulegan son, o. s. frv.

Pistillinn.

(Esaj. LV., 6.—7.).

Leitið drottins, meðan hann er að finna; kallið á hann, meðan hann er nálægur. Hinn óguðlegi láti af sinni breytni og illvirkinn af sinni hugsun og snúi sjer til drottins, þá mun hann miskunna honum, og til vors guðs, því hann er fús á að fyrirgefa.

Guðspjallið.

(Matt. III., 8.—10.).

Berið þess vegna þann ávöxt, er sambjóði betruðu hugarfari. Segið ekki af sjerþótta með sjálfum yður: vjer eigum Abraham fyrir föður; því trúið mjer, að máttugur er guð að vekja Abrahami börn af steinum þessum; því nú þegar ríður öxin að rótum trjánna, og mun þá hvert það trje, sem ekki ber góðan ávöxt, upphöggvið verða og í eld kastað.

Á 4. sunnudag eptir páska.

Kollektan.

Herra guð, himneski faðir! sem fyrir munn þíns eingetins sonar hjezt að senda oss heilagan anda, svo að hann sannfærði heiminn um syndina, rjettlætið og dóminn: láttu hann kenna oss, að þekkja syndir vorar og iðrast þeirra af öllu hjarta í stöðugri og lifandi trú á Jesúm Krist vorn drottin, sem, o. s. frv.

Pistillinn.

(Jak. I., 17.—21.).

Öll góð og öll fullkomin gjöf er ofan að, og kemur niður frá föður ljósanna, hjá hverjum hvorki er umbreyting nje umbreytingarskuggi. Eptir sínu ráði fæddi hann oss með sannleikans orði, svo að vjer skyldum vera frumgróði hans skepna. Þess vegna, bræður mínir elskulegir, sje hver maður fús til að læra, seinn til að kenna, seinn til reiði, því reiði mannsins vinnur ekki það, sem rjett er fyrir guði. Afleggið því allan hroðaskap og gnægð illskunnar og meðtakið orðið með hógværð, sem í yður er gróðursett og sem megnar að frelsa yðar sálir.

Guðspjallið.

(Jóh. XVI., 5.—15.).

Jesús sagði til sinna lærisveina: En nú fer jeg til hans, sem mig sendi, og enginn yðar spyr mig: hvert fer þú? Heldur hefur hryggð uppfyllt yðar hjarta, af því jeg talaði þetta. En jeg segi yður sannleikann: það er yður til góðs, að jeg fari hjeðan; því fari jeg ekki, mun huggarinn ekki koma til yðar, en þegar jeg er farinn, mun jeg senda hann til yðar. Og þegar hann kemur, mun hann sannfæra heiminn um synd og um rjettlæti og um dóm; um synd, af því þeir trúa ekki á mig; en um rjettlæti, af því jeg fer til föðursins og þjer sjáið mig ekki lengur; en um dóm, af því höfðingi þessa heims er dæmdur. Jeg hef enn margt að segja yður, en þjer getið ekki borið það að sinni; en þegar hann, sá sannleikans andi, kemur, mun hann leiða yður í allan sannleika, því hann mun ekki tala af sjálfum sjer, heldur mun hann tala það, sem hann heyrir og kunngjöra yður hið ókomna. Hann mun vegsama mig, því af mínu mun hann taka og kunngjöra yður. Allt það, sem faðirinn hefur, það er mitt; því sagði jeg, að hann mundi af mínu taka og kunngjöra yður.

Á 5. sunnudag eptir páska.

Kollektan.

Almáttugi, eilífi guð! Þú hefur heitið oss því, að hvers vjer biðjum þig í nafni þíns eingetna sonar, það viljir þú veita oss; æ, kenn þú oss að biðja rjettilega, haltu oss stöðugum við þitt heilaga orð og láttu þinn anda stýra oss og stjórna eptir þínum vilja. Veittu oss þinn frið og þína blessun, svo vjer ætíð verðum varir við þína náð, og nú og að eilífu lofum og vegsömum þig, miskunnsami guð og faðir, fyrir þinn eingetinn og elskulegan son, Jesúm Krist vorn drottin, sem, o. s. frv.

Pistillinn.

(Jak. I., 22.—27.)

En verðið orðsins gjörendur og ekki einungis heyrendur, því með því svíkið þjer yður sjálfa. Því sje einhver orðsins heyrari og ekki gjörari, sá er líkur þeim manni, sem skoðar sinn meðfædda andlits-skapnað í spegli; hann skoðaði sig að sönnu, en þá hann var burt genginn, gleymdi hann jafnskjótt, hvílíkur hann var. En sá, sem skyggnist inn í hið fullkomna frelsislögmál og heldur sjer föstum við það, er ekki gleyminn heyrari, heldur gjörningsins gjörari, og hann mun verða sæll af breytni sinni. Þykist einhver yðar á meðal guðrækinn og hefur ekki taumhald á tungu sinni, en tælir sitt eigið hjarta, hans guðrækni er fánýt. Hrein og óflekkuð guðsdýrkan fyrir guði og föður er sú: að vitja munaðarlausra og ekkna í þeirra þrengingu og að varðveita sjálfan sig flekklausan frá heiminum.

Guðspjallið.

(Jóh. XVI., 23.—30.).

Jesús sagði til lærisveina sinna: Sannlega, sannlega segi jeg yður: hvers þjer biðjið föðurinn í mínu nafni, það mun hann veita yður. Hingað til hafið þjer einkis beðið í mínu nafni; biðjið, og þjer munuð öðlast, svo að yðar fögnuður sje fullkominn. Þetta hef jeg talað til yðar í orðskviðum; sá tími kemur, að jeg mun ekki lengur tala við yður í orðskviðum, heldur mun jeg berlega segja yður af föðurnum; á þeim tíma

munuð þjer biðja í mínu nafni; og ekki segi jeg yður, að jeg muni biðja föðurinn fyrir yður, því sjálfur faðirinn elskar yður, af því þjer hafið elskað mig og hafið trúað, að jeg sje kominn frá guði. Jeg em útgenginn frá föðurnum og kominn í heiminn; jeg mun aptur yfirgefa heiminn og fara til föðursins. Lærisveinar hans segja við hann: sjá, nú talar þú berlega og mælir engan orðskvið. Nú vitum vjer, að þú veizt allt og þarft þess ekki, að nokkur spyrji þig; þess vegna trúum vjer, að þú sjert frá guði kominn.

Á uppstigningardag.

Kollektan.

Almáttugi, eilífi guð! vjer biðjum: veittu oss, að vjer, sem trúum, að þinn eingetinn sonur, Jesús Kristur, sje uppstiginn til himins, megum einnig þangað keppa og ætið í huga og hjarta hafa umgengni vora á himnum, svo vjer fáum eiliflega að vera hjá þjer og honum í þínu dýrðarríki. Bænheyr oss fyrir þinn eingetinn elskulegan son, Jesúm Krist, vorn drottin, sem, o. s. frv.

Pistillinn.

(Post.gb. I., 1.—11.).

Fyrri frásögnina samdi jeg, Teófílus! um allt, sem Jesús gjörði og kenndi allt til þess dags, er hann var upp numinn, eptir að hann hafði fyrir heilagan anda boðorð gefið postulunum, sem hann hafði útvalið, sem hann og birtist lifandi eptir písl sína með mörgum órækum kennimerkjum, þar eð hann ljet þá sjá sig í fjörutíu daga og talaði við þá um það, sem heyrir til guðs ríkis. Nú er hann eitt sinn var saman við þá, skipaði hann þeim, að fara ekki burt úr Jerúsalem, heldur bíða eptir fyrirheiti föðursins, sem þjer, sagði hann, hafið heyrt mig tala um. Því Jóhannes skírði með vatni, en þjer skuluð skírðir verða með heilögum anda ekki mörgum dögum eptir þennan. Þegar þeir voru saman komnir, spurðu þeir hann og sögðu: ætlarðu, herra, á þessum dögum að endurreisa Israelsríki? Hann svaraði þeim: það er ekki yðar að vita tíðir eða

tíma, sem faðirinn hefur sett í sjálfs síns vald; en þjer skuluð öðlast krapt heilags anda, sem yfir yður kemur, og þjer skuluð mínir vottar vera í Jerúsalem og í öllu Gyðingalandi og í Samaría og til jarðarinnar endimarka. Í því hann sagði þetta, varð hann uppnuminn, að þeim ásjáandi, og ský nam hann frá augum þeirra. Nú sem þeir störðu til himins, þá hann fór frá þeim, sjá, þá stóðu tveir menn hjá þeim í hvítum klæðnaði; þeir sögðu: Galíleisku menn, hví standið þjer og horfið til himins? Þessi Jesús, sem uppnuminn er frá yður til himins, mun koma á sama hátt og þjer sáuð hann fara til himins.

Guðspjallið.

(Mark. XVI., 14.—20.).

Síðast ljet hann þá ellefu sjá sig, þá þeir sátu undir borðum, og bar hann þeim þá á brýn trúarleysi þeirra og hjartans harðúð, að þeir hefðu ekki viljað trúa þeim, er höfðu sjeð hann upprisinn. Og hann sagði þá við þá: farið út um allan heim og kunngjörið gleðiboðskapinn allri skepnu. Sá, sem trúir og verður skírður, mun hólpinn verða, en sá, sem ekki trúir, mun fordæmast. En þessar dásemdir skulu fylgja þeim, er trúa: þeir skulu í mínu nafni djöfla útreka, tala nýjum tungum, taka upp höggorma; ef þeir drekka eitthvað banvænt, þá skal það þeim ekki granda; yfir sjúka skulu þeir hendur leggja, og mun þeim þá batna. Nú er drottinn hafði endað tal sitt við þá, varð hann uppnuminn til himins og settist til guðs hægri handar. En þeir fóru út og kunngjörðu lærdóminn alstaðar, og var drottinn í verki með þeim og staðfesti lærdóminn með táknum, er honum fylgdu.

Á 6. sunnudag eptir páska.

Kollektan.

Almáttugi, eilífi guð! sendu oss þinn heilaga anda, svo vjer getum vitnað um frelsara vorn, Jesúm Krist, í hugsunum, orðum og verkum, og verðum hans sannir lærisveinar og þín elsku-

leg börn, fyrir verðskuldun þíns eingetna sonar, drottins vors Jesú Krists, sem, o. s. frv.

Pistillinn.

(1. Pjet. IV., 7.—11.).

Hegðið yður því skynsamlega og verið árvakrir til bæna; en umfram alla hluti hafið innilega elsku hver til annars, því elskan mun hylja fjölda synda. Verið gestrisnir innbyrðis án möglunar. Hver þjóni öðrum eptir þeirri gáfu, sem hann hefur þegið, eins og góðir ráðsmenn margvíslegrar guðs náðar. Sá, sem kennir, (kenni) eins og guðs orð. Sá, sem þjónustu hefur á hendi, gæti hennar eptir þeim mætti, sem guð gefur honum, svo að guð í öllum greinum vegsamist fyrir Jesúm Krist og hans sje dýrðin og mátturinn um aldir alda, amen.

Guðspjallið.

(Jóh. XV., 26.—27.; XVI., 1.—4.).

En þegar huggarinn kemur, sem jeg mun senda yður frá föðurnum, sá sannleiksins andi, sem framgengur af föðurnum, hann mun vitna um mig; en þjer munuð og vitna um mig, því þjer hafið frá upphafi með mjer verið. Þetta sagði jeg yður, svo að þjer hneykslduzt ekki: þeir munu gjöra yður samkunduræka; já, sá tími mun koma, að hver, sem líflætur yður, mun þykjast gjöra guði þægt verk, og þetta munu þeir gjöra, af því þeir þekkja hvorki föðurinn nje mig. En þetta sagði jeg yður, svo að þjer minnizt þess, þegar að því kemur, að jeg sagði yður það; en jeg sagði yður þetta ekki í upphafi, því jeg var með yður.

Á hvítasunnudag.

Kollektan.

Almáttugi, eilífi guð, sem á þessum degi upplýstir hjörtu þinna helgu postula og annara trúaðra með þínum heilaga anda, láttu hann einnig leiða oss í allan sannleika, svo vjer sjáum, hvað til vors friðar heyrir og gleðjumst af hans huggun bæði í lífi og dauða. Fyrir, o. s. frv.

Pistillinn.

(Post.gb. II., 1.—11.).

En er hvítasunnudagurinn kom, voru þeir allir með einum huga til samans. Og þar varð skyndilega þytur frá himni, eins og aðdynjanda sterkviðris, og fyllti allt húsið, sem þeir sátu í. Og þeir sáu tungur, eins og af eldi væru, er kvísluðust og settu sig yfir sjerhvern þeirra; og þeir urðu allir fullir af heilögum anda og tóku að tala annarlegum tungum, eins og andinn gaf þeim að tala. En í Jerúsalem bjuggu Gyðingar, guðræknir menn, af alls konar þjóðum undir himninum. Þá nú þessi hvinur varð, kom mannfjöldinn saman, og honum brá mjög við, því hver einn heyrði þá tala hans mál; urðu þá allir svo sem frá sjer og undruðust, segjandi hver við annan: sjá, eru ekki allir þessir, sem tala, úr Galílea? Og hvernig heyrir þá hver af oss sitt móðurmál? Partar, Medar, Elamítar, vjer, sem heima eigum í Mesopótamía, Júdea, Kappadosía, Pontus og Asía, í Frygía og Pamfylía, Egyptalandi og Líbýu-byggðum í nánd við Sýrene, vjer Rómverjar, hjer búsettir, Gyðingar og vjer, sem Gyðingar höfum gjörzt, Kretar og Arabar, vjer heyrum þá tala á vorar tungur um guðs stórmerki.

Guðspjallið.

(Jóh. XIV., 23.—31.).

Jesús sagði til eins af sínum lærisveinum: sá, sem elskar mig, hann mun varðveita mitt orð, og faðir minn mun elska hann, og til hans munum við koma og taka okkur bústað hjá honum. Sá, sem ekki elskar mig, hann varðveitir ekki mín orð, og það orð, sem þjer heyrið, er ekki mitt, heldur föðursins, sem mig sendi. Þetta hef jeg talað við yður, meðan jeg var hjá yður; en huggarinn, sá heilagi andi, sem faðirinn mun senda í mínu nafni, mun kenna yður allt og minna yður á allt, sem jeg hef talað við yður. Frið læt jeg eptir hjá yður, minn frið gef jeg yður; ekki eins og heimurinn gefur gef jeg yður. Hjarta yðar skelfist ekki nje hræðist. Þjer heyrðuð, að jeg sagði yður: jeg fer burt og kem til yðar aptur; ef þjer elskuðuð mig, þá

gleddust þjer af því, að jeg fer til föðursins, því faðirinn er mjer meiri. Og nú hef jeg sagt yður það, áður en það kemur fram, svo að þjer trúið því, þegar það kemur fram. Hjer eptir mun jeg ekki tala margt við yður, því að höfðingi þessa heims kemur, og í mjer hefur hann ekkert. En svo að heimurinn viti, að jeg elska föðurinn og að jeg gjöri eins og faðirinn hefur mjer boðið, þá standið upp, látum oss fara hjeðan.

Á annan hvítasunnudag.

Kollektan.

Herra guð, himneski faðir, þú, sem af þinni föðurlegu elsku gafst oss þinn eingetinn son, svo vjer skyldum trúa á hann og fyrir hann sáluhólpnir verða, sendu heilagan anda þinn í vor hjörtu, svo vjer fáum staðið stöðugir í trúnni allt til enda og öðlazt hið eilífa lífið. Fyrir þinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(Post.gb. X., 42.—48.).

Þá lauk Pjetur upp munni sínum og sagði: drottinn bauð oss að kunngjöra fólkinu og vitna, að hann sje af guði útvalinn dómari lifenda og dauðra. Um þennan vitna allir spámenn, að fyrir hans nafns sakir fái hver, sem á hann trúir, synda-kvittun. Áður en Pjetur hafði úttalað þessi orð, fjell heilagur andi yfir alla þá, sem ræðuna heyrðu. Þá undruðust hinir trúuðu, sem voru af umskurninni, og sem komið höfðu með Pjetri, að yfir heiðingja skyldi líka úthellast gjöf heilags anda; því þeir heyrðu þá tala tungum og vegsama guð. Pjetur tók þá til orða: getur nokkur varnað þeim vatnsins, að þeir skírist ekki, sem meðtekið hafa heilagan anda, eins og vjer? Og hann bauð, að skíra þá í nafni drottins.

Guðspjallið.

(Jóh. III., 16.—21.).

Svo elskaði guð heiminn, að hann gaf sinn eingetinn son, til þess að hver, sem á hann trúir, ekki glatist, heldur hafi eilíft líf. Því ekki sendi guð sinn

son í heiminn til að dæma heiminn, heldur til þess að heimurinn frelsaðist fyrir hann. Hver, sem á hann trúir, dæmist ekki, en hver, sem ekki trúir, sá er nú þegar dæmdur, því hann trúði ekki á nafn guðs eingetins sonar. En þessi er dómurinn: ljósið kom í heiminn, og mennirnir elskuðu myrkrið meir en ljósið, því þeirra verk voru vond. Því hver, sem illt aðhefst, hatar ljósið og kemur ekki til ljóssins, svo verk hans verði ekki uppvís. En sá, sem sannleikann gjörir, hann kemur til ljóssins, svo verk hans verði opinber, því þau eru í guði gjörð.

Á trínitatis hátíð.

Kollektan.

Almáttugi, eilífi guð, sem hefur kennt oss þjónum þínum í játningu sannrar trúar, að þekkja eilífa dýrð þrenningarinnar, og að tilbiðja alveldis einingu þinnar eilífu hátignar, styrk þú trú vora með þínum anda og veittu oss náð til þess, að ganga eptir andanum og verða að nýjum og betri mönnum, svo vjer verðum hæfilegir fyrir eilíft líf og eilífa sælu. Fyrir Jesúm Krist, o. s. frv.

Pistillinn.

(Róm. XI., 33.—36.).

Ó þá dýpt ríkdóms, speki og þekkingar guðs! Hversu óskiljanlegir eru dómar hans og órekjandi vegir hans! Því að hver hefur þekkt sinni drottins? eða hver hefur verið hans ráðgjafi? Eða hver hefur að fyrra bragði gefið honum, svo að hann eigi laun skilin? Því að frá honum og fyrir hann og til hans eru allir hlutir. Honum sje dýrð um aldir, amen.

Guðspjallið.

(Jóh. III., 1.—15).

En þar var maður nokkur af flokki Farísеanna, er hjet Nikódemus, einn af höfðingjum Gyðinga. Hann kom til Jesú um nótt og sagði við hann: Meistari, vjer vitum, að þú ert lærifaðir, kominn frá guði, því enginn getur gjört þau jarteikn, sem þú gjörir, nema

guð sje með honum. Jesús svaraði og sagði við hann: sannlega, sannlega segi jeg þjer: maðurinn getur ekki sjeð guðs ríki, nema hann endurfæðist. Nikódemus segir við hann: hvernig getur maður fæðzt, þá hann er orðinn gamall? getur hann aptur komizt í kvið móður sinnar og fæðzt? Jesús svaraði: sannlega, sannlega segi jeg þjer, ef maðurinn fæðist ekki af vatni og anda, getur hann ekki fengið inngöngu í guðs ríki. Það, sem af holdi er fætt, það er hold, og það, sem af andanum er fætt, það er andi. Undrast þú ekki, að jeg sagði þjer: yður byrjar að endurfæðast. Vindurinn blæs, þar sem hann vill, og þú heyrir hans þyt, en ekki veiztu, hvaðan hann kemur eða hvert hann fer; eins er því varið með hvern, sem af andanum er fæddur. Nikódemus svaraði og sagði við hann: hvernig má þetta verða? Jesús svaraði og sagði við hann: ertu lærimeistari Gyðinga, og veizt ekki þetta? Sannlega, sannlega segi jeg þjer: vjer tölum það, sem vjer vitum, og vitnum það, sem vjer sjeð höfum, og vorn vitnisburð meðtakið þjer ekki. Ef þjer trúið mjer ekki, þegar jeg segi yður jarðneska hluti, hvernig munuð þjer þá trúa, ef jeg segi yður himneska hluti? Enginn hefur stigið upp til himins, nema sá, sem niður stje af himni, mannsins son, sem er á himni. Og eins og Móses upphóf höggormínn á eyðimörkinni, eins á mannsins sonur að verða upphafinn, til þess að hver, sem á hann trúir, ekki glatist, heldur hafi eilíft líf.

Á 1. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Ó, herra guð! sem ert styrkur allra þeirra, sem á þig vona, kenn þú oss að meta rjett þínar tímanlegu gáfur og verja þeim eptir þínum vilja, svo vjer aldrei festum við þær hugi vora nje hjörtu, nje gleymum þjer, gjafaranum allra góðra hluta, og þeim eilífu gæðum, sem þú hefur oss heitið. Fyrir þinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(1. Jóh. IV., 16.—21.).

Guð er kærleikurinn, og hver, sem er stöðugur í

kærleikanum, sá er stöðugur í guði og guð í honum. Í því sýnir sig, að elskan með oss er fullkomin, að vjer höfum djörfung á degi dómsins; því að eins og hann er, eins erum vjer einnig í heimi þessum. Ótti er ekki í elskunni, heldur útrekur fullkomin elska óttann, því að óttinn hefur kvöl, en sá, sem óttast, er ekki fullkominn í elskunni. Elskum hann, því hann hefur elskað oss að fyrra bragði. Ef einhver segir: jeg elska guð, og hatar bróður sinn, sá er lygari; því hver, sem ekki elskar bróður sinn, sem hann hefur sjeð, hvernig getur hann elskað guð, sem hann hefur ekki sjeð? Og þetta boðorð höfum vjer af honum: að sá, sem elskar guð, eigi einnig að elska bróður sinn.

Guðspjallið.

(Lúk. XVI., 19.—31.).

Jesús sagði við Faríseana: Það var einu sinni ríkismaður, sem klæddist purpura og dýrindis líni og lifði hvern dag í dýrðlegum fagnaði. En fyrir dyrum hans lá fátækur maður, er Lazarus hjet, hlaðinn kaunum; hann girntist að seðja sig af molum þeim, er fjellu af borðum hins ríka; og jafnvel hundar komu og sleiktu sár hans. En svo bar við, að hinn fátæki dó og var borinn af englum í faðm Abrahams; sömuleiðis dó hinn ríki og var grafinn. En er hann var í helvítis kvölum, þá hóf hann upp augu sín og sá Abraham álengdar og Lazarus í faðmi hans. Þá kallaði hann og sagði: faðir Abraham, miskunna þú mjer og send Lazarus, að hann dýfi fingurgómi sínum í vatn og kæli tungu mína, því jeg kvelst í þessum loga. En Abraham sagði: minnstu þess, sonur, að þú nauzt hins góða í lífinu, en Lazarus hins vonda; því verður hann nú huggaður, en þú kvalinn. Auk alls þessa er á meðal vor og yðar mikið djúp staðfest, svo hvorki þeir, sem vilja hjeðan til yðar, eða frá yður til vor, geta komizt yfir. Þá sagði hann: þá bið jeg þig, faðir, að þú sendir hann í hús föður míns, því jeg á fimm bræður, svo að hann vari þá við, að ekki komi þeir líka í þennan kvalastað. Þá sagði Abraham: þeir hafa Móses og spámennina; hlíði þeir þeim. En hann sagði:

nei, faðir Abraham, heldur ef einhver framliðinna kæmi til þeirra, þá mundu þeir bæta ráð sitt. Þá svaraði Abraham: ef þeir ekki vilja hlýðnast Móses og spámönnunum, munu þeir ekki heldur trúa, þótt einhver framliðinn upprísi.

Á 2. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Herra guð, himneski faðir! vjer þökkum þjer fyrir þá miklu náð, sem þú hefur auðsýnt oss með því að kalla oss til eilífs lífs og eilífrar sælu; virztu að hræra hjörtu vor með þínum anda, svo vjer hlýðum þínu heilaga orði með andakt og eptirtekt, og látum aldrei hina stundlegu hluti aptra oss frá því, að leita þíns ríkis og þíns rjettlætis. Fyrir þinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(1. Jóh. III., 13.—18.).

Undrizt ekki, bræður mínir, þótt heimurinn hati yður. Vjer vitum, að vjer erum komnir úr dauðanum til lífsins, af því vjer elskum bræðurna; hver, sem ekki elskar bróður sinn, hann er enn í dauðanum. Hver, sem hatar bróður sinn, er manndrápari; en þjer vitið, að enginn manndrápari hefur eilífa lífið í sjer varanda. Af því þekkjum vjer kærleikann, að hann gaf sitt líf út fyrir oss; eins erum vjer skyldugir að láta lífið fyrir bræðurna. En sá, sem hefur þessa heims auðæfi og sjer bróður sinn líða neyð og apturlykur sínu hjarta fyrir honum, hvernig getur elskan til guðs verið staðföst með honum? Börn mín, elskum ekki með orði og tungu, heldur í verki og sannleika.

Guðspjallið.

(Lúk. XIV., 16.—24.).

Jesús sagði til eins af Faríseunum þessa eptirlíkingu: Maður nokkur bjó til mikla kvöldmáltíð og bauð þangað mörgum; og þegar matmáls tími var kominn, sendi hann þjón sinn að segja þeim til, er boðnir voru, að þeir skyldu koma, því allt væri til reiðu; en þeir tóku til að afsaka sig allir í einu hljóði. Hinn fyrsti sagði: jeg hef keypt mjer akur, og er mjer því

nauðsyn á að fara og skoða hann; jeg bið þig, afsaka mig. Annar sagði: fimm pör akneyta keypti jeg, fer jeg nú út að reyna þau; jeg bið þig, afsaka mig. Hinn þriðji sagði: konu hef jeg mjer festa, og get jeg þess vegna ekki komið. Þjónninn fór og kunngjörði húsbónda sínum allt þetta; þá reiddist húsbóndinn og sagði við þjón sinn: far þú skjótlega út á stræti og götur borgarinnar og fær þú hingað volaða, vanaða, halta og blinda. Þjónninn sagði: jeg hef gjört það, sem þú bauðst, herra, en þar er enn nú meira rúm. Þá sagði húsbóndinn við hann: far þú út á stigu og þjóðvegi og þrýstu þeim til að koma, svo að hús mitt verði fullt; því jeg segi yður, að enginn þeirra manna, er boðnir voru, skal smakka mína máltíð.

Á 3. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Himneski, góði guð og faðir! vjer erum allir villuráfandi sauðir, og höfum yfirgefið hinn rjetta lífsins veg. Æ, vertu oss náðugur, og fyrirgef oss í Jesú nafni allar vorar syndir og yfirsjónir; vek þú hjörtu vor til iðrunar og apturhvarfs, og haltu oss stöðuglega við þig, þangað til vjer fáum inntöku í þitt himneska dýrðarríki. Fyrir þinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(1. Pjet. V., 6.—11.).

Leggið yður því undir guðs volduga hönd, svo að hann á (sínum) tíma upphefji yður. Varpið allri yðar áhyggju upp á hann, því hann ber umhyggju fyrir yður. Verið gætnir; vakið, því að yðar mótstandari, djöfullinn, gengur um kring sem öskrandi ljón, leitandi að þeim, sem hann geti gleypt. Mótstandið honum stöðugir í trúnni og vitið, að bræður yðar í heiminum verða fyrir sömu neyð. En guð allrar náðar, sem yður hefur kallað til sinnar eilífu dýrðar í Jesú Kristi, eptir að þjer þjázt hafið um lítinn tíma, hann fullkomni yður, styrki, efli og staðfesti; hans er dýrðin og valdið um aldir alda, amen.

Guðspjallið.

(Lúk. XV., 1.—10.).

En allir tollheimtumenn og bersyndugir nálguðust Jesúm, til að heyra kenningu hans; en Farísear og skriptlærðir ömuðust við því og sögðu: þessi tekur að sjer bersynduga og hefur samneyti við þá. Þá sagði Jesús þeim þessa dæmisögu: Hver er sá af yður, er á hundrað sauði og týnir einum af þeim, að hann ekki skilji þá níu og níutíu eptir í eyðimörku og fari að leita þess, er týndur var, þangað til hann finnur hann? og þegar hann hefur fundið hann, leggur hann hann með gleði á herðar sjer, og nær hann er heim kominn, kallar hann saman vini sína og nágranna, og segir við þá: samgleðjizt mjer, því jeg hef minn sauð aptur fundið, sem jeg týndi. Jeg segi yður, þannig mun verða meiri gleði á himnum yfir einum syndugum, sem bætir ráð sitt, en yfir níutíu og níu rjettlátum, er ekki þurfa yfirbótar við. Eða hver er sú kona, sem á tíu peninga, og týni hún einum, að hún ekki kveyki ljós, sópi húsið og leiti vandlega, þangað til hún finnur hann? og þegar hún hefur fundið hann, kallar hún á vinkonur sínar og grannkonur, og segir: samgleðjizt mjer, því jeg hef minn pening aptur fundið, sem jeg týndi. Þannig segi jeg yður, að englar guðs munu gleðjast yfir einum syndugum, sem bætir ráð sitt.

Á 4. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Herra guð, himneski faðir! þú, sem af einskærri náð fyrirgefur oss vorar syndir vegna Jesú Krists, frelsara vors og drottins, æ, láttu oss jafnan treysta þinni miskunnsemi af öllu hjarta og auðsýna náunga vorum vægð og bróðurlegan kærleika; kenn þú oss að prófa og dæma oss sjálfa, svo vjer komum ekki til dómsins, heldur förum frá dauðanum til lífsins. Fyrir þinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(Róm. VIII., 18.—23.).

Því jeg hygg, að mótlætingar þessa tíma sjeu ekki

jafnvægi þeirrar dýrðar, sem við oss mun opinber verða; því eptirvænting skepnunnar þráir opinberun guðs barna. Því að skepnan er undirorpin hjegómanum, ekki viljug, heldur vegna hans, sem varp henni undir hann, í von um, að jafnvel sjálf skepnan muni verða leyst úr ánauð forgengilegleikans til dýrðlegs frelsis guðs barna. Því vjer vitum, að öll skepnan til samans stynur og hefur fæðingarhríðir allt til þessa, og ekki einungis hún, heldur og þeir, sem hafa frumgróða andans, og vjer sjálfir stynjum með oss, bíðandi eptir sonaútvalningunni, endurlausn vors líkama.

Guðspjallið.

(Lúk. VI., 36.—40.).

Jesús sagði við sína lærisveina: Verið miskunnsamir, eins og faðir yðar og er miskunnsamur, og dæmið ekki, svo þjer verðið ekki dæmdir. Sakfellið eigi, svo að þjer eigi verðið sakfelldir. Fyrirgefið, þá mun yður fyrirgefið verða. Gefið, svo mun yður gefast; góður mælir, troðinn, skekinn og fleytifullur mun yður gefinn verða; því með sama mæli og þjer mælið öðrum, mun yður aptur mælt verða. En hann sagði þeim dæmisögu: hvort fær blindur vísað blindum veg? munu þeir ekki báðir falla í gryfju? Lærisveinninn er ekki fyrir sínum lærimeistara; en sá, sem er fullnuma, er eins og lærimeistari hans. Hvernig fær þú sjeð flísina í auga bróður þíns, en gætir ekki þess bjálkans, sem er í þínu eigin auga? Eða hvernig fær þú sagt við hann: bróðir, lát þú mig taka flísina úr auga þjer, meðan þú gefur ekki gaum að bjálkanum í þínu eigin auga? Þú, hræsnari, drag þú fyrst bjálkann úr þínu eigin auga, og sjáðu síðan til, að þú fáir dregið flísina úr auga bróður þíns.

Á 5. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Herra guð, himneski faðir! óteljandi eru þær velgjörðir, sem þú veitir oss af ríkdómi þinnar náðar; en vjer megum angraðir

játa, að vjer erum minni allri miskunn og trúfesti þinni; fyrirgef oss í Jesú nafni allar syndir vorar og yfirsjónir; gjör þú oss hæfilega fyrir ástgjafir þínar og innrættu hjá oss löngun til að þóknast þjer og fylgja þínum boðum. Fyrir þinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(1. Pjet. III., 8.—15.).

Í einu orði: verið samhuga, meðaumkunarsamir, bróðurlega sinnaðir, miskunnsamir, ljúflyndir. Gjaldið ekki illt með illu, smánaryrði með smánarorðum, heldur þvert á mót blessið, með því þjer vitið, að þjer eruð til þess kallaðir, að þjer skuluð blessunina öðlast. Því sá, sem ann lífi sínu og vill sjá góða daga, haldi tungu sinni frá vondu og vörum sínum frá sviksamlegu tali, sneiði sig hjá illu og gjöri gott, stundi friðsemi og gjöri sjer far um það. Því augu drottins líta til hinna rjettlátu, og hans eyru hneigjast til þeirra bæna, en auglit drottins er gegn þeim, sem vont aðhafast. Og hver mun yður geta grandað, ef þjer leitið þess, sem gott er? En þó þjer illt líðið fyrir rjettlætisins sakir, eruð þjer samt sælir. Hræðizt ekki þeirra ógnanir og skelfizt eigi fyrir þeim, heldur dýrkið drottinn guð í yðar hjörtum.

Guðspjallið.

(Lúk. V., 1.—11.).

Einhverju sinni bar svo við, er fólkið þrengdist að honum, til að heyra guðs orð, en hann stóð við vatnið Genezaret, að hann leit tvö skip við vatnið, en fiskimennirnir voru farnir í land, og voru að þvo net sín, fór hann þá út á annað skipið, sem Símon átti, og bað hann að leggja lítið frá landi; settist hann þá niður og kenndi fólkinu af skipinu; en er hann hætti að kenna, sagði hann við Símon: legg þú út á djúpið, og leggið net yðar til fiskidráttar. Og Símon svaraði og sagði við hann: meistari, vjer höfum setið í alla nótt og ekkert fiskað; en eptir þínu orði vil jeg leggja netið. Þeir gjörðu svo; kom þá svo mikill fiskur í netið, að það rifnaði; þá bentu þeir fjelögum sínum á hinu skipinu, að þeir kæmu þeim til liðs; þeir komu og sökkhlóðu bæði skipin. En þegar Símon Pjetur sá þetta, fjell

hann til fóta Jesú og sagði: far þú frá mjer, herra, því jeg er maður syndugur; því felmtur var kominn yfir hann og alla þá, sem með honum voru, af þeim mikla afla, sem þeir höfðu fengið, eins yfir Jakob og Jóhannes, Sebedeussonu, sem voru fjelagar hans. Þá sagði Jesús við Símon: óttast þú ekki, hjeðan í frá skaltu menn veiða. Drógu þeir síðan skip sín á land, yfirgáfu allt, og fylgdu honum.

Á 6. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Algóði, himneski guð og faðir! vjer erum sekir og syndugir, og brjótum þín boðorð margfaldlega. Vertu oss náðugur og miskunnsamur í Jesú nafni, og hreinsaðu hjörtu vor með þínum anda, svo vjer getum elskað þig um fram alla hluti og fyrirgefið mótgjörðir af hjarta. Heyr þú bæn vora fyrir þinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(Róm. VI., 3.—11.).

Eða vitið þjer ekki, að vjer, svo margir sem skírðir erum til Jesú Krists, vjer erum skírðir til hans dauða? vjer erum því greptraðir með honum fyrir skírnina til dauðans, svo að eins og Kristur uppreis frá dauðum fyrir dýrð föðursins, svo eigum vjer einnig að ganga í endurnýjungu lífsins. Því sjeum vjer orðnir samgrónir líkingu dauða hans, munum vjer einnig verða (samgrónir líkingu) upprisu hans; því að vjer vitum þetta, að vor gamli maður er með honum krossfestur, svo að líkami syndarinnar eyddist og vjer þjónum ekki syndinni framar, því sá, sem dauður er, hann er rjettlættur frá syndinni. En ef vjer erum dauðir með Kristó, þá trúum vjer því, að vjer munum einnig með honum lifa, vitandi það, að Kristur, sem er uppvakinn frá dauðum, deyr ekki framar; dauði drottnar ekki framar yfir honum; því að það hann dó, það dó hann syndinni einu sinni, en það hann lifir, lifir hann guði. Álítið svoleiðis einnig, að þjer sjálfir sjeuð dauðir syndinni, en lifið guði í Kristó Jesú vorum drottni.

Guðspjallið.

(Matt. V., 20.—26.).

Jesús sagði við sína lærisveina: Jeg segi yður, að nema yðar rjettlæti taki fram Faríseanna og hinna löglærðu, munuð þjer ekki koma í himnaríki. Þjer hafið heyrt, að það var bannað í fornöld mann að vega, en ef einhver vægi mann, skyldi hann dóms sekur; en jeg segi yður, að hver, sem reiðist bróður sínum, er dóms sekur; og hver, sem segir við bróður sinn: þú heimskingi, verður sekur eptir dómi hins mikla ráðs; en hver, sem segir: þú guðleysingi, vinnur til helvítis elds. Þar fyrir, þegar þú færir gáfu þína til altarisins, og þjer kemur þar í hug, að þú hafir eitthvað gjört á annars hluta, þá skil þar eptir gáfu þína við altarið, far burt og sæzt áður við bróður þinn, kom síðan og offra gáfu þinni. Vertu skjótur til sætta við mótstöðumann þinn, meðan þú ert enn á vegi með honum, svo að eigi afhendi hann þig dómaranum, en hann fangaverðinum, og verði þjer síðan í dýflissu kastað. Sannlega segi jeg þjer, að þú munt þaðan ekki út komast, fyr en þú hefur borgað hinn síðasta pening.

Á 7. sunnudag eptir trinitatis.

Kollektan.

Herra guð, himneski faðir! veittu oss þína náð og blessun, og gættu vor fyrir áhyggjum og sorgum þessa lífs, svo vjer fyrst af öllu leitum þíns ríkis og þíns rjettlætis, og fáum svo þína hjálp að reyna í öllu, sem vjer við þurfum bæði til lífs og sálar, fyrir þinn eingetinn og elskulegan son, Jesúm Krist, vorn drottin, sem, o. s. frv.

Pistillinn.

(Róm. VI., 19.—23.).

Jeg tala á mannlegan hátt sakir veikleika holds yðvars; því eins og þjer hafið ljeð limu yðar fyrir þjóna óhreinleikanum og ranglætinu til ranglætis, svo ljáið nú limi yðar fyrir þjóna rjettlætinu til helgunar; því þegar þjer voruð þjónar syndarinnar, þá voruð þjer

lausir við rjettlætið. Hvern ávöxt höfðuð þjer þá? Það, sem þjer nú skammizt yðar fyrir; því að endalok þess er dauði. En nú, með því þjer eruð leystir frá syndinni, en þjónið guði, þá hafið þjer ávöxt yðar til helgunar, en endalokin eilíft líf; því að laun syndarinnar er dauði, en náðargjöf guðs er eilíft líf í Jesú Kristó drottni vorum.

Guðspjallið.

(Mark. VIII., 1.—9.).

Um þessar mundir bar enn svo við, að mikill fólksfjöldi var hjá Jesú, og hafði ekkert til matar. Þá kallaði hann á lærisveina sína og sagði við þá: jeg aumkast yfir fólk þetta; það hefur nú hjá mjer verið í þrjá daga og ekkert til matar haft; en ef jeg læt þá fara frá mjer fastandi til heimila sinna, verða þeir magnþrota á veginum; því sumir af þeim voru langt að komnir. Þá svöruðu lærisveinar hans: hvaðan ætti að taka brauð til að seðja þá hjer á eyðimörku? Hann spurði þá: hversu mörg brauð hafið þjer? Þeir sögðu: sjö. Síðan bauð hann fólkinu að setjast niður á jörðina, tók þau sjö brauð, gjörði guði þakkir, braut þau, og fjekk þau síðan lærisveinum sínum, svo að þeir legðu þau fyrir fólkið. Þeir gjörðu sem þeim var boðið. Líka höfðu þeir fáeina smáfiska; hann þakkaði einnig guði fyrir þá, og bauð, að þá skyldi einnig fram bera; en þeir neyttu og urðu mettir. Síðan söfnuðu þeir matarleifunum, og voru það sjö karfir; en þeir, sem neytt höfðu, voru hjer um fjögur þúsund; og að því búnu ljet hann þá frá sjer fara.

Á 8. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Himneski góði guð og faðir! vjer þökkum þjer af öllu hjarta, að þú hefur kennt oss að þekkja þitt blessaða lífsins orð. Láttu það jafnan vera ljós á vorum vegum og lampa vorra fóta. Gæt þú vor fyrir alls konar villu og öllum falskennendum, sem koma til vor í sauðaklæðum, en hið innra eru gráðugir vargar, svo

vjer fáum staðið stöðugir allt til enda í hinni sönnu og sálu-hjálplegu trú. Fyrir þinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(Róm. VIII., 12.—17.).

Þess vegna, bræður, erum vjer ekki skuldunautar holdsins, til að lifa eptir holdinu; því að ef þjer lifið eptir holdinu, munuð þjer deyja, en ef þjer deyðið með andanum gjörðir líkamans, munuð þjer lifa. Því allir þeir, sem leiðast af guðs anda, þeir eru guðs börn; því að þjer hafið ekki fengið þrældómsanda aptur til hræðslu, heldur hafið þjer fengið sonarlegan útvalningar anda, sem vjer köllum í: Abba, faðir! sá sami andi vitnar með vorum anda, að vjer erum guðs börn; en ef vjer erum börn, þá erum vjer líka erfingjar, og það erfingjar guðs, en samarfar Krists, ef vjer líðum með honum, að vjer einnig verðum gjörðir vegsamlegir með honum.

Guðspjallið.

(Matt. VII., 15.—23.).

Jesús sagði við lærisveina sína: Gætið yðar fyrir falskennendum, sem koma til yðar í sauðaklæðum, en sem hið innra eru gráðugir vargar; af þeirra ávöxtum skuluð þjer þekkja þá. Hvort geta menn lesið vínber af þyrnum eða fíkjur af þistlum? þannig ber hvert gott trje góðan ávöxt, en vont trje vondan ávöxt. Gott trje getur ekki borið vondan ávöxt, ekki heldur vont trje góðan ávöxt. En hvert það trje, sem ekki ber góðan ávöxt, skal verða upp höggvið og í eld kastað; þar fyrir getið þjer þekkt þá af ávöxtum þeirra. Ekki munu allir þeir, sem til mín segja: herra, herra, koma í himnaríki, heldur þeir einir, sem gjöra vilja míns himneska föður. Á þeim degi munu margir segja til mín: herra, herra, höfum vjer ekki í þínu umboði kennt, rekið djöfla út og gjört mörg kraptaverk? en jeg mun segja þeim berlega: aldrei þekkti jeg yður; farið frá mjer, þjer illgjörðamenn.

Á 9. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Eilífi, algóði guð og faðir! kenn þú oss að verja rjett þeim gáfum, sem þú veitir oss af þinni náð, svo vjer reynumst trúir umboðsmenn ástgjafa þinna, og fáum, nær vjer eigum að fara hjeðan og verðum sviptir ráðsmennsku hinna stundlegu gæða, inntöku í þínar eilífu tjaldbúðir. Fyrir Jesúm Krist, þinn eingetinn og elskulegan son, o. s. frv.

Pistillinn.

(1. Kor. X., 6.—13.).

Þetta er skeð oss til viðvörunar, svo að vjer girnumst ekki hið vonda, eins og þeir girntust. Verið ekki blótmenn, eins og nokkrir þeirra voru; því skrifað er: þeir settust niður að eta og drekka og stóðu upp til leika. Hórizt ekki, eins og nokkrir þeirra, og 23 þúsundir dóu á einum degi. Freistum ekki heldur Drottins, eins og sumir af þeim gjörðu og fyrirfórust af höggormabiti. Möglið ekki, eins og nokkrir þeirra mögluðu, sem eyðandinn fyrirfór. En allt þetta kom yfir þá þeim til bendingar, og er ritað oss til viðvörunar, sem endir aldanna er kominn yfir. Sá, sem því þykist standa, gæti að sjer, að hann ekki falli. Þjer hafið ekki reynt nema mannlega freistni; en guð er trúr, er ekki mun láta yður freistast fram yfir megn, heldur gjöra þann enda á freistingunni, að þjer getið staðizt hana.

Guðspjallið.

(Lúk. XVI., 1.—9.).

Jesús sagði við lærisveina sína: Maður nokkur ríkur hafði sjer ráðsmann, þann er rægður var fyrir honum um það, að hann hefði sóað hans gózi; kallaði hann þá þennan fyrir sig og sagði við hann: hví heyri jeg þetta um þig? gjör þú reikningsskap ráðsmennsku þinnar, því þú getur ekki lengur verið ráðsmaður minn. En ráðsmaðurinn hugsaði með sjálfum sjer: hvað á jeg nú til bragðs að taka, fyrst húsbóndi minn sviptir mig ráðsmennskunni? jeg megna ekki að grafa, en skammast mín að biðja ölmusu. Sje jeg, hvað jeg skal gjöra,

svo að þeir, nær jeg verð settur frá ráðsmennskunni, skjóti skjólshúsi yfir mig. Kallaði hann þá á hvern og einn af skuldunautum húsbónda síns og sagði við hinn fyrsta: hvað mikið ert þú skuldugur húsbónda mínum? Hann sagði: hundrað tunnur viðsmjörs. Hinn mælti: tak handskript þína, set þig niður og skrifa þú skyndilega fimmtíu. Þar eptir sagði hann við annan: en hvað mikið ert þú skuldugur? Hann sagði: hundrað mælikeröld hveitis; þá sagði hann: tak þú handskript þína, og skrifa þú áttatíu. Þá hrósaði húsbóndinn þeim rangláta ráðsmanni fyrir það, að hann hefði breytt svo kænlega, því þessa heims börn eru kænni en synir ljóssins við sína kynslóð. Og jeg segi yður: gjörið yður vini af mammoni ranglætisins, svo nær þjer farið héðan, að þjer þá verðið meðteknir í hinar eilífu tjaldbúðir.

Á 10. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Almáttugi, eilífi guð! virztu að hræra hjörtu vor með þínum anda, svo vjer aldrei látum þitt lífsins orð eins og vind um eyrun þjóta, heldur heyrum það með andakt og eptirtekt, lærum af því að þekkja vorn vitjunartíma, og verjum honum þjer til dýrðar, en oss til sáluhjálpar, fyrir þinn elskulegan son, o. s. frv.

Pistillinn.

(1. Kor. XII., 2.—11.).

Þjer vitið, að þjer voruð heiðingjar og genguð til málláusra skurðgoða, eptir því sem þjer voruð leiddir. Þess vegna læt jeg yður vita, að enginn sá, sem talar af guðs anda, formælir Jesú, og að enginn getur kallað Jesúm drottin, nema heilagur andi sje með honum. Mismunur er á náðargáfum, en sami er andinn; mismunur er á embættum, en sami er drottinn; mismunur er á framkvæmdum, en guð er hinn sami, er framkvæmir allt í öllum. En sjerhverjum er gefið að sýna andans gjöf öðrum til gagns; því að einum er af andanum gefið að mæla af vísdómi; en öðrum djúpsæ þekking

af hinum sama anda; en öðrum trú af sama anda; öðrum læknisgáfa af hinum sama anda; öðrum framkvæmdir kraptaverka; öðrum spádómsgáfa; öðrum greind á að dæma um andana; öðrum margháttaðar tungur; öðrum útlegging tungnanna. En allt þetta framkvæmir einn og hinn sami andi, sem útbýtir hverjum einum eptir sinni vild.

Guðspjallið.

(Lúk. XIX., 41.—48.).

Nú er Jesús kom svo nær, að hann sá borgina, grjet hann yfir henni og mælti: Æ, að þú, að minnsta kosti á þessum þínum degi, vissir, hvað til þíns friðar heyrði, en nú er þjer það hulið; því að þeir dagar munu koma yfir þig, að óvinir þínir munu gjöra hervirki um þig, setjast um þig og þröngva þjer á alla vegu, leggja þig að velli og börn þín, sem í þjer eru, og ekki láta stein yfir steini standa, vegna þess að þú þekktir ekki þinn vitjunartíma. Síðan gekk hann inn í musterið, tók til að reka þá út, er seldu þar og keyptu og sagði við þá: ritað er: mitt hús er bænahús, en þjer hafið gjört það að ræningjabæli. Daglega kenndi hann í musterinu, en hinir æðstu prestar og skriptlærðu og foringjar fólksins leituðust við að ráða hann af dögum, en þeir vissu ekki, hvernig þeir skyldu fara að því, því allur lýðurinn hnje að honum og hlýddi á hann.

Á 11. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Miskunnsami, himneski faðir! láttu heilagan anda þinn minna oss á syndir vorar og yfirsjónir, svo vjer með auðmjúkum og iðrandi hjörtum flýjum á þínar náðir og með einlægum betrunaráformum leitum hjálpar og huggunar í þínum föðurfaðmi, fyrir þinn elskulegan son, o. s. frv.

Pistillinn.

(1. Kor. XV., 1.—10.).

En jeg vil minna yður, bræður, á náðarboðskap þann, er jeg áður hef boðað yður og þjer veittuð við-

töku, sem þjer einnig hafið stöðuglega haldið við, og sem líka mun yður hólpna gjöra, ef þjer geymið hans, eins og jeg kenndi yður hann, nema svo sje, að þjer hafið ófyrirsynju trúna tekið, Því jeg kenndi yður fyrst og fremst þann lærdóm, sem jeg hef meðtekið: að Kristur væri dáinn vegna vorra synda eptir ritningunum, og grafinn og upprisinn á þriðja degi eptir ritningunum, og sje sjeður af Kefasi og þar eptir af þeim tólf. Síðan var hann sjeður í einu af meir en fimm hundruð bræðrum, er flestir lifa allt til þessa dags, en sumir eru dánir. Þar eptir birtist hann Jakobi, síðan öllum postulunum. Síðast allra opinberaðist hann einnig mjer, eins og ótímabærum burði; því jeg er síztur postulanna og ekki verður að kallast postuli, því að jeg hef ofsótt guðs söfnuð; en af náð guðs er jeg það jeg er, og náð hans við mig hefur ekki verið til ónýtis.

Guðspjallið.

(Lúk. XVIII., 9.—14.).

Jesús sagði við nokkra, sem treystu sjálfum sjer, að þeir væru rjettlátir, og fyrirlitu aðra, þessa dæmisögu: Tveir menn fóru upp í musterið til að biðjast fyrir; annar þeirra var Farísei, hinn tollheimtumaður. Farísinn stóð og baðst þannig fyrir með sjálfum sjer: guð, jeg þakka þjer, að jeg er ekki eins og aðrir menn, ræningjar, óráðvandir, hórkarlar, eða eins og þessi tollheimtumaður. Jeg fasta tvisvar í viku og geld tíundir af öllu því jeg á. En tollheimtumaðurinn stóð langt frá og vildi ekki hefja augu sín til himins, heldur barði sjer á brjóst og sagði: guð, vert þú mjer syndugum líknsamur! jeg segi yður, að þessi fór rjettlátari en hinn heim í sitt hús; því hver, sem upp hefur sjálfan sig, hann mun niðurlægjast, en hver, sem lítillækkar sjálfan sig, hann mun upphafinn verða.

Á 12. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Miskunnsami, eilífi guð! þú hefur gefið oss heyrn og mál og

skapað oss í þinni guðdómsmynd. Kenn þú oss að verja rjett þessum ástgjöfum þínum, svo vjer ávallt heyrum þitt orð með andakt og eptirtekt, og það verði oss ljúft og inndælt, að lofa og vegsama þitt heilaga nafn, svo bæði heyrn og mál og allar þínar náðargjafir verði þjer til dýrðar, en oss til sáluhjálpar, fyrir þinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(2. Kor. III., 4.—9.).

En þetta traust höfum vjer til guðs vegna Krists; ekki svo, að vjer af sjálfum oss sjeum hæfir til að hugleiða nokkuð eins og af sjálfum oss, heldur er vor hæfilegleiki frá guði, sem og hefur gjört oss hæfa til að vera þjóna hins nýja sáttmála, ekki bókstafsins, heldur andans; því bókstafurinn deyðir, en andinn lífgar. En ef þjónusta dauðans, sem á steina var klöppuð, var svo dýrðleg, að Ísraelssynir ekki þoldu að horfa á Móses andlit fyrir bjartleiks sakir, er þó átti að þverra, hversu miklu dýrðlegri mun þá verða þjónusta andans? því ef þjónusta fyrirdæmingarinnar var svona dýrðleg, þá mun þjónusta rjettlætingarinnar vera miklu dýrðlegri.

Guðspjallið.

(Mark. VII., 31.—37.).

Frá Landamerkjum Týrus og Sídonar fór Jesús aptur til sjávarins í Galílea yfir Dekapolis land; hjer færðu þeir honum mann daufan og málhaltan; þeir báðu hann að leggja hendur yfir hann. Jesús veik honum til síðu frá fjölmenninu, stakk fingrum sínum í eyru honum, hrækti frá sjer og hrærði við tungu hans, leit upp til himins, andvarpaði og sagði við hann: Effata! það þýðir: opna þú þig! og jafnskjótt opnuðust hans hlustir og hapt hans tungu losnaði og hann talaði skýrt. Frá þessu bannaði hann að segja nokkrum; en því meir sem hann bannaði þetta, því framar víðfrægðu þeir það og sögðu næsta undrunarfullir: allt gjörði hann dásamlega, því heyrnarlausum gefur hann heyrn og mállausum mál.

Á 13. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Ó, þú kærleikans eilífi guð! gróðursettu oss í þínum kærleika, svo vjer getum elskað þig um fram allt og náungann eins og sjálfa oss og orðið hæfilegir fyrir þá himnesku sælu, sem þú af eilífum kærleika hefur oss heitið. Fyrir þinn eingetinn og elskulegan son, o. s. frv.

Pistillinn.

(Gal. III., 15.—22.).

Bræður mínir, jeg tek dæmi af mannlegri venju: enginn ónýtir eða bætir við þá ráðstöfun manns, sem staðfest er; en Abraham voru fyrirheitin gefin og hans afkvæmi; ekki stendur þar «afkvæmum», eins og til margra væri meint, heldur eins og til eins: «og þínu afkvæmi», sem er Kristur. Með þessu vil jeg sagt hafa, að lögmálið, sem út var gefið fjögur hundruð og þrjátíu árum síðar, ekki hafi getað gjört ógildan, og afmáð þann sáttmála um Krist, sem guð hafði áður staðfest; því ef arfleifðin fæst með lögmálinu, þá fæst hún ekki lengur vegna fyrirheitisins; guð veitti Abraham hana af náð með fyrirheiti. Til hvers var þá lögmálið? Það var gefið vegna afbrotanna, þangað til afkvæmið kæmi, sem fyrirheitið hljóðaði um, og boðað af englunum fyrir hönd meðalgöngumannsins. En meðalgangarinn er ekki einn, en guð er einn. Skyldi þá lögmálið vera gegn guðs fyrirheitum? Fjærri fer því; því ef þvílíkt lögmál hefði verið gefið, sem hefði getað lífgað, þá er það víst, að rjettlætið hefði fengizt af lögmálinu. En ritningin hefur innilokað allt undir synd, svo að fyrirheitið veitist þeim fyrir trúna á Jesúm Krist.

Guðspjallið.

(Lúk. X., 23.—37.).

Þá sneri Jesús sjer til lærisveina sinna og sagði við þá einslega: sæl eru þau augu, sem sjá það, sem þjer sjáið; því jeg segi yður, að margir spámenn og konungar hafa viljað sjá það, sem þjer sjáið, en sáu það ekki, og heyra það, sem þjer heyrið, og heyrðu það

ekki. Og sjá, maður nokkur skriptlærður stóð upp, freistaði hans og sagði: meistari, hvernig á jeg að breyta, svo jeg eignist eilíft líf? En hann sagði við hann: hvað er skrifað í lögmálinu? hvernig les þú? Hann mælti: elska skaltu drottin guð þinn af öllu hjarta, af allri sálu, af öllum kröptum og öllum huga, og náunga þinn eins og sjálfan þig. En hann sagði við hann: þú svaraðir rjett; gjör þú þetta og þá muntu lifa. En þar eð hann vildi rjettlæta sjálfan sig, sagði hann við Jesúm: hver er þá minn náungi? En Jesús svaraði og sagði: Maður nokkur ferðaðist frá Jerúsalem til Jeríkó, og fjell í hendur ræningja, sem flettu hann klæðum, veittu honum áverka, fóru síðan burtu og ljetu hann eptir dauðvona. Svo bar til, að prestur nokkur fór þennan sama veg, og er hann sá hann, gekk hann fram hjá; eins Levítinn, þegar hann kom til þess staðar og sá hann, gekk hann einnig fram hjá. En samverskur maður nokkur, er fór um farinn veg, kom þar að, og er hann sá hann, kenndi hann í brjósti um hann, gekk til hans og batt sár hans og hellti í þau viðsmjöri og víni, setti hann síðan upp á sinn eigin eyk og flutti hann til gestgjafahúss og ljet sjer hugarhaldið um hann. Degi síðar, er hann var ferðbúinn, tók hann upp tvo peninga, fjekk gestgjafanum og mælti: al þú önn fyrir honum, og það, sem þú kostar meiru til, skal jeg borga þjer, þegar jeg kem aptur. Hver af þessum þremur sýnist þjer vera náungi þess, sem fjell í hendur ræningjanna? hann mælti: sá, sem miskunnarverkið gjörði á honum. Þá sagði Jesús við hann: far þú og gjör hið sama.

Á 14. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Herra guð, himneski faðir! þú, sem af eilífri miskunn þinni lætur þitt orð og anda lækna allan sjúkleik sálna vorra og veitir oss allt gott af ríkdómi þinnar náðar; láttu oss aldrei gleyma þínum velgjörningum, heldur jafnan minnast þeirra með þakklátum hjörtum og gefa þjer einum dýrðina. Fyrir þinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(Gal. V., 16.—24.).

En jeg áminni yður: gangið eptir andanum, en fremjið ekki það, sem holdið girnist; því holdið girnist gegn andanum og andinn gegn holdinu; þau eru hvort gegn öðru, svo að þjer gjörið ekki það, sem þjer viljið. En ef þjer leiðizt af andanum, þá eruð þjer ekki undir lögmálinu. En allir vita, hvílík eru holdsins verk, að það er frillulífi, saurlífi, stjórnleysi girndanna, skurðgoða dýrkan, kukl, hatur, deilur, metningur, bræði, þráttanir, tvídrægni, flokkadráttur, öfund, morð, ofdrykkja, óhófs-veizlur og annað þessu líkt, og um það allt segi jeg yður enn þá hið sama, sem jeg hef áður sagt, að þeir, sem slíkt gjöra, erfi ekki guðs ríki. En ávöxtur andans er kærleiki, gleði, friðsemi, langlundargeð, góðlyndi, góðvild, trúmennska, hógværð, bindindi; gegn þessu er ekki lögmálið. En þeir, sem Krists eru, hafa krossfest hold sitt með þess girndum og tilhneigingum.

Guðspjallið.

(Lúk. XVII., 11.—19.).

Svo bar við, þegar Jesús var á ferð sinni til Jerúsalem, og leið hans lá millum Samaría og Galílea, og hann fór inn í þorp nokkurt, að honum mættu tíu menn líkþráir; þeir stóðu langt frá, kölluðu og sögðu: Jesú meistari, miskunna þú oss! Og er hann leit þá, sagði hann við þá: farið og sýnið yður prestunum. En svo bar við, er þeir fóru, að þeir urðu heilbrigðir. En einn af þeim, þegar hann sá, að hann var heill orðinn, sneri aptur og lofaði guð með hárri raustu og fjell til fóta Jesú og þakkaði honum; en þessi maður var samverskur. Þá sagði Jesús: voru þeir ekki tíu, sem heilbrigðir urðu? hvar eru hinir níu? Fundust engir, sem vildu aptur snúa, til að gefa guði dýrðina, nema þessi útlendingur? Síðan sagði Jesús við hann: stattu á fætur og far þú leiðar þinnar; þín trú hefur frelsað þig.

Á 15. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Herra guð, himneski faðir! vjer þökkum þjer fyrir alla þína velgjörninga og fyrir þína mildiríku vernd og viðhald allt fram á þennan dag. Tak ekki blessun þína frá oss, en láttu oss aldrei treysta fallvöltum auði, nje festa hug og hjarta við hin stundlegu gæði, heldur setja allt vort traust til þinnar náðar og þjóna þjer einum. Fyrir þinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(Gal. V., 25.—26.; VI., 1.—10.).

Ef vjer lifum í andanum, þá framgöngum í andanum. Sækjumst ekki eptir hjegóma-dýrð, áreitandi hver annan og öfundandi hver annan. Góðir bræður, verði nokkur fundinn að einhverri synd, þá leiðrjettið þjer, sem andlegir eruð, hann með hógværðar anda, og haf gát á sjálfum þjer, að þú freistist ekki. Berið hver annars byrði og uppfyllið þannig Krists lögmál. Því þykist nokkur vera nokkuð, en er þó ekkert, hann dregur sjálfan sig á tálar. En sjerhver rannsaki sína breytni, og þá mun hann hafa hrósunar efni einungis með sjálfum sjer, en ekki fyrir öðrum; því sjerhver mun hafa sína byrði að bera. En sá, sem uppfræðist, veiti þeim alls konar gæði, er hann uppfræðir. Villizt ekki, guð lætur ekki að sjer hæða; því það, sem maðurinn sáir, það mun hann og uppskera. Því sá, sem sáir í hold sitt, mun af því glötun uppskera; en sá, sem í andanum niðursáir, mun af andanum uppskera eilíft líf. En látum oss ekki þreytast að gjöra gott, því á sínum tíma munum vjer uppskera, ef vjer ekki letjumst. Þess vegna á meðan tími er til, þá gjörum öllum gott, en þó þeim helzt, sem eru sömu trúar sem vjer.

Guðspjallið.

(Matt. VI., 24.—34.).

Jesús sagði við sína lærisveina: Enginn kann tveimur herrum að þjóna, því annaðhvort mun hann hata annan þeirra og elska hinn, eða aðhyllast annan þeirra og fyrirlíta hinn. Þannig getið þjer ekki verið

bæði þjónar guðs og mammons. Jeg segi yður því: Verið ekki hugsjúkir fyrir yðru lífi, hvað þjer skuluð eta og drekka, ekki heldur fyrir yðrum líkama, hverju þjer skuluð klæðast. Er ekki lífið meira vert en fæðan og líkaminn meir en klæðnaðurinn? lítið til fuglanna í loptinu; hvorki sá þeir nje uppskera, og ekki heldur safna þeir í kornhlöður; þó fæðir yðar himneski faðir þá; eruð þjer ekki miklu ágætari en þeir? Hver af yður getur með allri sinni áhyggju aukið einni alin við hæð sína? Eða hví eruð þjer áhyggjufullir fyrir fatnaðinum? Skoðið akursins liljugrös, hversu þau vaxa; hvorki vinna þau nje spinna; en jeg segi yður, að Salómon í allri sinni dýrð var ekki svo skrýddur sem eitt af þeim. Ef að guð nú skrýðir svo grasið á jörðunni, sem í dag stendur, en á morgun verður í ofn kastað, hversu miklu framar mun hann ekki klæða yður, þjer trúarveikir? Spyrjið því ekki hugsjúkir: hvað fáum vjer til matar? hvað fáum vjer að drekka? og hvað fáum vjer til fata? því slíka áhyggju hafa heiðnir menn; en yðar himneskur faðir veit, að þjer þurfið alls þessa við. Leitið um fram allt guðs ríkis og hans rjettlætis; þá mun og allt þetta veitast yður; verið því ekki hugsjúkir fyrir morgundeginum; hann mun sjálfur bera áhyggju fyrir sjer; hverjum degi nægir sín þjáning.

Á 16. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Almáttugi, eilífi guð! þú, sem ljezt þinn eingetinn son deyja vegna vorra synda, til að frelsa oss frá eilífum dauða, láttu þá von og vissu vera óbifanlega í vorum hjörtum, að hann muni uppvekja oss á efsta degi og gjöra oss eilíflega sæla; hann, sem með þjer og heilögum anda lifir og ríkir einn sannur guð frá eilífð til eilífðar.

Pistillinn.

(Efes. III., 13.—21.).

Fyrir því bið jeg, að þjer látið ekki hugfallast af þrengingum mínum fyrir yðar skuld; því það er yðar

heiður. Jeg beygi þess vegna mín knje fyrir föður drottins vors Jesú Krists, af hverjum allt faðerni nefnist á himni og jörðu, að hann eptir ríkdómi dýrðar sinnar vilji veita yður, að styrkjast fyrir sinn anda kröptuglega í hinum innra manni, svo að Kristur geti búið fyrir trúna í yðar hjörtum og þjer sjeuð rótfestir og grundvallaðir í kærleikanum, svo þjer ásamt öllum heilögum getið skilið, hvílík að sje breidd, lengd, dýpt og hæð, og þekkt elsku Krists, sem yfirgengur allan skilning, svo þjer fullkomnizt í allri fullkomnun guðs. En honum, sem öllu framar megnar að gjöra fram yfir það, sem vjer biðjum eða skynjum, eptir þeim krapti, sem í oss verkar, honum sje dýrð í söfnuðinum fyrir Jesúm Krist um alla æfi og aldir alda, amen.

Guðspjallið.

(Lúk. VII., 11.—17.).

Daginn eptir bar svo við, að Jesús fór til borgar þeirrar, sem heitir Nain; voru þá í ferð með honum margir af lærisveinum hans og fjöldi fólks. Nú er hann kom að borgarhliðinu, stóð svo á, að þar var borinn út dauður maður; hann var einka sonur móður sinnar, og hún var ekkja; fylgdi henni fjöldi bæjarmanna. Þegar drottinn sá hana, kenndi hann í brjósti um hana og sagði: grát þú ekki! síðan gekk hann nær og hrærði við líkbörunum, en þeir, sem báru, stóðu við. Þá sagði hann: jeg býð þjer, þú ungi maður, að þú rísir upp. Þá settist sá upp, er dauður var, og tók að mæla; og hann gaf hann aptur móður sinni. Við þetta kom ótti yfir alla; vegsömuðu þeir guð og sögðu: spámaður mikill er risinn upp meðal vor; guð hefur litið í náð sinni til síns lýðs. En þessi fregn um hann barst út um alla Júdeu og öll þau hjeruð, er í grennd voru.

Á 17. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Herra guð, himneski faðir! láttu þinn anda stjórna oss, svo vjer hlýðum þínu heilaga orði með andakt og eptirtekt og á-

stundum að laga lífnað vorn eptir því. Kenndu oss þannig að verja sjerhverjum hvíldardegi, að vjer finnum hvíld fyrir sálir vorar í Jesú Kristi, drottni vorum, sem með þjer, o. s. frv.

Pistillinn.

(Efes. IV., 1.—6.).

Jeg, sem er bandingi vegna drottins, áminni yður þess vegna um, að þjer hegðið yður eins og hæfir þeirri köllun, sem þjer eruð kallaðir, með mesta lítillæti, hógværð og umburðarlyndi, að þjer umlíðið hver annan í kærleika og kappkostið að varðveita einingu andans í bandi friðarins. (Þjer eruð) einn líkami og einn andi, eins og þjer einnig eruð kallaðir í einni von yðar köllunar; einn er drottinn, ein trú, ein skírn, einn guð og faðir allra, sem er yfir öllu, um allt og í öllu.

Guðspjallið.

(Lúk. XIV., 1.—11.).

Svo bar við einhvern tíma, að Jesús kom á hvíldardegi í hús eins af höfðingjum Farísseanna til máltíðar; höfðu þeir þá vörð á honum. Og sjá, frammi fyrir honum stóð maður nokkur vatnssjúkur. Þá spurði Jesús hina skriptlærðu og Farísseana og sagði: hvort er leyfilegt, að lækna á hvíldardegi? en þeir þögðu við. Tók þá Jesús á honum og læknaði hann og ljet hann burt fara. Síðan sagði hann við þá: ef einhver yðar á asna eða naut, sem fellur í pytt, dregur hann það ekki jafnskjótt upp, þótt hvíldardagur sje? Og þeir gátu engu svarað. Síðan sagði hann við þá, er til borðsins sátu, þegar hann sá, að þeir völdu sjer hin æðstu sæti: Þegar einhver býður þjer til veizlu, þá set þig ekki í hin æðstu sæti; vera kann, að annar æðri þjer sje boðinn, og sá komi, sem bauð þjer og honum, og segi við þig: gef þú þessum rúm, og hljótir þú þá með kinnroða að hafa hinn yzta sess; heldur, nær þjer er boðið, þá set þig í hið yzta rúm, svo þegar sá kemur, sem þjer bauð, segi hann við þig: vinur, þoka þjer upp betur. Mun þjer þá virðing veitast af þínum sessunautum; því að hver sig sjálfan upphefur, hann mun niðurlægjast, og hver sig sjálfan niðurlægir, hann mun upphafinn verða.

Á 18. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Gæzkuríki himneski faðir! vjer erum allir aumir syndarar og megnum ekkert án þinnar hjálpar; gef þú oss náð til að geta elskað þig af öllu hjarta og hlýtt þínum heilögu boðum, svo vjer í þínum kærleika fáum höndlað hið eilífa lífið. Fyrir þinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(1. Kor. I., 4.—8.).

Jeg þakka guði mínum jafnan yðar vegna fyrir þá guðs náð, sem yður er gefin fyrir Jesúm Krist; því að þjer eruð fyrir hann í öllu auðgaðir í alls konar lærdómi og þekkingu, með því lærdómur Krists er orðinn hjá yður rótfestur, og það svo, að þjer eruð ekki farnir varhluta af nokkurri náðargjöf, og væntið opinberunar drottins vors Jesú Krists, er og mun styrkja yður allt til enda, svo að þjer sjeuð óásakanlegir á degi drottins vors Jesú Krists.

Guðspjallið.

(Matt. XXII., 34.—46.).

Nú er Farísear heyrðu, að Jesús hafði gjört Sadúsea orðlausa, hjeldu þeir ráð sitt; og einn þeirra, sem var lögvitringur, freistaði hans og spurði: Meistari, hvert er hið æðsta boðorð í lögmálinu? Jesús svaraði honum: Elska skaltu drottin guð þinn af öllu hjarta, allri sálu þinni og öllu hugskoti þínu. Þetta er hið æðsta og helzta boðorð, og þessu líkt er hitt: elska náunga þinn sem sjálfan þig. Í þessum tveimur boðorðum er innifalið allt lögmálið og spámennirnir. En er Farísear voru saman komnir, spurði Jesús þá að og mælti: Hvað virðist yður um Krist? hvers son er hann? Þeir svöruðu: Davíðs. Jesús mælti: hví kallar Davíð hann þá í anda drottin, er hann segir: drottinn sagði mínum drottni: sit þú mjer til hægri handar, þangað til jeg hef lagt óvini þína undir fætur þjer. Þar eð nú Davíð kallar hann drottin, hvernig er hann þá hans sonur? Þessu gat enginn einu orði svarað; eigi

heldur dirfðist nokkur upp frá þeim degi að spyrja hann nokkurs.

Á 19. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Almáttugi, eilífi guð! virztu af náð þinni að lækna allar meinsemdir vorar bæði til lífs og sálar, og láttu sjerhvert böl, sem oss mætir, miða til að leiða oss til þín og treysta þinni eilífu föðurgæzku, fyrir þinn son, Jesúm Krist, vorn drottin, sem með þjer lifir og ríkir í einingu heilags anda, einn sannur guð, frá eilífð til eilífðar.

Pistillinn.

(Efes. IV., 22.—28.).

Afleggið eptir hinni fyrri breytni hinn gamla manninn, sem spilltur er af tælandi girndum, en endurnýizt í anda yðvars hugskots og íklæðizt hinum nýja manni, sem skapaður er eptir guði í rjettlæti og heilagleika sannleikans. Afleggið því lygar og talið sannleika hver við sinn náunga, því vjer erum hver annars limir. Reiðizt, en syndgið ekki, sólin gangi ekki undir yfir yðar reiði; og gefið ekki djöflinum rúm. Þjófurinn steli ekki framar, heldur vinni og gjöri eitthvað nytsamt með höndunum, svo hann hafi eitthvað til að miðla hinum þurfanda.

Guðspjallið.

(Matt. IX., 1.—8.).

Jesús steig þá á skip, fór yfir um og kom í sína borg. Þá var færður til hans limafallsjúkur maður, sem lá í rekkju; og er Jesús sá trú þeirra, sagði hann til hins limafallsjúka: vertu hughraustur, sonur; þínar syndir eru þjer fyrirgefnar. Þetta álitu nokkrir skriptlærðir að vera guðlöstun; og er Jesús varð var við, hvað þeir hugsuðu, sagði hann: hví hugsið þjer svo illt í yðar hjörtum? Hvort er auðveldara að segja: syndir þínar eru þjer fyrirgefnar, eða að segja: statt upp og gakk? En til þess að þjer skulið vita, að mannsins sonur hefur vald til að fyrirgefa syndir á jörðunni, þá,

segir hann til hins limafallsjúka: statt upp, tak sæng þína og gakk heim til þín; og hann stóð upp og fór heim til sín. Þegar fólkið sá þetta, undraðist það og lofaði guð, að hann hefði gefið mönnunum slíkt vald.

Á 20. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Herra guð, himneski faðir! þú hefur af náð þinni kallað oss til þíns ríkis til eilífs lífs og eilífrar sælu. Fyrirgef oss í Jesú nafni allar vorar syndir og yfirsjónir og skrýð þú oss hinu rjetta brúðkaupsklæði, sannri iðrun og lifandi trú, svo vjer þjónum þjer af hreinu hjarta og verðum í tölu þinna útvöldu barna. Fyrir þinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(Efes. V., 15.—21.).

Gætið því varúðar í hegðun yðar, ekki sem fávísir, heldur sem vísir; hagnýtið tímann, því nú eru hættulegir tímar. Verið því ekki fávísir, heldur skynjið, hver að er drottins vilji. Og drekkið yður ekki drukkna af víni, því að í því er andvaraleysi, heldur fyllizt andagipt, og hafið yfir með yður sálma, lofkvæði og andlega söngva; syngið og leikið drottni lof í yðrum hjörtum. Þakkið jafnan guði og föður fyrir alla hluti í nafni drottins vors Jesú Krists, og verið hver öðrum undirgefnir í ótta Krists.

Guðspjallið.

(Matt. XXII, 1.—14.).

Þá hóf Jesús enn að kenna í dæmisögum og mælti: Himnaríki er líkt þeim konungi, er hjelt brúðkaup sonar síns og sendi út þjóna sína, að bjóða boðsgestunum til brúðkaupsins; en þeir vildu ekki koma. Þá sendi hann í öðru sinni aðra þjóna og sagði: segið þeim boðnu: sjá, veizlu mína hef jeg tilbúið; uxum mínum og alifje er slátrað og allt er reiðubúið; komið til brúðkaupsins. En þeir skeyttu því ekki, fóru burt, einn á akur sinn og annar til sinnar kaupverzlunar. En sumir tóku sendimennina og smánuðu þá og drápu.

En er konungurinn heyrði þetta, varð hann reiður, sendi lið sitt og ljet taka morðingja þessa af lífi, en brenna borg þeirra. Síðan mælti hann við þjóna sína: brúðkaupið er að sönnu búið, en þeir, sem boðnir voru, voru þess eigi verðir; farið því út á gatnamót og bjóðið þeim, er þjer finnið, til brúðkaupsins. Og þjónarnir gengu út á strætin, og söfnuðu saman öllum, sem þeir fundu, vondum og góðum, svo veizlusalurinn varð alskipaður boðsgestum. Þá gekk konungurinn inn til að sjá gesti sína; sá hann þar mann nokkurn, er ekki var klæddur brúðkaupsklæði. Hann mælti við hann: hvernig komst þú hingað, vinur, og klæddir þig ekki brúðkaupsklæðum? En maðurinn anzaði engu. Þá bauð konungurinn þjónum sínum: bindið hendur hans og fætur og kastið honum í hin yztu myrkur, þar sem vera mun grátur og gnístran tanna. Því margir eru kallaðir, en fáir útvaldir.

Á 21. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Almáttugi, eilífi guð! Þú, sem fyrir þinn son hefur heitið oss fyrirgefningu synda vorra og eilífu lífi, vek þú oss með þínum anda, svo vjer trúum og treystum þínum fyrirheitum og í öllum freistingum leitum þinnar hjálpar. Fyrir þinn elskulegan son, o. s. frv.

Pistillinn.

(Efes. VI., 10.—17.).

Bræður mínir, styrkizt í drottni og krapti hans máttar. Íklæðizt guðs alvæpni, svo þjer staðizt getið djöfulsins vjelabrögð; því vjer eigum ekki í stríði við hold og blóð, heldur við höfðingja og maktarvöld, við heimsdrottna þessa myrkurs, við vonzkunnar anda í himneskum efnum. Takið því guðs alvæpni, svo þjer getið veitt mótstöðu á hinum vonda degi, og getið, að öllu yfirunnu, staðizt. Standið því gyrtir sannleika um lendar yðar. Verið íklæddir brynju rjettlætisins, og útbúið fætur yðar, svo að þeir sjeu reiðubúnir til að

flytja fagnaðarboðskap friðarins. En um fram allt grípið skjöld trúarinnar, sem þjer munuð geta slökkt með öll eldleg skeyti hins vonda; og takið hjálm hjálpræðisins og sverð andans, sem er guðs orð.

Guðspjallið.

(Jóh. IV., 46.—54.).

Konungsmaður nokkur var í Kapernaum, og lá sonur hans sjúkur. Þegar þessi frjetti, að Jesús væri kominn frá Júdea til Galílea, fór hann til hans og bað hann koma til að lækna son sinn, því hann lægi dauðvona. Jesús sagði við hann: þjer trúið ekki, nema þjer sjáið tákn og stórmerki. Konungsmaðurinn sagði við hann: Herra, kom þú áður en sonur minn andast. Jesús sagði við hann: far þú, sonur þinn lifir. Og maðurinn trúði því orði, sem Jesús talaði til hans, og fór. En á heimleiðinni mættu honum þjónar hans og sögðu: sonur þinn lifir. Þá spurði hann þá að, hve nær honum hefði farið að ljetta; og þeir sögðu honum: í gær um sjöundu stund hvarf kaldan frá honum. Þá sá faðirinn, að það var á þeim tíma, er Jesús hafði sagt við hann: sonur þinn lifir. Og hann trúði og allt hans heimafólk.

Á 22. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Mildiríki, himneski faðir! fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vjer og fyrirgefum vorum skuldunautum. Fyrirgef oss í Jesú nafni öll vor afbrot og yfirsjónir og sendu þinn anda í vor hjörtu, svo vjer verðum sáttgjarnir og miskunnsamir og megum jafnan úthella hjörtum vorum í bæn til þín, eilífi miskunnsemdanna faðir! Fyrir þinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(Filipp. I., 6.—11.).

Jeg fulltreysti því, að hann, sem hefur byrjað hið góða verkið með yður, muni það fullkomna allt til dags Jesú Krists; með því það er viðurkvæmilegt fyrir mig, að halda þetta um yður alla, sem ásamt mjer eruð

orðnir hluttakandi í náðinni, þar eð jeg hef yður sífellt í huganum, hvort sem jeg er í fangelsi ellegar jeg er að verja náðarlærdóminn og festa hann. Því guð veit, að jeg elska yður alla með ást Jesú Krists; og bið jeg, að elska yðar eflist æ meir og meir ásamt þekkingu og góðri greind, svo að þjer getið skilið, hvað rjett er, og sjeuð ráðvandir og ámælislausir allt til Krists aðkomudags, og sjeuð ríkir af ávöxtum kristilegrar dyggðar, guði til lofs og dýrðar.

Guðspjallið.

(Matt. XVIII., 23.—35.).

Jesús sagði við sína lærisveina: Guðs ríki er eins háttað og konungi einum, er reikningsskap vildi halda við þjóna sína; en er hann tók reikninginn að halda, var færður til hans maður sá, er honum var skyldugur um tíu þúsund punda; og sem hann nú ekki hafði þau til að borga með skuld sína, bauð konungurinn, að selja skyldi sjálfan hann, konu hans og börn og alla eigu hans, til að borga þar með skuldina; þá fjell þjónninn til fóta hans og mælti: umlíð þú mig, herra; allt skal jeg borga þjer. Þá aumkaðist herrann yfir þennan þjón, ljet hann á burtu fara og gaf honum upp alla skuldina, En er hann fór út, hitti hann einn af sínum samþjónum, er honum var skyldugur um hundrað peninga; þennan tók hann höndum, tók fyrir kverkar honum og mælti: gjald þú það þú ert mjer skyldugur; en samþjónn hans fjell fram að fótum honum og bað, að hann vildi umlíða sig, og lofaði að lúka honum allt; en hann vildi ekki og setti hann í myrkvastofu, unz hann hafði skuldinni lokið. En er samþjónar hans sáu, hvað skeði, urðu þeir mjög hryggvir. Fóru þeir því og sögðu konungi sínum allt, hvað gjörzt hafði. Þá ljet herrann kalla þennan mann fyrir sig og mælti: þú illi þegn, alla skuldina gaf jeg þjer upp, sakir þess þú baðst mig; hvort sæmdi þjer þá ekki einnig að vera miskunnsamur við þinn samþjón, eins og jeg var miskunnsamur við þig? Þá varð herra hans reiður og bauð að selja hann í hendur kvölurunum, unz hann hefði goldið allt það, er hann var skyldugur. Þann veg mun

og minn himneski faðir breyta við yður, ef þjer ekki hver og einn fyrirgefið af hjarta bróður yðar hans afbrot.

Á allra heilagra messu.

Kollektan.

Almáttugi, eilífi guð! sem vilt, að þínir útvaldir verði heilagir í þínum eingetna og elskulega syni, láttu oss kappkosta að líkjast þeim í trú, von og kærleika, svo að vjer með þeim mættum verða sáluhólpnir. Fyrir þinn eingetinn og elskulegan son, o. s. frv.

Pistillinn.

(Jóh. opinb. VII., 1.—12.).

Eptir þetta sá jeg fjóra engla, sem stóðu á fjórum hornum jarðarinnar; þeir hjeldu þeim fjórum vindum jarðarinnar, svo vindur næði ekki að blása yfir jörðina eða hafið eða nokkurt trje. Annan engil sá jeg stíga upp frá sólaruppkomustað; sá hjelt á innsigli lifanda guðs og kallaði hárri röddu til þeirra fjögra engla, sem vald höfðu fengið til að granda jörðunni og sjónum. Hann sagði: grandið hvorki jörðunni nje sjónum nje trjánum, þar til vjer höfum innsiglað þjóna guðs á ennum þeirra. Þá heyrði jeg tölu þeirra innsigluðu; af öllum ættkvíslum Ísraelsmanna voru innsiglaðar hundrað fjörutíu og fjórar þúsundir; af Júda ættkvísl voru tólf þúsundir innsiglaðar; af Rúbens ættkvísl voru tólf þúsundir innsiglaðar; af Gaðs ættkvísl voru tólf þúsundir innsiglaðar; af Assers ættkvísl voru tólf þúsundir innsiglaðar; af Neftalims ættkvísl voru tólf þúsundir innsiglaðar; af Manasses ættkvísl voru tólf þúsundir innsiglaðar; af Símeons ættkvísl voru tólf þúsundir innsiglaðar; af Levís ættkvísl voru tólf þúsundir innsiglaðar; af Ísaskars ættkvísl voru tólf þúsundir innsiglaðar; af Sebúlons ættkvísl voru tólf þúsundir innsiglaðar; af Jóseps ættkvísl voru tólf þúsundir innsiglaðar; af Benjamíns ættkvísl voru tólf þúsundir innsiglaðar. Eptir þetta leit jeg til og sá mikinn fjölda manna, svo að eigi varð tölu á komið, af alls kyns fólki, kynkvíslum, þjóðum og tungumálum; þeir stóðu frammi fyrir hásætinu og frammi fyrir lambinu, skrýdd-

ir hvítum skikkjum, með pálmaviðargreinir í höndum sjer. Þeir kölluðu upp hárri röddu, segjandi: hjálpræðið tilheyrir vorum guði, sem í hásætinu situr, og lambinu. Og allir englar, sem stóðu umhverfis hásætið og öldungana, og þau fjögur dýrin, fjellu þá fram á ásjónur sínar fyrir hásætinu og tilbáðu guð, svo mælandi: Amen: lof og dýrð, vizka og þakkargjörð, heiður og vald og kraptur sje guði vorum um aldir alda, amen.

Guðspjallið.

(Matt. V., 1.—12.).

En er Jesús sá mannfjöldann, gekk hann upp á fjall eitt og settist þar; þá komu lærisveinarnir til hans; tók hann þá til að kenna þeim á þessa leið: Sælir eru þeir, sem eru andlega volaðir, því þeirra er himnaríki. Sælir eru sorgbitnir, því þeir munu huggun hljóta. Sælir eru hógværir, því þeir munu jarðríkið erfa. Sælir eru þeir, sem hungrar og þyrstir eptir rjettlætinu, því þeir munu saddir verða. Sælir eru miskunnsamir, því þeir munu miskunn hljóta. Sælir eru hreinhjartaðir, því þeir munu guð sjá. Sælir eru friðsamir, því þeir munu guðs börn kallaðir verða. Sælir eru þeir, sem fyrir rjettlætisins sakir ofsóttir verða, því þeirra er himnaríki. Sælir eruð þjer, þegar menn atyrða yður, ofsækja og tala gegn yður alls konar illyrði mín vegna, en þó ljúgandi. Fagnið og verið glaðir, því yðar verðkaup er mikið á himnum; því þannig ofsóttu þeir spámennina, sem fyrir yður voru.

Á 23. sunnudag eptir trinitatis.

Kollektan.

Ó, þú eilífi guð! helga þú oss í þínum sannleika; láttu oss elska sannleikann af hjarta og tala sannleika hver við náunga sinn, því að vjer erum hver annars limir. Ef vjer elskum sannleikann, þá munum vjer þekkja þíns sonar rödd og hlýða henni, og að lokunum öðlast eilíft líf, fyrir þinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(Filipp. III., 17.—21.).

Bræður, breytið eptir mjer og lítið til þeirra, sem

breyta eins og vjer, sem erum yðar fyrirmynd; því margir breyta sem óvinir Kristí kross, sem jeg hef optlega talað um til yðar og nú tala grátandi um, en afdrif þeirra verður tortýning, sem hafa magann fyrir sinn guð, og þykir sómi að skömmunum, og hafa huganн festan við jarðneska muni. Því vort föðurland er á himni, hvaðan vjer væntum lausnarans, drottins Jesú Krists, sem mun ummynda líkama vorrar lægingar, svo að hann verði líkur hans dýrðarlíkama, eptir þeim krapti, sem hann hefur til að leggja allt undir sig.

Guðspjallið.

(Matt. XXII., 15.—22.).

Þá báru Farísear ráð sín saman um það, hvernig þeir kynnu að veiða Jesúm í orðum, og sendu til hans lærisveina sína með fylgdarmönnum Heródesar og sögðu: Meistari, vjer vitum, að þú ert sannorður og kennir guðs götu í sannleika; þú mælir ekki sem hver vill heyra, því þú ferð ekki að mannvirðingum; seg oss nú, hvað þjer sýnist, hvort það leyfist, að gjalda keisaranum skatt eða ekki. En er Jesús varð var við vonzku þeirra, mælti hann: hví freistið þjer mín, hræsnarar? Sýnið mjer skattpeninginn. Þeir færðu honum þá peninginn. Þá spurði hann, hvers að væri mynd sú og nafn, er á honum stóð. Þeir sögðu honum, það væri keisarans. Þá mælti Jesús við þá: gjaldið þá keisaranum, hvað keisarans er, og guði, hvað guðs er. En er þeir heyrðu það, undruðust þeir, yfirgáfu hann, og fóru þaðan.

Á 24. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Almáttugi, eilífi guð! þú, sem fyrir þinn son hefur heitið oss fyrirgefningu syndanna og frelsun frá eilífum dauða, láttu traustið á þinni náð jafnan vera lifandi í hjörtum vorum og þá von og vissu, að vjer munum ekki deyja, heldur sofna og aptur vakna til eilífs lífs og sælu. Fyrir þinn, o. s. frv.

Pistillinn.

(Kóloss. I., 9.—14.).

Þess vegna höfum vjer einnig, frá þeim degi vjer heyrðum frá yður, ekki af látið að biðja fyrir yður og óska, að þjer fylltuzt þekkingar á guðs vilja með alls konar speki og andlegum skilningi, svo að þjer breytið eins og drottni er samboðið, honum til þóknunar á allan hátt, sjeuð ávaxtarsamir í alls konar góðum verkum, vaxið í þekkingu á guði, eflizt af hans dýrðarmætti, í algjörðum dugnaði, til alls háttar þolgæðis og stöðuglyndis með gladværð. Vjer þökkum föðurnum, sem gjörði oss hæfa til að fá hlutdeild í arfleifð heilagra í ljósinu, með því hann hreif oss frá myrkursins valdi og flutti oss inn í ríki síns elskulega sonar, fyrir hvern vjer höfum lausnina, fyrirgefning syndanna.

Guðspjallið.

(Matt. IX., 18.—26.).

En er Jesús var þetta að tala, kom inn til hans höfðingi nokkur, tilbað hann og sagði: dóttir mín er nýdauð; kom þú og legg hönd yfir hana; þá mun hún lifna. Jesús fór með honum og lærisveinar hans; og sjá, þá kom kona nokkur, sem haft hafði blóðfall í tólf ár, að baki honum og snart fald klæða hans; því hún sagði með sjálfri sjer: ef jeg að eins fæ snortið yfirhöfn hans, þá mun mjer batna; en Jesús snerist við, og þá hann leit hana, sagði hann: vertu hughraust, dóttir; þín trú hefur hjálpað þjer; og varð hún jafnskjótt heilbrigð. Nú er hann kom í hús höfðingjans, og sá þar pípara og þys fólksins, sagði hann til þeirra: farið þjer í burtu; ekki er stúlkan dauð, heldur sefur hún; en þeir hlógu að honum. En þá búið var að rýma fólkinu út, gekk hann inn og tók í hönd henni, og reis þá stúlkan upp; og barst fregnin um þetta út um allt það hjerað.

Á 25. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Drottinn guð, himneski faðir! vertu oss aumum syndurum náðugur og miskunnsamur. Láttu þitt heilaga lífsins orð jafnan vera ljós á vorum vegum og lampa vorra fóta, svo vjer aldrei villumst af þínum vegi. Þá munum vjer ekki koma til dómsins, heldur fara frá dauðanum til lífsins. Fyrir þinn elskulegan son, o. s. frv.

Pistillinn.

(1. Tess. IV., 13.—18.).

Ekki vil jeg, bræður, láta yður vera ókunnugt um hina burtsofnuðu, svo að þjer sjeuð ekki hryggir, eins og hinir, sem vonlausir eru; því ef vjer trúum því, að Jesús sje dáinn og upp aptur risinn, þá mun guð sömuleiðis fyrir Jesúm ásamt honum leiða til sín þá, sem sofnaðir eru; því það segi jeg yður í drottins orða stað, að vjer, sem eptir verðum lífs við tilkomu drottins, munum ekki fyrri verða en hinir burtsofnuðu; því sjálfur drottinn mun með ákalli, með höfuðengils raust og með guðs lúðri af himni niðurstíga, og þeir, sem í Kristó eru dánir, munu fyrst upprísa; síðan munum vjer, sem eptir erum lifandi, verða hrifnir til skýja ásamt þeim til fundar við drottin í loptinu, og munum vjer síðan með drottni vera alla tíma. Huggið því hver annan með þessum orðum.

Guðspjallið.

(Matt· XXIV., 15.—28.).

Jesús sagði við sína lærisveina: En nær þjer sjáið viðurstyggð eyðileggingarinnar standandi á helgum stað, sem Daníel hefur spáð um, (hver, sem les það, gefi gaum að því), þá flýi hver sá, sem í Júdea er, til fjalla; hver sá, sem er á húsþaki, varist hann að fara ofan í hús sitt til að taka nokkuð þaðan. Hver, sem er á akri, snúi hann ekki til baka að taka klæði sín. Æ, vesælar eru á þeim tíma konur þungaðar og þær, er börn hafa á brjósti. En biðjið þjer, að yðar flótti verði ekki um vetur eða á hvíldardegi; því þá mun vera svo stór hörmung, að engin hefur þvílík verið frá byrjun heims

til þessarar tíðar, og ekki heldur mun síðar verða; og nema þessir dagar styttist, mundi enginn frelsast, en fyrir útvaldra sakir mun þessi tími styttast. Þó einhver segi yður þá, að Kristur sje hjer eða þar, þá skuluð þjer ekki trúa; því falskristar og falskennendur munu þá upp koma og gjöra stór undur og tákn, svo að í villu munu leiðast, ef unnt væri, jafnvel útvaldir. Gætið nú þess, að jeg hef sagt yður þetta fyrir. Þegar þeir nú segja yður, að hann sje í eyðimörku, þá farið ekki út þangað; og þegar þeir segja, að hann sje í launkofum, þá trúið því ekki. Því eins og eldingin út gengur frá austri og skín allt til vesturs, eins mun verða tilkoma mannsins sonar; því þar sem hræið er, þangað munu ernirnir safnast.

Á 26. sunnudag eptir trínitatis.

Kollektan.

Mildiríki himneski faðir! þú, sem ekki vilt dauða syndugs manns, heldur að hann snúi sjer og lifi, og sem fyrir Jesúm Krist hefur stofnað hjá oss ríki þinnar náðar, fyrirgef oss af miskunn þinni allar vorar syndir og yfirsjónir, og láttu oss finna hvíld og hugsvölun, fyrir þinn elskulegan son, drottin vorn, Jesúm Krist, sem með þjer lifir og ríkir í einingu heilags anda einn sannur guð, frá eilífð til eilífðar.

Pistillinn.

(1. Tess. V., 12.—23.).

En þess biðjum vjer yður, bræður, að þjer hafið mætur á þeim, sem vinna hjá yður og veita yður forstöðu í drottni og áminna yður, og að þjer auðsýnið þeim sjerlega virðing og elsku fyrir verk þeirra. Verið friðsamir innbyrðis. Enn fremur áminni jeg yður, bræður, að þjer áminnið hina óstýrilátu, huggið ístöðulitla, styðjið þá, sem veikir eru, hafið umburðarlyndi við alla. Sjáið til, að enginn gjaldi illt með illu, en stundið ávallt gott að gjöra, bæði hver öðrum innbyrðis og öllum út í frá. Verið ætíð glaðir. Biðjið án afláts. Gjörið þakkir fyrir allt, því það er guðs vilji yður við-

víkjandi í Kristi Jesú. Slökkvið ekki andann. Fyrirlítið ekki spádómsgáfur; prófið heldur allt og haldið því, sem gott er. Haldið yður frá illu, hverrar tegundar sem það er. En sjálfur friðarins guð helgi yður algjörlega og allur yðar andi, sál og líkami varðveitist flekklaust í tilkomu drottins vors Jesú Krists.

Guðspjallið.

(Matt. XI., 25.—30.).

Um sama leyti tók Jesús svo til orða: Jeg þakka þjer, faðir, drottinn himins og jarðar, að þú hefur látið þessa hluti vera hulda fyrir fróðum mönnum og spekingum, en auglýst þá smælingjum. Sannarlega hefur þjer, faðir, þóknazt, að svo skyldi vera. Allt er mjer af mínum föður í vald gefið, og enginn þekkir soninn, nema faðirinn og enginn föðurinn, nema sonurinn og sá, sem sonurinn vill það auglýsa. Komið til mín allir þjer, sem erfiðið og þunga eruð hlaðnir; jeg vil gefa yður hvíld; takið á yður mitt ok og lærið af mjer, því jeg er hógvær og af hjarta lítillátur, og munuð þjer hugsvölun finna; því mitt ok er inndælt og mín byrði ljett.

Á 27. sunnudag eptir trínitatis.

Kollekta, pistill og guðspjall stendur á 6. sunnudag eptir þrettánda. (Sjá bls. 17.—18.).

Jesú Krists
píslarsaga,

saman lesin eptir hinum
fjórum guðspjallamönnum.

Fyrsti partur.

Þegar Jesús og lærisveinar hans höfðu lokið kvöldmáltíðinni og sungið lofsönginn, gekk hann út úr borginni; fór hann þá sem hann var vanur yfir um lækinn Kedron til olíufjallsins, og fylgdu honum lærisveinar hans. Og er hann var þangað kominn, sagði hann við þá: á þessari nóttu munuð þjer allir heykslast á mjer, því skrifað er: hirðinn mun jeg slá og sauðir hjarðarinnar munu tvístrast; en eptir upprisu mína mun jeg verða kominn á undan yður í Galílea. Þá svaraði Pjetur honum: þótt allir hneykslist á þjer, skal jeg samt aldrei hneykslast á þjer. Jesús svaraði: sannlega segi jeg þjer: nú í nótt, áður en haninn hefur galað tvisvar, muntu þrisvar hafa afneitað mjer. Pjetur kvað þá enn frekar að og mælti: þótt jeg ætti að láta líf mitt með þjer, skyldi jeg þó aldrei afneita þjer; hið sama sögðu og allir lærisveinarnir. Síðan kom Jesús með þeim til staðar þess, er hjet Getsemane; þar var grasgarður. En Júdas, sem sveik hann, þekkti og stað þennan, því Jesús var vanur að ganga þangað með lærisveinum sínum. En er Jesús var þangað kominn, mælti hann til lærisveina sinna: setjizt hjer á meðan jeg fer og biðst fyrir; biðjið, að þjer fallið ekki í freistni. En Pjetur og þá tvo sonu Sebedeusar, Jakob og Jóhannes, tók hann með sjer; tók hann þá ákaflega að hryggjast og verða mjög harmþrunginn og sagði: sál mín er hrygg allt til dauða; bíðið hjer og vakið með mjer. Þá gekk hann litlu lengra fram, nær einu steinsnari, fjell fram á ásjónu

sína og bað, að þessi stund mætti hjá sjer líða, ef þess væri kostur, og sagði: Faðir minn, ef mögulegt er, þá víki frá mjer þessi kaleikur. Faðir minn, allt er þjer mögulegt; tak þennan bikar frá mjer; þó ekki sem jeg vil, heldur sem þú vilt. Síðan kom hann aptur til lærisveina sinna og fann þá sofandi; hann sagði þá við Pjetur: Símon, sefur þú? gaztu ekki vakað eina stund með mjer? Vakið og biðjið, svo þjer fallið ekki í freistni; andinn er að sönnu reiðubúinn, en holdið er veikt. Þá fór hann í öðru sinni, baðst fyrir og sagði: Faðir minn, ef það er ekki mögulegt, að þessi kaleikur víki frá mjer án þess jeg drekki hann, þá verði þinn vilji. Síðan kom hann og fann þá aptur sofandi, því svefnþungi mikill var fallinn á augu þeirra, svo að þeir ekki vissu, hverju þeir svöruðu honum; fór hann þá enn frá þeim og gjörði bæn sína í þriðja sinni með sömu orðum og sagði: Faðir, ó að þú vildir taka þennan kaleik frá mjer; en verði samt þinn, en ekki minn vilji. Birtist honum þá engill af himni, sem styrkti hann; og er hann var staddur í dauðans angist, tók hann enn ákafar að biðja; en sveiti hans var sem blóðdropar, er fjellu á jörðina. Síðan stóð hann upp frá bæn sinni, kom til lærisveinanna í þriðja sinni og fann þá enn sofandi af hryggð. Þá sagði hann við þá: sofið nú það eptir er og hvílizt; hví sofið þjer? það er nóg; rísið upp og biðjið, að þjer fallið ekki í freistni. Sjáið, stundin nálgast og er þegar komin, að mannsins sonur verður fram seldur á vald vondra manna; standið upp og förum hjeðan; sá er í nánd, er mig svíkur.

Annar partur.

Meðan Jesús var þetta að mæla, kom Júdas, einn af þeim tólf, og með honum fjöldi manna með blysum og skriðbyttum, búnir sverðum og forkum, er höfuðprestarnir, hinir skriptlærðu og öldungarnir höfðu sent; voru það þjónar prestahöfðingjanna og Farísеanna og stríðsmannaflokkurinn, er Júdas hafði tekið með sjer. En Jesús, sem vissi allt, er yfir hann mundi koma, gekk fram og sagði við þá: að hverjum leitið þjer?

Þeir svöruðu honum: að Jesú frá Nazaret. Jesús sagði við þá: jeg em hann. En Júdas, sem sveik hann, stóð hjá þeim. Þegar hann þá sagði við þá: jeg em hann, hopuðu þeir á hæl og fjellu til jarðar. Hann spurði þá því í annað sinn: að hverjum leitið þjer? En þeir sögðu: að Jesú frá Nazaret. Jesús svaraði: jeg sagði yður, að jeg væri sá hinn sami; ef þjer þá leitið mín, þá leyfið þessum að fara; — svo það orð rættist, sem Jesús hafði talað: engum glataði jeg af þeim, sem þú gafst mjer. — En svikarinn hafði sagt þeim þetta til marks: sá, sem jeg kyssi, hann er Jesús; handtakið hann og leiðið hann varlega burt. Og er hann kom, gekk hann þegar að Jesú og mælti: heill meistari, og mynntist við hann. En Jesús sagði við hann: vinur, hví ertu hjer kominn? Júdas, svíkur þú mannsins son með kossi? Þá gengu þeir að Jesú, lögðu hendur á hann og gripu hann. En er þeir, sem með honum voru, sáu, hvað verða mundi, sögðu þeir: herra, eigum vjer ekki að bregða sverði? En einn af þeim, sem voru með Jesú og hjá stóðu, Símon Pjetur, er hafði sverð, greip til þess, brá því, hjó til þjóns hins æðsta prests og sneið af honum hægra eyrað; en sá þjónn hjet Malkus. Jesús mælti: látið hjer við staðar nema; hrærði við eyra þjónsins og læknaði hann. Og við Pjetur sagði hann: slíðra þú sverð þitt; þeir, er með vopnum vega, munu og fyrir vopnum falla; eða heldur þú, að jeg nú geti ekki beðið föður minn, svo að hann sendi mjer meir en tólf fylkingar engla? Ætti jeg að skorast undan, að drekka þann kaleik, sem faðir minn hefur gefið mjer? En hvernig ættu þá ritningarnar að uppfyllast? því þetta á svo að fara. Því næst mælti Jesús við flokkinn, hina æðstu presta, fyrirliða varðmanna musterisins og öldungana: þjer eruð farnir út að höndla mig með sverðum og forkum eins og ræningja; en á hverjum degi hef jeg þó hjá yður verið, setið og kennt í musterinu, og þjer hafið eigi lagt hendur á mig; en þessi er yðar tími og myrkranna veldi, og er allt þetta skeð, svo það rætist, er spámennirnir hafa sagt. Þá yfirgáfu hann allir lærisveinar hans og flýðu. Maður nokkur ungur fylgdist með honum; hann hafði lín eitt

klæða á berum sjer; og er flokksmennirnir vildu handtaka hann, kastaði hann línklæðinu og flýði nakinn í burt frá þeim.

Þriðji partur.

Flokkurinn, fyrirliðinn og þjónar Gyðinganna gripu nú Jesúm og bundu hann, og leiddu hann fyrst til Hannasar, því hann var tengdafaðir Kaífasar, sem það árið var æðsti prestur; en Kaífas var sá, sem gefið hafði Gyðingum það ráð, að gagnlegt væri, að einn maður væri líflátinn fyrir þjóðina. Söfnuðust nú þangað allir hinir æðstu prestar og öldungarnir og hinir skriptlærðu. En Símon Pjetur fylgdi Jesú álengdar allt inn í garð höfuðprestsins og annar lærisveinn; sá lærisveinn var kunnugur hinum æðsta presti og gekk inn með Jesú í hús prestahöfðingjans, en Pjetur stóð fyrir utan dyrnar. Þá gekk út hinn annar lærisveinn, sem kunnugur var prestahöfðingjanum, talaði við þá þernu, sem gætti dyranna, og leiddi Pjetur inn; höfðu þjónustumennirnir kveyktan eld í miðjum hallargarðinum og sezt við hann; tók Pjetur sjer þá sæti meðal þeirra og ornaði sjer við logann, til þess hann sæi, hver endir þar á yrði. Nú er Pjetur sat utarlega í garðinum, kom til hans ambátt nokkur, starði á hann og mælti: ert þú ekki líka einn af lærisveinum þessa manns? þú varst með Jesú hinum naðverska frá Galíleu. En hann neitaði því svo allir heyrðu og mælti: kona, ekki em jeg; eg þekki ekki þann mann og veit ekki, hvað það er, sem þú talar um; gekk hann þá út í forgarðinn og þá gól haninn. En þjónarnir og sveinarnir stóðu þar við eld, sem þeir höfðu gjört og vermdu sig, því kalt var; stóð Pjetur hjá þeim og vermdi sig. Prestahöfðinginn spurði þá Jesúm að lærisveinum hans og kenningu. Jesús svaraði honum: jeg hef talað opinberlega fyrir heiminum; jeg hef ætíð kennt í samkundunum og í musterinu, þar sem allir Gyðingar koma saman, og ekkert hef jeg talað í leyni; hví spyr þú mig þá? Spyr þú þá, sem heyrt hafa, hvað jeg hef talað við þá; sjá, þessir vita, hvað jeg hef sagt. En er Jesús talaði þetta, gaf einn af þjónunum, sem hjá stóð, Jesú kinnhest og sagði: svarar þú svona presta-

höfðingjanum? Jesús svaraði honum: hafi jeg talað rangt, þá sanna þú það, en hafi jeg talað rjett, hví slær þú mig? Hannas sendi hann þá bundinn til prestahöfðingjans Kaifasar. En þernan sá Pjetur aptur og sagði við þá, sem hjá stóðu: þessi er einn af þeim. En er hann gekk út í fordyrið, þá leit hann önnur ambátt og mælti við þá, sem hjá voru: þessi maður var með Jesú frá Nazaret. Litlu síðar sá hann annar maður og sagði: þú ert og einn af þeim; enn fremur sögðu þeir við hann: ert þú og einn af hans lærisveinum? En hann neitaði aptur með eiði og kvaðst ekki þekkja þann mann. En hinir æðstu prestar, öldungarnir og allt hið mikla ráð, leituðu ljúgvitna gegn Jesú, svo þeir gætu selt hann í dauðann, en fundu ekkert saknæmt um hann, jafnvel þó margir ljúgvottar kæmu fram; því þó margir bæru ljúgvitni gegn honum, urðu þó vitnisburðir þeirra eigi samhljóða. Að síðustu stóðu nokkrir upp og tveir ljúgvottar komu fram, báru ljúgvitni og sögðu: Vjer heyrðum hann segja: jeg skal brjóta niður þetta musteri guðs, er með höndum er gjört, og innan þriggja daga byggja upp annað musteri, sem ekki er með höndum gjört; en ekki varð heldur vitnisburður þeirra samhljóða í þessu. Þá stóð upp hinn æðsti prestur, spurði Jesúm og sagði: svarar þú engu? hvað vitna þessir gegn þjer? en Jesús þagði og svaraði engu orði. Höfuðpresturinn spurði hann þá enn aptur og mælti: ertu Kristur, sonur hins blessaða? jeg særi þig við hinn lifanda guð, að þú segir oss það, ef þú ert Kristur, sonur guðs. Jesús sagði: Svo er sem þú sagðir, jeg em hann; en jeg segi yður, að eptir þetta munuð þjer sjá mannsins son sitjandi til hægri handar hins alvalda guðs og komanda í skýjum himins. Þá reif hinn æðsti prestur klæði sín og mælti: hann guðlastar; hvað þurfum vjer nú framar vitnanna við? nú heyrðuð þjer sjálfir hans guðlöstun. Hvað lízt yður? En þeir kváðu hann allir dauða sekan. Nú er liðin var hjer um bil einn tími, styrkti annar maður það, (að Pjetur væri einn af lærisveinum Jesú), og sagði: í sannleika var þessi maður einnig með honum, því hann er frá Galílea; þá gengu og þeir fram, er hjá voru, og

sögðu við Pjetur: víst ertu af hans mönnum; það auglýsir mál þitt. Einn af þjónum prestahöfðingjans, frændi þess, sem Pjetur hjó af eyrað, sagði þá og: sá jeg þig ekki í grasgarðinum með honum? Þá neitaði Pjetur enn aptur og mælti: jeg skil ekki, maður, hvað þú segir; og hann tók að sverja og formæla sjer, að ekki þekkti hann þennan mann, er þeir töluðu um. Þá gól haninn annað sinn, en drottinn sneri sjer við og leit til Pjeturs; minntist þá Pjetur þess, er Jesús hafði sagt við hann, að áður en haninn galaði tvisvar, mundi hann þrisvar hafa afneitað sjer; gekk hann þá út og grjet sáran. En þeir menn, sem höfðu Jesúm í varðhaldi, hræktu í andlit honum, gjörðu gys að honum og slógu hann, sumir með hnefum og sumir með lófum; byrgðu þeir fyrir augu hans og slógu í andlit honum og sögðu: spá þú, hver var sá, sem barði þig? og margt annað sögðu þeir háðulegt við hann.

Fjórði partur.

Undir eins í dögun morguninn eptir söfnuðust saman öldungar lýðsins, hinir æðstu prestar, skriptlærðir og allt ráðið, og gjörðu ráð sín gegn Jesú, svo þeir gætu ráðið hann af dögum; færðu þeir hann þá í ráðstofu sína og sögðu: ert þú Kristur? seg oss það. En hann sagði við þá: þó jeg segi yður það, þá trúið þjer því ekki; en spyrji jeg yður nokkurs, þá svarið þjer mjer ekki nje látið mig lausan; en hjeðan af mun mannsins sonur sitja til hægri handar guðs kraptar. Þá spurðu þeir allir: ert þú þá guðs sonur? Hann mælti: þjer segið satt, því jeg em það. Þá sögðu þeir: hvað þurfum vjer nú framar vitna við, þar vjer höfum sjálfir heyrt það af hans munni? Allur mannfjöldinn stóð þá upp og færði Jesúm bundinn frá Kaífasi til hallar landshöfðingjans og seldi hann í hendur landstjóranum Ponzíus Pílatus; það var snemma morguns. En er Júdas, sá er sveik hann, sá, að hann var til dauða dæmdur, iðraðist hann og skilaði hinum æðstu prestum og öldungunum aptur hinum þrjátíu silfurpeningum og mælti: illa gjörði jeg, er jeg sveik saklaust blóð; en þeir sögðu: hvað kemur það oss við?

sjá þú fyrir því. Þá kastaði hann silfrinu á musterisgólfið, skundaði þaðan og hengdi sig. En hinir æðstu prestar tóku silfrið og sögðu: það er ekki leyfilegt, að leggja það í guðskistuna, því það er blóðsverð. Tóku þeir því það til ráðs, að kaupa með því leirkerasmiðsakur, til að jarða þar í útlenda menn, og þess vegna er hann enn þá kallaður blóðsakur. Þannig rættist það, er Jeremías segir: þeir tóku þá þrjátíu silfurpeninga, verð þess, er metinn var, sem þeir keyptu af Ísraelsbörnum, og þeir keyptu fyrir þá leirkerasmiðsakur, eins og drottinn hafði boðið mjer. Hinir æðstu prestar og öldungarnir gengu ekki sjálfir inn í höll landshöfðingjans, svo þeir saurguðust ekki, heldur mættu neyta páskalambsins. Pílatus gekk þá út til þeirra og sagði: hverja ákæru færið þjer gegn þessum manni? Þeir svöruðu og sögðu við hann: væri þessi ekki illræðismaður, þá hefðum vjer ekki selt þjer hann í hendur. Pílatus sagði þá við þá: takið þjer hann og dæmið hann eptir yðar lögum. Þá sögðu Gyðingar við hann: oss leyfist ekki að lífláta nokkurn, svo það rættist, sem Jesús hafði fyrir fram sagt um það, hvaða dauðdaga hann mundi fá. Tóku þeir þá til að áklaga hann með svo felldum orðum: vjer höfum komizt að því, að maður þessi afvegaleiðir alþýðuna og bannar að gjalda keisaranum skatt og segist vera konungurinn Kristur. Pílatus gekk þá aptur inn í höllina, kallaði Jesúm til sín og sagði við hann: ert þú konungur Gyðinga? Jesús svaraði: talar þú þetta af sjálfum þjer, eða hafa aðrir sagt þjer það um mig? Pílatus svaraði: er jeg þá Gyðingur? Þjóð þín og kennimannahöfðingjarnir færðu mjer þig; hvað hefir þú aðhafzt? Jesús svaraði: mitt ríki er ekki af þessum heimi; væri mitt ríki af þessum heimi, þá hefðu þjónar mínir barizt, svo jeg kæmist ekki á vald Gyðinga; en nú er mitt ríki ekki þaðan. Pílatus sagði þá við hann: ertu þá samt konungur? Jesús svaraði: rjett segir þú, að jeg sje konungur; til þess em jeg fæddur og til þess kom jeg í heiminn, að jeg beri vitni sannleikanum, og hver, sem elskar sannleikann, sá hlýðir minni röddu. Pílatus svaraði honum: hvað er sannleikur? Og í því hann sagði þetta, gekk

hann út aptur til Gyðinga og sagði til hinna æðstu presta og lýðsins: jeg finn enga sök hjá þessum manni. En er hinir æðstu prestar og öldungar báru sakir á hann, svaraði hann engu. Pílatus sagði þá við hann: svarar þú engu? heyrir þú ekki, hve harðlega þeir ásaka þig? En hann svaraði honum ekki til neins orðs, svo að landstjórann furðaði mjög; en Gyðingar voru því ákafari og sögðu: hann hefur uppæst fólkið með kenningum sínum í öllu Gyðingalandi, allt frá Galílea og hingað. Nú er Pílatus heyrði, að hann væri frá Galílea, spurði hann, hvort þessi maður væri frá Galíleu; og er hann varð þess vís, að hann var úr ríki Heródesar, sendi hann hann til Heródesar, sem um þessar mundir var í Jerúsalem. En þegar Heródes sá Jesúm, varð hann næsta glaður, því lengi hafði hann langað til að sjá hann, því hann hafði heyrt margt af honum sagt, og gjörði sjer von um, að sjá eitthvert teikn af honum; spurði Heródes hann á marga vegu, en hann svaraði honum engu; gengu þá fram hinir æðstu prestar og skriptlærðir og áklöguðu hann harðlega, en Heródes og stríðsmenn hans hæddu hann og gjörðu gys að honum, lögðu yfir hann hvítt klæði, og sendu hann aptur til Pílatusar. Á þessum sama degi urðu þeir Pílatus og Heródes vinir, því áður hafði verið fjandskapur milli þeirra. Nú ljet Pílatus saman kalla hina æðstu presta, höfðingjana og fólkið, og tók svo til orða: þjer hafið fært mjer þennan mann svo sem þann, er frásneri lýðnum; en sjáið, nú í yðar viðurvist hef jeg rannsakað málefni hans og ekki fundið hann sekan um nokkuð það, er þjer ákærið hann fyrir; ekki heldur Heródes, því til hans sendi jeg yður sjálfa. Sjáið nú, ekkert er það af honum drýgt, er dauða sje vert; ætla jeg því að refsa honum og láta hann lausan. En á hátíðinni var landstjórinn vanur að láta lausan bandingja þann einn, er þeir sjálfir æsktu sjer og kysu; en þá var þar bandingi nokkur nafnkunnur að nafni Barabbas, er í böndum var hafður ásamt með öðrum uppreistarmönnum, sem í upphlaupi nokkru höfðu víg vegið. Nú er þeir voru saman komnir, sagði Pílatus við þá: það er venja hjá yður, að jeg á páskum gefi yður einn

lausan. En er lýðurinn tók til að kalla upp og heimta, að hann vildi gjöra sem hann væri vanur, tók Pílatus til orða og sagði: viljið þjer, að jeg gefi yður lausan Gyðingakonunginn? hvort viljið þjer, að jeg gefi yður lausan Barabbas eða Jesúm, sem Kristur er kallaður? því hann vissi, að höfuðprestarnir höfðu fyrir öfundarsakir framselt Jesúm. En er hann sat á dómstólnum, sendi kona hans til hans og ljet segja honum: láttu þennan rjettláta mann vera, því margt þungt hefur mjer borizt í drauma í dag hans vegna. En hinir æðstu prestar æstu upp múginn og eggjuðu alþýðuna til að biðja, að hann heldur gæfi þeim Barabbam lausan, en ljeti aflífa Jesúm. Síðan tók landstjórinn til orða og mælti: hvorn þessara tveggja viljið þjer nú að jeg gefi yður lausan? en þeir sögðu: Barabbas. En Pílatus vildi láta Jesúm lausan, og sagði þá aptur við þá: hvað viljið þjer þá, að jeg gjöri við Jesúm, er Kristur kallast, Gyðingakonunginn, er þjer svo nefnið? þeir kölluðu þá allir: lát þú krossfesta hann, krossfestu hann. Í þriðja sinni sagði Pílatus við þá: hvað hefur þá þessi maður illt aðhafzt? jeg hef enga dauðasök fundið hjá honum; þess vegna vil jeg refsa honum og láta hann svo lausan; en þeir kölluðu þess ákafar: krossfestu hann, krossfestist hann; og þeir æptu allir og sögðu: (gef oss) ekki þennan (lausan), heldur Barabbas; en Barabbas var stigamaður, sem settur var í myrkvastofu fyrir upphlaup í borginni og manndráp. Stóðu þeir nú því fastar á með miklum óhljóðum og kröfðust, að hann skyldi krossfestast; og óhljóð þeirra og hinna æðstu presta tóku yfir. Þá tók Pílatus Jesúm og húðstrýkti hann. Að því búnu leiddu stríðsmenn landstjórans Jesúm inn í ráðhúsið og söfnuðu að honum öllum flokknum, færðu hann af klæðum sínum og lögðu yfir hann purpurakápu, fljettuðu kórónu af þyrnum og settu á höfuð honum, gáfu honum reyr í hægri hönd, hneigðu sig fyrir honum, hæddu hann og mæltu: heill vertu, Gyðinga konungur. Gáfu þeir honum svo pústra, hræktu á hann, tóku reyrinn og hröktu um höfuð honum, fjellu á knje og veittu honum lotningu. Pílatus gekk þá út aptur og sagði við þá: sjá, jeg leiði hann nú út aptur

til yðar, svo að þjer vitið, að jeg finn enga sök hjá honum. Jesús gekk þá út með þyrnikórónu á höfði og í purpurakápu, og Pílatus sagði við þá: sjáið manninn. En þegar prestahöfðingjarnir og þjónarnir sáu hann, æptu þeir og sögðu: krossfestu, krossfestu hann. Pílatus sagði við þá: takið þjer hann og krossfestið, því jeg finn enga sök hjá honum. Gyðingar svöruðu honum: vjer höfum lög og eptir vorum lögum á hann að deyja, því hann hefur gjört sig sjálfan að guðs syni.

Fimmti partur.

Þegar Pílatus heyrði þetta, varð hann enn hræddari, gekk inn í höllina aptur og sagði við Jesúm: hvaðan ertu? en Jesús svaraði honum ekki. Pílatus sagði þá við hann: talar þú ekki við mig? veiztu ekki, að jeg hef vald til að krossfesta þig og vald til að láta þig lausan? Jesús svaraði: ekki hefðir þú vald yfir mjer, nema þjer væri gefið það ofan að; því er sá enn sekari, sem ofurseldi mig þjer. Upp frá því leitaðist Pílatus við, að láta hann lausan, en Gyðingar kölluðu og sögðu: ef þú sleppir honum, þá ertu ekki vinur keisarans; hver, sem gjörir sig að konungi, hann rís á móti keisaranum. Þegar Pílatus heyrði þetta, leiddi hann Jesúm út og settist á dómstólinn á þeim stað, sem heitir hinn steinlagði, en á hebresku Gabbaþa; en þá var aðfangadagur páska, hjer um bil um sjöttu stund. Nú sagði hann við Gyðinga: sjáið konung yðar! en þeir kölluðu: burt, burt með hann, krossfestu hann. Pílatus sagði við þá: á jeg að krossfesta konung yðar? Þá svöruðu hinir æðstu prestar: vjer höfum ekki konung nema keisarann. Nú er Pílatus sá, að hann engu fjekk til leiðar komið, en að háreystið fór i vöxt, tók hann vatn og þvoði hendur sínar svo allir sáu og mælti: sýkn er jeg af blóði þessa rjettláta manns; sjáið þjer fyrir því. Þá mælti allur lýður: komi blóð hans yfir oss og börn vor. Nú með því að Pílatus vildi gjöra eptir vild lýðsins, þá lagði hann þann úrskurð á, að beiðni þeirra skyldi verða framgengt, og gaf þeim að bón þeirra Barabbas lausan, sem fyrir upphlaup og manndráp hafði verið settur í myrkvastofu, en Jesúm

framseldi hann eptir vild þeirra, til þess að hann yrði krossfestur; þeir tóku þá við Jesú, færðu hann úr purpurakápunni og í hans eigin klæði, og leiddu hann út, til að krossfesta hann; og hann bar sinn kross. En er þeir gengu út, fundu þeir mann, er kom af akri og gekk þar fram hjá, að nafni Símon frá Sýrene, föður þeirra Alexanders og Rúfusar; þennan mann tóku þeir, neyddu hann til að bera kross Jesú og lögðu krossinn á hann, að hann bæri hann eptir Jesú. En mikill fjöldi fólks og kvenna fylgdi honum eptir, sem hörmuðu og grjetu yfir honum; þá sneri Jesús sjer til þeirra og mælti: þjer Jerúsalems dætur, grátið ekki yfir mjer, en grátið yfir sjálfum yður og börnum yðrum; því sjáið, þeir tímar munu koma, að menn munu segja: sælar eru óbyrjur og þau móðurlíf, er ekkert fóstur báru, og þau brjóst, er ekki voru mylkt. Þá munu menn segja til fjallanna: hrynjið yfir oss! og til hálsanna: hyljið oss! því ef menn fara svo með hið græna trjeð, hversu mun þá fara fyrir hinu visna. Með honum voru færðir til líflåts tveir illræðismenn. Síðan færðu þeir Jesúm til þess staðar, er á hebresku heitir Golgata; það þýðir hausaskeljastaður; gáfu þeir honum að drekka súrt vín, myrrublandað og beiskjuborið; en er hann hafði smakkað það, vildi hann ekki drekka. Og er þeir voru komnir til þess staðar, sem kallaður er hausaskeljastaður, krossfestu þeir hann þar og hina tvo illræðismenn, annan til hægri handar honum, og hinn til vinstri, en Jesúm í miðið; rættist svo það, er ritningin segir: með illvirkjum er hann talinn. En það var um þriðju stund, að þeir krossfestu hann. En Jesús sagði: Faðir, fyrirgef þeim, því þeir vita ekki, hvað þeir gjöra. En Pílatus skrifaði líka yfirskript, er hann festi á krossinn, og var dauðasök Jesú rituð yfir höfði honum. En yfirskriptin var rituð á hebresku, grísku og latínu, þannig hljóðandi: Þessi er Jesús af Nazaret, konungur Gyðinganna. Þessa yfirskript lásu margir Gyðingar, því sá staður, þar sem Jesús var krossfestur, var nærri borginni. Þá sögðu æðstu prestar Gyðinga við Pílatus: skrifa þú ekki: konungur Gyðinganna, heldur að hann hafi sagt: jeg

em konungur Gyðinga. Pílatus svaraði: það, sem jeg hef skrifað, það hef jeg skrifað.

Sjötti partur.

En er stríðsmennirnir höfðu krossfest Jesúm, tóku þeir klæði hans og skiptu í fjóra parta, hverjum stríðsmanni einn part, og köstuðu hlutum um, hvað hver skyldi eignast; þeir tóku líka kyrtilinn; en kyrtillinn var ekki saumaður, heldur frá ofanverðu niður úr prjónaður. Þeir sögðu því hver við annan: skerum hann ekki í sundur, hlutumst heldur um, hver hann skal fá; svo að sú ritning rættist, sem segir: þeir skiptu með sjer klæðum mínum og köstuðu hlut um kyrtil minn. Þetta gjörðu nú stríðsmennirnir og fólkið stóð og horfði á; en þeir, sem fram hjá gengu, atyrtu hann, skóku höfuð sín og mæltu: þú, sem ætlaðir að niðurbrjóta musterið og byggja það aptur á þrem dögum, hjálpa þú nú sjálfum þjer; ef þú ert guðs sonur, þá stíg niður af krossinum. Líka hæddu hann hinir æðstu prestar ásamt öldungunum og hinum skriptlærðu og sögðu: öðrum gat hann hjálpað, en sjálfum sjer getur hann ekki bjargað; sje hann Kristur og konungur Ísraels, þá stígi hann niður af krossinum; þá munum vjer trúa honum; hjálpi hann nú sjálfum sjer, ef hann er Kristur, hinn útvaldi guðs; hann treysti guði; hjálpi hann honum nú, ef hann hefur mætur á honum, þar hann kvaðst vera guðs sonur. Sömuleiðis hæddu hann stríðsmennirnir, komu og báru honum súrt vín og sögðu: ef þú ert konungur Gyðinga, þá frelsaðu sjálfan þig. Líka illmæltu honum ræningjarnir, er með honum voru krossfestir; annar þeirra spottaði hann og sagði: sjertu Kristur, þá frelsaðu sjálfan þig og okkur. Þá tók hinn til orða, ávítaði hann og sagði: hræðist þú ekki guð, þar sem þú þó ert undir sama dómi? og að vísu líðum við rjettilega, því við fáum makleg málagjöld fyrir okkar athæfi, en þessi hefur ekkert illt aðhafzt. Og hann sagði við Jesúm: minnzt þú mín, herra, þegar þú kemur í ríki þitt. Og Jesús sagði við hann: Sannlega segi jeg þjer: í dag skaltu vera með mjer í Paradís. En hjá krossinum stóð móðir Jesú og móð-

ursystir hans, María kona Kleófasar, og María frá Magdölum. Þegar Jesús sá nú móður sína og þann lærisvein, sem hann elskaði, standandi þar hjá, sagði hann við móður sína: Kona, sjá, þar er þinn sonur; síðan sagði hann við lærisveininn: sjá, þar er þín móðir, og frá þeirri stundu tók lærisveininn hana að sjer. En það var um sjöttu stund, að myrkur kom yfir allt landið, sem varaði allt til níundu stundar, og sólin missti sinnar birtu. En um níundu stund kallaði Jesús hárri röddu og mælti: Elí! elí! lama sabaktani; það þýðir: guð minn, guð minn, hví hefur þú yfirgefið mig? En er nokkrir af þeim, sem við voru staddir, heyrðu þetta, sögðu þeir, að hann kallaði á Elías; þar eð Jesús vissi, að allt var nú þegar fullkomnað, svo að ritningin skyldi rætast, sagði hann: Mig þyrstir. Þar var ker fullt af ediki, og jafnskjótt hljóp einn af þeim að, tók njarðarvött og fyllti með edik, stakk honum á reyrstaf, gaf honum að drekka og mælti: látum sjá, hvort Elías kemur að taka hann ofan; en aðrir sögðu: reynum vjer, hvort Elías kemur að hjálpa honum. En er Jesús hafði til sín tekið edikið, sagði hann: Það er fullkomnað. Þá kallaði Jesús aptur hárri röddu og sagði: Faðir, í þínar hendur fel jeg minn anda; og er hann hafði þetta mælt, hneigði hann höfuðið og gaf upp andann. Og sjá, fortjald musterisins rifnaði sundur í tvennt, frá ofanverðu og allt niður í gegn; jörðin skalf og bjargin klofnuðu og legstaðir hinna dauðu opnuðust og margir helgir menn risu upp, þeir er áður voru dauðir; og sem þeir voru út farnir af gröfum sínum, komu þeir eptir hans upprisu í borgina helgu og urðu þar sjenir af mörgum. En er hundraðshöfðinginn, sem stóð gegnt honum, sá þessa atburði og að Jesús kallaði svo hátt, er hann ljezt, þá vegsamaði hann guð og sagði: sannlega hefur þessi maður verið rjettlátur og sonur guðs. Og er þeir, sem með honum voru, sem áttu að gæta Jesú, sáu jarðskjálftann og það, sem skeði, urðu þeir næsta hræddir og sögðu: sannarlega var þessi maður guðs sonur. Og er fólkið, sem komið hafði að horfa á þetta, sá, hvað skeði, barði það sjer á brjóst

og sneri heimleiðis. En allir þeir, er honum voru kunnugir, stóðu langt frá og sáu þetta; þar voru og konur margar viðstaddar, sem horfðu á þetta álengdar; meðal þeirra var María frá Magdölum og María, móðir Jakobs yngra og Jósesar, og Salóme, móðir þeirra Sebedeussona; þessar konur höfðu verið í fylgd með honum, þegar hann var í Galílea, og þjónað honum; þar voru og margar aðrar konur, er farið höfðu með honum úr Galílea og upp til Jerúsalem.

Sjöundi partur.

En svo að líkamirnir væru ekki á krossinum um sabbatsdaginn, þar eð aðfangadagur var, því að sá sabbatsdagur var mikill, beiddu Gyðingar Pílatus, að bein þeirra væru brotin og ofan tekin. Þar fyrir komu stríðsmennirnir og brutu fótleggi hins fyrsta og þá hins annars, sem með Jesú höfðu verið krossfestir; en sem þeir komu að honum og sáu, að hann var þegar dáinn, brutu þeir ekki fótleggi hans; en einn af stríðsmönnunum stakk spjóti í síðu hans, og jafnskjótt kom út blóð og vatn; og sá hefur vitnað það, sem sá, og hans vitnisburður er sannur og hann veit, að hann segir satt, svo að þjer einnig trúið. Því þetta er fram komið, svo að ritningin rættist: bein hans skulu ekki brjótast; og á öðrum stað segir önnur ritning: þeir munu sjá þann, sem þeir stungu. Og er kvöld var komið, sem var aðfangadagskvöldið fyrir hvíldardaginn, kom maður sá, er Jósep hjet frá Arimaþíu, auðugur að fje, göfugur ráðherra, góður maður og rjettvís. Þessi maður hafði ekki samþykkt ráð og athafnir þeirra, því hann var einn af lærisveinum Jesú, þó heimulegur af ótta fyrir Gyðingum, og vænti líka eptir guðs ríki. Hann dirfðist að fara inn til Pílatusar og biðja hann um, að mega ofan taka líkama Jesú. En Pílatus furðaði sig á, að hann skyldi þegar vera látinn, og ljet því kalla hundraðshöfðingjann fyrir sig og spurði hann, hvort hann væri fyrir löngu andaður. Og er hann varð þess vís af hundraðshöfðingjanum, leyfði Pílatus og skipaði, að fá Jósep líkið og gaf honum það. Hann fór því til og keypti lín, tók líkið niður og sveipaði

það í líninu; en Nikódemus kom líka, sá sem áður hafði um nótt komið til Jesú; hann hafði með sjer hjer um bil hundrað pund af myrrublönduðu alói. Þá tóku þeir líkama Jesú og sveipuðu hann í líndúk með dýrum smyrslum, eins og Gyðinga siður er að búa lík til greptrunar. En þar, sem Jesús hafði verið krossfestur, var grasgarður og í grasgarðinum ný gröf, sem enginn hafði enn verið lagður í; í þennan nýja legstað, sem Jósep hafði látið úthöggva í klett handa sjálfum sjer, lögðu þeir Jesúm, vegna aðfangadags Gyðinga, því gröfin var nærri, veltu síðan stórum steini fyrir grafardyrnar og fóru á burt. En María frá Magdölum og María móðir Jósesar og konur þær, er með Jesú höfðu komið úr Galílea, fylgdu og eptir, skoðuðu legstaðinn og sáu, hvar og hvernig lík hans var lagt, þar sem þær sátu gegnt gröfinni; sneru þær síðan heim og tilbjuggu ilmandi og dýrmæt smyrsl; en um helgina hjeldu þær kyrru fyrir eptir lögmálinu.

Daginn eptir, sem næstur var eptir aðfangadaginn, söfnuðust hinir æðstu prestar og Farísearnir saman og komu til Pílatusar og sögðu: oss er það í minni, herra, að meðan svikari þessi lifði, kvaðst hann mundu upprísa innan þriggja daga. Lát þú því gæta legstaðarins vandlega allt til hins þriðja dags, svo að ekki komi lærisveinar hans og steli honum, segi síðan lýðnum, að hann sje upprisinn og verði svo seinni villan verri hinni fyrri. Pílatus sagði við þá: hjer hafið þjer varðmennina; farið og gætið legstaðarins sem þjer hafið bezt vit á. Þeir fóru og innsigluðu steininn og ljetu varðmennina gæta grafarinnar.

Bænir
við messugjörðina.

---

1. Bæn eptir prjedikun á sunnudögum og öðrum helgidögum.

Dýrð sje guði föður, syni og heilögum anda, sem var frá

upphafi, sem er og verður til eilífðar! Friður drottins vors Jesú Krists sje með oss öllum. Hugga þú góði guð alla þá, sem sjúkir og sorgmæddir eru, hvort sem þeir eru fjær eða nær. Varðveittu þína kristni og gef öllum þjóðum náð til að þekkja þig og þann, sem þú sendir, Jesúm Krist; haltu þinni almáttugu verndarhendi yfir fósturjörðu vorri, yfir þessu ríki og yfir konungi vorum.

(Hjer er lesin hin fyrirskipaða bæn fyrir konungi, drottningu og skyldfólki þeirra.)

Gefðu þeim og oss öllum náð, frið og blessun og allt, sem miðar til vorrar tímanlegu og eilífu farsældar.

Allar vorar bænir felum vjer í þeirri bæn, sem drottinn sjálfur kenndi oss, og biðjum af hjarta: Faðir vor, o. s. frv.

Meðtakið drottins blessun!

Drottinn blessi þig og varðveiti þig! drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir þig og sje þjer náðugur! drottinn upplypti sínu augliti yfir þig og gefi þjer frið!

(Óvígðir kandídatar enda með þessum postullegu blessunarorðum:)

Náðin drottins vors Jesú Krists, guðs kærleiki og sameining heilags anda sje með yður öllum! Amen.

2. Bæn við barnafermingu.

Fyrir þínu augliti, allsvitandi guð, er nú það hið helga loforð endurnýjað, sem í skirninni var gefið fyrir vora hönd, en sem hingað til sakir bernsku vorrar hefur verið miður haldið en skyldi. Drottinn! þú hefur heyrt játning vara vorra, en þú hefur líka rannsakað hjörtu vor. Miskunna þú oss vegna Jesú Krists, þíns sonar, vors frelsara, og vorkenndu breyskleika vorum. Þú sjer, að andinn er reiðubúinn, en holdið er veikt; þess vegna hljótum vjer að falla, nema þín almættishönd styðji oss á vorum hála vegi í þessari syndum spilltu veröld, sem er full af prettvísi og freistingum.

En þú, drottinn, ert náðugur, miskunnsamur og trúr; þú hefur aldrei yfirgefið þá, sem leituðu þín, og það fyrirheit nær einnig til vor, að þú viljir ekki sleppa þinni hendi af oss. Hvað þurfum vjer þá að óttast, þegar þú, almáttugi guð, vilt vera með oss; því hvað mun þá geta grandað oss? Og að þú ert miskunnarríkur, hefur þú sýnt með þeim mörgu velgjörningum, sem þú hefur veitt oss, því að þeir eru fleiri, en að vjer fáum þá

talið og meiri en að vjer getum metið þá rjett. Í djúpri auðmýkt játum vjer, að vjer erum minni allri þeirri miskunn og trúfesti þinni, sem þú hefur auðsýnt oss frá voru fyrsta andartaki allt til þessarar stundar. Ó! að vjer gætum fært þjer verðuga þakklætisfórn; virztu vegna Jesú Krists að heyra vort ófullkomna barnakvak með föðurlegri velþóknun.

Vertu þá eilíflega lofaður og vegsamaður, góði guð, fyrir þá náð, að þú ljezt oss fæðast og uppalast í kristnu landi, þar sem þitt heilaga orð er kennt hreint og óblandað, og að vjer þegar sem ómálga börn vorum fyrir heilaga skírn teknir í náðarríki þíns sonar, til að öðlast synda fyrirgefning og sáluhjálp fyrir trúna á hann. Vjer þökkum þjer, að þú hefur uppfrætt oss með þínu orði um þitt ráð og þinn vilja oss til sáluhjálpar. Vjer þökkum þjer fyrir þær góðu áminningar og uppörvanir, sem oss eru gefnar af foreldrum og kennendum, og fyrir þær guðrækilegu hugarhræringar og þá löngun eptir hinu góða, sem þinn andi hefur vakið í sálum vorum.

Himneski faðir! vertu oss, börnum þínum, jafnan nálægur, svo vjer ætið getum þakkað þjer eins og vera ber, ekki einungis með orði og tungu, heldur og í verki og sannleika, og fullkomna þú í oss hið góða verkið, sem þú hefur byrjað. Gef þú oss stöðuglyndi í góðum áformum og krapta til að sýna alla þá trúmennsku, sem heimtast af hlýðnum börnum þínum, svo vjer prýðum þinn lærdóm í öllum greinum og vegsömum þig með önd og líkama, sem þú átt.

Vjer höfum heitið því, að afneita djöflinum og öllum hans verkum og öllu hans athæfi. Styrk þú oss, drottinn! svo vjer föllum ekki fyrir árásum freistinganna og óvinur sálnanna geti ekki flækt oss í sínu neti með vondum girndum og syndsamlegum tilhneigingum. Vek oss með kröptugum áminningum í samvizkunni, svo vjer burt rekum allar saurugar hugsanir og svívirðilegar fýsnir. Gef oss vizku til að varast hneykslanlegt eptirdæmi vondra manna og krapta til að standast ginningar þeirra.

Vjer höfum og heitið því, að trúa á þig af öllu hjarta sem föður, son og heilagan anda. Æ! kenn þú oss að meta rjett, hversu huggunarfullt það er fyrir oss breyska syndara, að geta flúið til þín, miskunnsemdanna faðir, sem hefur elskað oss svo heitt, að þú framseldir þinn eingetinn son fyrir vor afbrot og af þínum eilífa kærleika vildir senda oss þinn heilaga anda, til að leiða, stýra og stjórna oss á hinum rjetta sáluhjálparvegi

Legg þú oss lið og krapt þíns anda, til að geta breytt eptir því heilaga sannleikans orði, sem hjá oss er gróðursett, með fúsri hlýðni og elsku, sem eru hinir rjettu ávextir trúarinnar. Láttu þitt himneska föðurnafn minna oss á þann ótta og lotningu, sem góð börn eiga að sýna. Láttu friðþæging lausnara vors vekja hjá oss stöðuga löngun eptir að fylgja honum. Láttu oss jafnan gefa gaum að áminningum hins heilaga anda og breyta eptir þeim. Og þegar vjer krjúpum niður við þitt náðarborð og neytum hinnar helgu kvöldmáltíðar til fullvissu um fyrirgefning vorra synda, útheltu þá í vor hjörtu iðrun og trega sakir breyskleika vors og ávirðinga, en styrk þú jafnframt hjá oss traust á friðþægingu þíns sonar, frelsara vors, sem hefur komið oss í sátt við þig, svo að elska vor til hans verði svo rótfest hjá oss, að fýsn holdsins, lysting augnanna og hjegómi veraldarinnar fái ekki skilið oss við hann. Láttu það sjást í allri vorri breytni, að vjer sjeum hans sannir lærisveinar, og láttu það einnig sjást, að þú sakir þíns elskulega sonar blessir öll vor störf í þínum ótta.

Gef, að sú góða játning, sem í dag hefur verið gjörð, megi bera mikinn ávöxt til eilífs lífs. Blessa þú konung vorn og skyldfólk hans, þetta land og lýð og alla, sem hjer eða annarsstaðar ákalla þitt heilaga nafn. Þitt orð búi ætíð ríkulega meðal vor og þín heilögu sakrament veiti oss jafnan huggun og hugsvölun. Ó, vor guð! hjálpa þú oss til að berjast hinni góðu baráttu, þangað til skeiðhlaup vort er út runnið, svo vjer geymum trúna í hreinu hjarta og gegnum trúlega vorri köllun; og gef oss að síðustu eptir þínum fyrirheitum kórónu rjettlætisins, sem geymd er á himnum handa öllum þeim, sem þráð hafa dýrðloga tilkomu þíns elskulega sonar, drottins vors Jesú Krists. Amen.

3. Bæn eptir prjedikun á bænadaginn.

Eilífi, almáttugi guð! miskunnsami himneski faðir! Með alvarlegum hugsunum og hrærðum hjörtum komum vjer í dag fram fyrir þitt heilaga auglit. Fyrst af öllu lofum og vegsömum vjer af öllu hjarta þína óendanlegu gæzku, sem þú dag eptir dag og ár eptir ár hefur auðsýnt oss allt til þessarar stundar, einkanlega, að þú af einskærri náð og miskunnsemi hefur gefið oss hreinan lærdóm þíns heilaga og sáluhjálplega orðs, sem eitt getur fullnægt þörfum sálna vorra. Þar að auki hefur þú gefið oss daglegt brauð og blessað oss með margs konar tím-

anlegum gæðum. Fyrir þetta allt, fyrir þína vernd og alla þína handleiðslu á oss, sje þitt heilaga nafn blessað og hátt lofað af oss eilíflega. Vjer gleðjumst, drottinn, af þínum velgjörningum; vjer tölum um þá, en getum ekki talið þá.

En, æ! hvað erum vjer, ó guð! að þú þannig minnist vor? og hvað eru vor verk, að þú virðir oss svo mikils? Vjer megum sannlega játa og sárlega kvarta, að vjer erum óverðugir þinnar náðar, sem vjer svo opt höfum hafnað og ekki viljað láta hana leiða oss til alvarlegrar og sannrar iðrunar; því vjer höfum syndgað, drottinn! vjer höfum syndgað í himininn og fyrir þjer. Æ! vorar syndir liggja þungt á oss, vorar syndir beygja oss, og vjer þorum ekki að lypta augum vorum til himins, því að syndasekt vor er mikil. Að vísu höfum vjer opt fundið til synda vorra og kvartað yfir þeim með andvörpunum og tárum; en hverja iðrunarávexti hefur þú síðan fundið hjá oss? Mun þitt allt sjáandi auga finna trú í hjörtum vorum? Og ef vjer þykjumst hafa trúna, muntu þá finna kærleikann, án hvers trúin er ekki annað en dauð trú? Vjer köllum oss sjálfir kristna; en guð náði oss! hversu auman og fánýtan kristindóm vjer sýnum opt og tíðum vor á meðal, fullir af syndum og svívirðingum, og gefum þannig tilefni til þess, að þínu heilaga nafni verður hallmælt meðal vantrúarinnar barna. Ó, vei oss! að vjer þannig höfum syndgað. Gætum vjer þá möglað, þótt þú nú sviptir oss þinni náð, en þar á mót vitjaðir vor með hörðum plágum og ofurseldir oss megnum villudómi? Æ, drottinn! þú hefur sjeð vorar syndir, og syndin leiðir til dauða og glötunar. En fyrir þíns nafns sakir, drottinn! þá vertu oss náðugur og miskunna þig yfir oss. Æ! refsa oss ekki eptir maklegleikum, heldur miskunna þú oss, því að vjer vitum, að þín miskunnsemi er óendanleg, og vjer treystum þínum orðum, að þú viljir ekki dauða syndugs manns, heldur að hann snúi sjer og lifi; þess vegna komum vjer nú fram fyrir þig með voru auðmjúka hjartans bæna ákalli, og byggjum það ekki á voru rjettlæti, heldur á þinni miklu miskunnsemi, og köllum með harmþrungnum og iðrandi hjörtum: æ, faðir! vjer höfum syndgað móti þjer og erum þess ekki verðugir, að kallast þín börn. Fyrirgef, fyrirgef, mildiríki faðir, allar vorar syndir vegna þíns eingetna sonar, Jesú Krists, og tileinka þú oss hans dýrmætu friðþæging, svo vjer getum glaðzt og huggazt sem þín endurleyst börn.

Láttu þitt heilaga orð búa ríkulega meðal vor með rjettri og heilsusamlegri nautn hinna háleitu sakramenta. Gef þú oss

góða prjedikara og kennendur, sem bæði kenni og breyti vel, svo þitt orð gróðursetjist í hjörtunum þjer til dýrðar og oss til sáluhjálpar.

(Hjer er beðið fyrir konunginum og skyldfólki hans.)

Blessa þú fósturjörð vora og lát engan af oss missa þína blessun, tímanlega eða eilífa. Vertu læknir hinna sjúku, hjálpari hinna nauðstöddu, huggari hinna harmþrungnu, verndari ekknanna og faðir föðurlausra. Hugga þú alla huggunarlausa, hjálpa þú öllum hjálparlausum, og miskunna þú oss öllum. Ó, guð! vertu oss aumum syndurum líknsamur, og fyrirgef oss allar vorar syndir í Jesú nafni.

Veit oss, ó guð! þína náð til rjettilegs og alvarlegs angurs og trega sökum áður drýgðra synda, til stöðugrar trúar og trausts á frelsara vorum Jesú Kristi og að síðustu til gleðilegs og sáluhjálplegs viðskilnaðar frá þessum heimi. Hjálpa oss, almáttugi guð og faðir! svo vjer aldrei framar föllum í syndsamlegt andvaraleysi eða vanrækjum þennan vorn vitjunartíma og vorn hjálpræðisdag, heldur ætíð vökum og biðjum þig, svo að vjer hughraustir og vonglaðir bíðum dýrðlegrar tilkomu drottins vors og frelsara Jesú Krists, oss til fullkominnar lausnar og eilífrar sáluhjálpar. Æ! heyr vora bæn, heilagi þríeini guð! og miskunna þig yfir oss nú og ætíð. Amen.

Leiðbeining

fyrir presta.

1. Um barnaskírn í kirkjunni.
2. — heimaskírð börn.
3. — skírn fulltíða manna.
4. — barnaferming.
5. — altarissakramentið.
6. — vitjun og þjónustu sjúkra.
7. — kirkjuleiðslu kvenna.
8. — fanga.
9. — hjónabandið.
10. — greptrun framliðinna.
11. — kirkjuvígslu.
12. — kirkjugarðsvígslu.
13. Prestaeiðurinn.

1. Um barnaskírn í kirkjunni.

Þau lög, sem gilda um skírnina hjer á landi, eru, auk Kristinrjettar Árna biskups, Kirkjuordinanzia Kristjáns 4., tilskip. 3. júní 1746 2. gr., tilskip. 7. maí 1783, kirkjuritúall 1685; sbr. Kirkjurjett Jóns Pjeturssonar, bls. 80.—81.

Það er boðið, að hvert barn skuli skíra innan 8 daga eptir fæðing þess, og er aðalreglan, að sóknarpresturinn skíri það í kirkju upp úr skírnarfontinum; en verði því ekki við komið, er það skírt í heimahúsum, eins og síðar segir. Sjerhvert barn, sem skírt er, á þrisvar að ausast vatni yfir bert höfuð í nafni guðs föður, sonar og heilags anda. Á helgum dögum fram fer skírnin rjett eptir prjedikun. Guðfeðgin eiga að vera tveir karlmenn og einn kvenmaður, guðhræddir og ráðvandir menn; þau mega ekki vera fleiri en 5. Þegar þau eru komin með barnið, gengur presturinn að skírnarfontinum og skírir barnið, eins og nú skal greina:

Fyrst spyr presturinn: Er barnið heima skírt? og sje það ekki, heldur hann áfram og segir:

Elskuleg guðs börn!

Það er vor kristileg játning, að eins og syndin kom fyrir einn mann inn í heiminn og dauðinn fyrir syndina og dauðinn er runninn til allra manna, af því að allir hafa syndgað, eins kemur og líf og rjettlæting til allra manna fyrir rjettlæti hins eina Jesú Krists, svo eins og syndin hefur ríkt fyrir dauðann, eins skal og náðin ríkja fyrir rjettlætið til eilífs lífs, fyrir Jesúm Krist, vorn drottin, sem fyrir vorar syndir var ofurseldur og fyrir vors rjettlætis sakir uppvakinn, í hverjum og guð, vor faðir, hefur útvalið oss, áður en veröldin var grundvölluð, að vjer skyldum vera heilagir og óstraffanlegir fyrir hans augsýn í kærleikanum. En til þess að vjer skyldum fá rjett og aðgang til þessarar guðs náðar í Kristi, hefur hann skipað endurfæðingarinnar og endurnýungarinnar laug í heilögum anda, sem hann úthellir ríkulega yfir oss fyrir Jesúm Krist, vorn lausnara, svo að vjer rjettlætumst fyrir hans náð og verðum erfingjar eilífs lífs eptir voninni; því skírnin er sáttmáli góðrar samvizku við guð fyrir upprisu Jesú Krists. En svo að þetta barn (þessi börn), sem er fætt í synd og því dauða undirorpið eins og allir menn, megi sjá guðs ríki,

í hvert vor herra Jesús Kristur hefur sjálfur sagt að enginn geti inn komizt, nema hann fæðist að nýju af vatni og anda, þá viljum vjer nú í drottins Jesú nafni taka það (þau) fyrir hina heilögu skírn í samfjelag kristilegrar kirkju, til að verða hluttakandi í hans velgjörningum, eins og hann sjálfur hefur fyrir skipað, þegar hann bauð sínum lærisveinum og sagði: Farið út um allan heim og kennið öllum þjóðum og skírið þær í nafni guðs föður, sonar og heilags anda.

(Síðan segir presturinn:)

Meðtak þú teikn hins heilaga kross, bæði á enni og á brjósti, til merkis um að hugur þinn og hjarta á að helgast fyrir trúna á hinn krossfesta drottin Jesúm Krist.

Látum oss alla biðja!

Ó! almáttugi, eilífi guð, faðir drottins vors Jesú Krists! jeg ákalla þig fyrir þetta þitt barn (þessi þín börn), að þú veitir því (þeim) þína skírnargáfu og eilíft líf fyrir hina andlegu endurfæðing. Meðtak þú það (þau) í náð, svo það (þau) öðlist eilífa blessun þessarar himnesku laugar og inntöku í þitt ríki, sem þú hefur oss öllum heitið fyrir Jesúm Krist vorn drottin, amen!

Að drottinn tekur ungbörnin náðarsamlega að sjer, um það fullvissar oss hið helga guðspjall, sem Markús skrifar í 10. kap. og sem hljóðar þannig:

Og menn færðu börn til Jesú, til þess að hann skyldi snerta þau; en lærisveinarnir ávítuðu þá, sem þau báru. Þegar Jesús varð þess vís, líkaði honum það illa og mælti: látið börnin koma til mín og bannið þeim það ekki, því slíkum heyrir guðs ríki til; sannlega segi jeg yður: hver, sem ekki meðtekur guðs ríki eins og barn, mun aldrei þangað koma. Síðan faðmaði hann börnin að sjer, lagði hendur yfir þau og blessaði þau.

Um hina sömu blessun viljum vjer og biðja fyrir þetta unga barn með vorri drottinlegri bæn til guðs.

(Svo leggur presturinn höndina á höfuð barnsins og segir:)

Faðir vor! þú, sem ert á himnum, o. s. frv.

(Síðan gengur presturinn nær skírnarfontinum — og sú, sem barnið ber — og segir:)

Drottinn varðveiti þinn inngang og útgang nú hjeðan í frá og að eilífu, amen!

(Síðan er spurt að nafni barnsins.)

Lofaður sje guð og faðir drottins vors, Jesú Krists, sem eptir sinni miklu miskunnsemi vill endurfæða þig til lifandi vonar fyrir upprisu Jesú Krists frá dauðum og taka þig í samfjelag kristilegrar kirkju fyrir skírnina, sem ekki er burttekt holdsins saurugleika, heldur sáttmáli góðrar samvizku við guð.

En skírnarinnar helgi sáttmáli er í því fólginn,

Að þú afneitir djöflinum og öllum hans verkum og öllu hans athæfi,

Að þú trúir á guð föður, almáttugan skapara himins og jarðar,

Að þú trúir á Jesúm Krist, son hans eingetinn, drottin vorn, getinn af heilögum anda, fæddan af Maríu meyju, píndan undir Ponzíó Pílató, krossfestan, líflátinn og grafinn, niðurstiginn til helvítis, upprisinn af dauða, uppstiginn til himna, sitjandi til guðs föður hægri handar, þaðan komandi að dæma lifendur og dauða,

Að þú trúir á heilagan anda, og að er ein, heilög, almennileg, kristileg kirkja, sem er samneyti heilagra, fyrirgefning syndanna, holdsins upprisa og eptir þetta líf eilíft líf.

Vilt þú upp á þessa trú verða skírður (skírð)?

(Guðfeðginin svara:) Já.

(Barnið nefnist).

N. Jeg skíri þig í nafni guðs föður og sonar og heilags anda.

(Síðan les presturinn með handanna uppáleggingu þessa bæn:)

Sá almáttugi guð og faðir drottins vors Jesú Krists, sem nú hefur tekið þig með skírninni í samfjelag síns elskulega sonar, drottins vors Jesú Krists, og fyrir hann veitt þjer frelsi og fyrirgefning syndanna, hann styrki þig með sinni náð til eilífs lífs. Amen.

Friður sje með þjer, amen!

Til guðfeðginanna.

Góð systkin! sem hafið verið guðfeðgin þessa barns (þessara barna), þjer skuluð vera vitni til, að það (þau) er skírt í nafni heilagrar þrenningar; líka skuluð þjer minnast þess, hvað þjer eruð þessu barni skyldug, ef foreldrarnir kynnu frá að falla, áður en það kemur til lögaldurs, að þjer þá látið kenna því sín kristileg fræði, ef þjer eruð barninu svo nálæg, svo það mætti halda sjer við Krist, þegar það upp vex, eins og það nú er fyrir skírnina gróðursett á honum.

Friður sje með yður, amen!

Kollekta eptir skírn.

Herra guð, himneski faðir! þú, sem af þinni miklu náð og miskunnsemi hefur með heilagri skírn veitt oss öllum inntöku í þína kristilegu kirkju, vjer þökkum þjer, að þú nú einnig hefur tekið þetta barn (þessi börn) í þinn söfnuð. Vjer biðjum þig að varðveita það og vernda, svo það með aldri vaxi að vizku og náð hjá þjer og mönnum. Hjálpa þú því og oss öllum til að halda vor skírnarheit og afneita öllu óguðlegu athæfi, en þjóna þjer í sannri og lifandi trú, þangað til þú kallar oss til þíns himneska safnaðar, þar sem þú hefur fyrirhugað oss eilífan samastað fyrir drottin vorn Jesúm Krist.

(Blessunin.)

2. Um heimaskírð börn.

Ef barnið er svo veikt, að það verður ekki flutt til kirkju, mega foreldrarnir láta skíra það í heimahúsum og það er skylda þeirra, ef barnið annars yrði að vera lengi óskírt, og er það aðalreglan, að sóknarpresturinn sje þá sóttur til að skíra það, og fram fer þá skírnin á sama hátt og þá skírt er í kirkjunni; sbr. kanscllibr. 14. jan. 1847. En sje barnið dauðveikt eptir fæðinguna, svo tvísýni sje á, hvort það muni lifa, meðan það er skírt á vanalegan hátt, á að skíra það skemmri skírn, helzt af sóknarprestinum, ef til hans næst, en verði það eigi, þá af öðrum prestvígðum manni, ef viðstaddur er; en sje ekki heldur kostur á því, þá af einhverjum vönduðum karlmanni. Verði eigi öðru við komið, má faðirinn, yfirsetukonan eða einhver ráðvandur kvennmaður skíra barnið og jafnvel móðirin, ef nauðsyn ber til; sbr. Kirkjur. J. P. bls. 82. Sá, sem skírir barnið skemmri

skírn, á að ausa það þrisvar vatni og um leið nefna nafn barnsins og segja:

N. Jeg skíri þig í nafni guðs föður, sonar og heilags anda.

Faðir vor, o. s. frv.

Þau börn, sem þannig eru skírð skemmri skírn, á, samkvæmt kirkjuordinanziu Kristj. 4., að flytja seinna til kirkju., ef þau lifa, og söknarpresturinn að staðfesta skemmri skírnina eða lýsa henni í kirkjunni.

Presturinn spyr þá fyrst þá, sem barnið ber:

Er barnið heima skírt? Já!

Hver hefur skírt barnið?

Er það þrisvar ausið vatni og skírt í nafni heilagrar þrenningar? Já!

(Hafi presturinn sjálfur skírt barnið skemmri skírn, er þessum spurningum sleppt.)

Þá spyr hann:

Hvað heitir barnið?

Drottinn varðveiti þinn inngang og útgang nú hjeðan í frá og að eilífu, amen.

Látum oss heyra það helga guðspjall, sem Markús skrifar í 10. kapítula:

Og menn færðu börn til Jesú, til þess að hann skyldi snerta þau; en lærisveinarnir ávítuðu þá, sem þau báru. Þegar Jesús varð þess vís, líkaði honum það illa og mælti: látið börnin koma til mín og bannið þeim það ekki, því slíkum heyrir guðs ríki til; sannlega segi jeg yður: hver, sem ekki meðtekur guðs ríki eins og barn, mun aldrei þangað koma. Síðan faðmaði hann börnin að sjer, lagði hendur yfir þau og blessaði þau.

Um hina sömu blessun viljum vjer og biðja fyrir þetta unga barn með vorri drottinlegri bæn til guðs:

(Presturinn leggur höndina á höfuð barnsins og segir:)

Faðir vor! þú, sem ert á himnum, o. s. frv.

Með því þetta barn N. (Presturinn nefnir barnið.) er áður skírt í nafni guðs föður, sonar og heilags anda, þá viljum vjer ekki endurskíra það, til þess að lítils-

virða ekki hina helgu skírn, heldur gjöra þetta kunnugt í kristilegum söfnuði og þakka guði, sem hefur tekið það til náðar fyrir Jesúm Krist.

Og þú, barnið gott! styrkst þú í þeirri náð, sem þjer er veitt, og stattu stöðugt í þeim sáttmála, sem fyrir skírnina við þig er gjörður; en hinn helgi skírnarsáttmáli er í því fólginn,

Að þú afneitir djöflinum og öllum hans verkum og öllu hans athæfi,

Að þú trúir á guð föður, almáttugan skapara himins og jarðar,

Að þú trúir á Jesúm Krist, son hans eingetinn, drottin vorn, getinn af heilögum anda, fæddan af Maríu meyju, píndan undir Ponzíó Pílató, krossfestan, líflátinn og grafinn, niðurstiginn til helvítis, upprisinn af dauða, uppstiginn til himna, sitjandi til guðs föður hægri handar, þaðan komandi að dæma lifendur og dauða, og

að þú trúir á heilagan anda, og að er ein, heilög, almennileg, kristileg kirkja, sem er samneyti heilagra, fyrirgefning syndanna, holdsins upprisa og eptir þetta líf eilíft líf.

(Með handa uppáleggingu:)

Sá almáttugi guð, sem með skírninni hefur tekið þig í samfjelag síns elskulega sonar, drottins vors Jesú Krists, og fyrir hann veitt þjer frelsi og fyrirgefning syndanna, hann styrki þig með sinni náð til eilífs lífs. Amen.

Friður sje með þjer, amen!

Til guðfeðginanna.

Góð systkin! sem hafið verið guðfeðgin þessa barns, þjer skuluð vera vitni til, að það er flutt hingað í guðshús sem skírt í nafni heilagrar þrenningar; líka skuluð þjer minnast þess, hvað þjer eruð þessu barni skyldug, ef foreldrarnir kynnu frá að falla, áður en það kemur til lögaldurs, að þjer þá látið kenna því sín kristileg fræði, ef þjer eruð barninu svo nálæg, svo það mætti halda sjer við Krist, þegar það upp vex, eins og það nú er fyrir skírnina gróðursett á honum.

Friður sje með yður, amen!

Sje komið með barn til kirkju, sem hefur verið skírt skemmri skírn og jafnframt með óskírð börn, þá á að skíra hin óskírðu börn fyrst.

3. Um skírn fulltíða manna.

Þótt skírn fulltíða manna muni sjaldan koma fyrir hjer á landi, þykir þó rjettara, að geta hennar hjer; sbr. ritúal. kap. II. art. 4. Þegar fulltíðamaður á að skírast, er ekki vant að gjöra það í messu; þó eru guðfeðgin fengin og kirkjan höfð opin meðan á skírninni stendur, svo að þeir, sem vilja, eigi kost á að vera við staddir. Sá, sem á að skírast, sezt á stól fyrir framan gráðurnar, presturinn fer fyrir altarið og sálmur er sunginn. Þá heldur presturinn ræðu og spyr síðan þann, sem skírast á, hvort hann vilji verða tekinn fyrir skírnina í samfjelag kristilegrar kirkju, og þegar hann játar þessu, spyr presturinn hann út úr kristilegum höfuðlærdómum.

Eptir yfirheyrsluna talar presturinn nokkur áminningarorð, og að því búnu segir hann:

Látum oss alla biðja:

Ó! almáttugi, eilífi guð! faðir drottins vors, Jesú Krists, vjer áköllum þig fyrir þennan þinn þjón (þjónustukonu), sem biður um þína skírnargáfu og að mega tileinka sjer þína eilífu náð fyrir hina andlegu endurfæðing: meðtak þú hann (hana), drottinn! og eins og þú hefur sagt: biðjið, og munuð þjer meðtaka, leitið, og munuð þjer finna, knýið á, og mun fyrir yður upplokið verða, þá gef nú gáfur þínar þessum (þessari), sem biður, og ljúk upp kirkju þinni fyrir honum (henni), sem á knýr, svo skírnin verði honum (henni) endurfæðingar og endurnýungarlaug í heilögum anda og hann (hún) öðlist af henni eilífa blessun og inntöku í þitt ríki, sem þú hefur oss öllum heitið fyrir Jesúm Krist, vorn drottin. Amen.

Látum oss heyra það helga guðspjall, sem Matteus skrifar:

Jesús sagði við sína lærisveina: *Allt vald er mjer gefið á himni og jörðu. Farið því og kennið öllum þjóðum og skírið þær í nafni föðursins og sonarins og heilags anda, og kennið þeim að halda allt, sem jeg*

hef boðið yður; og sjá! jeg er með yður alla daga allt til veraldarinnar enda.

Samkvæmt þessum drottins orðum viljum vjer þá byrja þetta helga verk, en fyrst biðja guð um hans náð og blessun með vorri drottinlegri bæn:

(Með handa uppáleggingu.)

Faðir vor! þú, sem ert á himnum, o. s. frv.

Drottinn varðveiti þinn inngang og útgang nú hjeðan í frá og að eilífu, amen.

Lofaður sje guð og faðir drottins vors Jesú Krists, sem eptir sinni miklu miskunnsemi vill endurfæða þig til lifandi vonar fyrir upprisu Jesú Krists frá dauðum; en þú verður með honum greptraður fyrir skírnina til dauða, svo þú skulir ganga í nýju líferni, eins og Kristur er uppvakinn frá dauðum fyrir dýrð föðursins.

N. Afneitar þú djöflinum og öllum hans verkum og öllu hans athæfi? Já!

Trúir þú á guð föður, o. s. frv? Já!

Trúir þú á Jesúm Krist, o. s. frv.? Já!

Trúir þú á heilagan anda, o. s. frv.? Já!

Vilt þú upp á þessa trú verða skírður? Já!

Vilt þú geyma skírnarsáttmála þinn til þinnar dauðastundar? Já!

Svo krjúp niður og meðtak þú hina helgu skírn!

N. Jeg skíri þig í nafni guðs föður, sonar og heilags anda.

(Með handa uppáleggingu.)

Sá almáttugi guð og faðir drottins vors Jesú Krists, sem nú hefur endurfætt þig fyrir vatn og heilagan anda og fyrirgefið þjer allar þínar syndir, hann styrki þig með sinni náð til eilífs lífs, amen.

Að endingu talar presturinn nokkur áminningarorð til skírnarvottanna og les blessunarorðin. Að því búnu er sungið vers eða sálmur.

4. Um barnafermingu.

Barnafermingin var innleidd hjer á landi með kongsbrjefi 9. júní 1741, er lögleiddi hjer tilskip. 13. jan. 1736 og 29. maí 1744; sbr. tilsk. 25. maí 1759; kansellibr. 26. maí 1781; kongsbr. 14. nóv. 1832; sbr. Kirkjur. J. P. bls. 92.—99.

Allir, sem skírðir eru í æskunni, eiga milli þess, sem þeir eru fullra 14 og 18 ára, að fermast eða staðfestast í sínum skírnarsáttmála, og á þessi athöfn að fram fara í kirkjunni. Þó getur biskup leyft, að ferma megi barn í heimahúsum í votta viðurvist, þegar það er svo veikt og vanburða, að það kemst eigi til kirkju, eða hefur þau líkama lýti, að það vekti hneyksli í kirkjunni. Engan ófermdan má taka til altaris; þó má leyfa það, þegar eitthvert barn, sem er nálægt fermingu og verður hættulega veikt, óskar þess, ef presturinn veit, að það er vel að sjer; en batni því aptur, á eins að ferma það síðar. Ekki mega börn fermast fyr en þau eru fullra 14 ára; þó getur biskup eptir meðmælingu viðkomanda prests og prófasts veitt allt að missiris aldursleyfi, ef barnið er vel að sjer og siðferðisgott. En slíkt aldursleyfi á þó því að eins að veitast, að ástæður foreldranna eða ákvörðun barnsins heimti það. Sje nokkur orðinn fullra 18 ára án þess að vera fermdur, á sóknarpresturinn að tilkynna það prófasti og hann aptur að bera það undir biskup. Um hina lögboðnu fermingardaga hjer á landi sjá kongsbr. 29. maí 1744; undanþágu frá því má biskup leyfa; sbr. kongsbr. 14. nóv. 1832. Barnafermingin fram fer þannig, að rjett eptir prjedikun er sunginn sálmur og þar eptir byrjar presturinn þetta helga verk með stuttri ræðu eða að eins með bæn, ef hann í prjedikuninni hefur sveigt talið að líku efni. Þá spyr hann börnin um hin helztu atriði kristilegrar trúar. Því næst brýnir hann fyrir þeim, hversu mikilvægur og áríðandi skírnarsáttmálinn er. Að því búnu spyr hann hvert barn sjer í lagi á þessa leið:

N. Afneitar þú af öllu hjarta djöflinum og öllum hans verkum og öllu hans athæfi? Já!

Trúir þú af öllu hjarta á guð föður, son og heilagan anda? Já!

Viltu standa stöðugur (stöðug) í þessum skírnarsáttmála þínum til þinnar dauðastundar? Já!

Gef mjer þá hönd þína upp á þetta!

(Síðan leggur presturinn hönd á höfuð barnsins og segir:)

Sá þríeini guð, sem áður hefur tekið þig að sjer sem sitt barn í heilagri skírn og gjört þig að erfingja eilífs lífs, hann viðhaldi þjer í þessari þinni skírnarnáð allt til enda; hann gefi þjer stöðuglyndi í þinni trú þjer til sáluhjálpar.

þar á eptir heldur presturinn stutta áminningarræðu og brýnir fyrir börnunum, hversu áríðandi það sje, að halda vel sitt skírnarheit, en hefur þó allt af jafnframt tillit til þess, að vekja guðrækilegar hugsanir og tilfinningar hjá hinum eldri og fá þá til að endurnýja skírnarheit sitt með sjálfum sjer. Þessa ræðu endar hann annaðhvort með bæn, sem hann býr til sjálfur, eða hann les þessa bæn:

Sjá handbók presta bls. 100.

Ef presturinn les ekki þessa bæn í kirkjunni, á hann fyrirfram að vekja eptirtekt barnanna á henni og láta þau lesa hana með sjálfum sjer eða lesa hana sjálfur með þeim.

Á eptir bæninni les presturinn faðir vor og blessar yfir söfnuðinn án þess að tóna kollektu. Loks er sunginn sálmur og lesin bæn í kórdyrum eins og vant er.

5. Um altarissakramentið.

Hin helztu lagaboð um altarisgöngu hjer á landi eru tilsk. 27. maí 1746, kongsbr. 26. júní 1782, kansellibr. 24. des. 1785; sbr. D.L. 2.—5.—20. og N.L 2.—5.—19.; sbr. Kirkjur. J. P. bls. 85.—92. Hjer skal þess að eins getið, að skriptagangurinn fram fer hjer á landi fyrir messu sama daginn sem menn eru til altaris, og má engan taka til altaris, nema hann hafi áður gengið til skripta. Það er nú almennt orðinn siður, að skripta öllum í einu, sem ætla að vera til altaris. Presturinn heldur þá stutta ræðu og leitast við, að vekja iðrun og syndajátning, lifandi trú á frelsarann og löngun til að sýna ávexti trúarinnar í guðrækilegu líferni. Að endaðri ræðunni boðar hann fyrirgefning syndanna hjer um bil með þessum orðum: svo sannarlega sem þjer af hjarta iðrizt synda yðar og í einlægri trú flýið til guðs náðar í Jesú Kristi, frelsara vorum, svo sannarlega boða jeg yður fyrirgefning allra yðar synda í nafni guðs föður, sonar og heilags anda. Að endingu getur presturinn lesið blessunarorðin og látið syngja sálmvers fyrir og eptir skriptir. Af prjedikunarstólnum biður presturinn fyrir altarisgöngufólkinu áður en hann les faðir vor eptir prjedikun, og þegar hann er aptur kominn fyrir altarið og er skrýddur rykkilíni og hökli og búið er að syngja altarisgönguvers, snýr hann sjer að söfnuðinum og segir:

Svo að þjer, kærustu Krists vinir! rjettilega og maklega getið meðtekið hið heilaga kvöldmáltíðarsakrament drottins vors, þá ber yður af hjarta að trúa því og

treysta, að Jesús Kristur er kominn í heiminn, til að gjöra synduga menn sáluhólpna, og að hann enn á þessari stundu kallar til sín alla, sem erfiða og þunga eru hlaðnir, og vill veita þeim hvíld. Þjer eigið að trúa því, að hann er mitt á meðal vor í hvert sinn, sem vjer erum saman komnir í hans nafni, og að hann er nálægur í sakramentinu með líkama sínum og blóði og gjörir yður hluttakandi í því til fullvissu um fyrirgefning allra yðar synda, eins og hann segir sjálfur: «þetta er minn líkami, sem fyrir yður verður gefinn», og «þetta er mitt blóð, sem fyrir yður úthellist til fyrirgefningar syndanna». En hann segir líka: «gjörið þetta í mína minningu»; og þannig skuluð þjer þá eta af brauðinu og drekka af kaleiknum, og jafnframt minnast hans, sem elskaði oss, og gaf sig í dauðann fyrir oss, svo að Kristur megi fyrir trúna búa í yðar hjörtum, og þjer fyrir hans aðstoð getið borið mikinn ávöxt, því að án hans megnið þjer ekkert. Ef þjer því hafið prófað yður sjálfa, eins og Páll postuli segir, og eruð nú komnir fram fyrir drottin með kristilegu hugarfari og löngun eptir guðs náð, þá getið þjer maklega meðtekið Krists líkama og blóð yður til synda fyrirgefningar. Guð, vor himneski faðir, gefi yður til þessa náð síns heilaga anda fyrir Jesúm Krist, vorn drottin; og um það viljum vjer allir biðja guð og segja af hjarta:

(Þá snýr presturinn sjer að altarinu og tónar drottinlega bæn:)

Faðir vor! þú, sem ert á himnum; helgist þitt nafn; til komi þitt ríki; verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni; gef oss í dag vort daglegt brauð; og fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vjer og fyrirgefum vorum skuldunautum; og eigi leið þú oss í freistni; heldur frelsa oss frá illu.

Forsöngvarinn og söfnuðurinn svarar: Amen.

Þá tekur presturinn patínuna með brauðinu sjer í hönd meðan hann tónar þessi innsetningarorð:

Vor herra Jesús Kristur á þeirri nótt, sem hann svikinn var, tók hann brauðið, gjörði þakkir og braut það og gaf sínum lærisveinum og sagði: takið og etið!

það er minn líkami, sem fyrir yður verður gefinn. Gjörið það í mína minningu.

Því næst tekur presturinn kaleikinn sjer í hönd og segir:

Sömuleiðis eptir kvöldmáltíðina tók hann kaleikinn, gjörði þakkir, gaf þeim hann og sagði: drekkið allir hjer af! það er kaleikur hins nýja testamentis í mínu blóði, sem fyrir yður úthellist til fyrirgefningar syndanna. Gjörið þetta svo opt sem þjer það drekkið í mína minningu.

Sjeu svo margir til altaris, að presturinn sjái, að hann muni þurfa að hella aptur á kaleikinn, leggur hann höndina meðan hann tónar þetta til skipta á kaleikinn og þær vínflöskur, sem standa á altarinu. Þessu næst útdeilir presturinn fyrst brauðinu og segir jafnframt við sjerhvern borðgestanna: Þetta er Jesú Krists sannur líkami; þá víninu og segir eins: Þetta er Jesú Krists sannarlegt blóð[1]. Þegar hann er búinn að útdeila hverjum hring, segir hann: Sá krossfesti og upprisni Jesús Kristur, sem hefur gjört yður hluttakandi í sínum heilaga líkama og blóði og fullnægju gjört fyrir allar yðar syndir, hann styrki og viðhaldi yður í sannri og lifandi trú til eilífs lífs.

Um útdeilinguna eru sungnir altarisgöngusálmar.

Þar á eptir snýr presturinn sjer að söfnuðinum og tónar: Friður sje með yður! Söfnuðurinn svarar: Og með þínum anda! Presturinn snýr sjer þá aptur að altarinu og tónar þessa kollektu:

Látum oss alla biðja!

Vjer þökkum þjer, drottinn, almáttugi og eilífi guð! að þú með þessari heilsusamlegri gjöf hefur oss alla nært; vjer biðjum þína miskunnsemi, að þú látir nú þessa þína gáfu koma oss til alls gagns og góða og til vorrar sannrar trúarstyrkingar á þjer og til brennandi kærleika og elsku á meðal vor innbyrðis; fyrir sakir nafns þíns elskulegasta sonar, Jesú Krists, vors drottins og herra.

Að endingu tónar presturinn blessunarorðin eins og vant

---

1) Jesú Krists eigin orð eru: „þetta er minn líkami“ og „þetta er mitt blóð“; en „sannur“ og „sannarlegt“ er bætt við á 17. öld.

er; en hafi hann enn önnur embættisverk að gjöra, t. d. að skíra barn, blessar hann ekki fyr en á eptir.

6. Um vitjun og þjónustu sjúkra.

Prestar eiga, svo opt sem þeir geta því við komið, að vitja sjúkra, vanfærra og sængurliggjandi manna í sóknum sínum, þegar þeir álíta, að það geti orðið hinum sjúka til gagns og huggunar, og ætíð vera fúsir á að fara til þeirra, til að fræða þá af guðs orði, hvernig þeir eigi að haga sjer í sjúkdómi sínum, og þá um leið að hvetja þá, sem eru á heimilinu, til að lesa guðs orð fyrir þeim og hughreysta þá í veikindunum. Ef hinn sjúki óskar að láta þjónusta sig, og hann kemst eigi til kirkju, á prestur að gjöra það. Sje sóknarpresturinn veikur, svo hann geti ekki komið, skal vitja næsta prests. Auk sjúklinga má og taka gamalmenni til altaris í heimahúsum, sem ekki komast til kirkju, og mega þá náungar þess, sem þjónustaður er og viðstaddir eru, vera um leið til altaris (sbr. kans.br. 24. des. 1786). Enn fremur má þjónusta í heimahúsum fanga og þá, sem hafa hryllileg líkamalýti. Þegar prestur er sóttur til að þjónusta veikan mann, á hann að hugleiða, hvernig hinn sjúki áður hefur hegðað sjer, svo hann því betur geti talað við hann eins og sálarástand hans heimtar.

Þegar presturinn kemur til hins sjúka, grennslast hann eptir, hvernig honum líði og leitast við að styrkja þolinmæði hans til að bera þann kross, sem á hann er lagður, með undgefni undir guðs vilja; en um fram allt reynir hann til að fá hinn sjúka til að hugleiða sálarþörf sína og vekja hjá honum auðmýkt og iðrun. Óski hinn sjúki að tala einslega við prestinn, fara þeir, sem viðstaddir eru, út á meðan, þangað til presturinn kallar á þá inn aptur. Sje hinn sjúki mjög máttvana og að þrotum kominn, getur presturinn haft þennan undirbúning mjög stuttan og að eins talað nokkur áminningar og huggunar orð. Hinum sjúka má ekki neita um sakramentið, þótt hann sje svo máttdreginn, að hann geti ekki talað við prestinn, eða þótt hann við og við kunni að tala óráð, ef hann getur látið lõngun sína eptir sakramentinu í ljósi og það sjezt, að hann veit, hvað fram fer. En sje hann alveg ringlaður eða rænulaus, má ekki veita honum sakramentið, heldur felur presturinn hann guðs miskunn á hendur og áminnir hina viðstöddu um að biðja fyrir honum.

Sjái nú presturinn, að hinn sjúki er í því ástandi, að honum má veita sakramentið, heldur hann stutta skriptaræðu, sem hann lagar sem bezt eptir sálarþörfum hins sjúka og hinna viðstöddu, ef þeir hafa óskað að neyta drottins kvöldmáltíðar. Opt getur það átt við, að presturinn ávarpi hinn sjúka með þessum eða þvílíkum orðum:

Kæri bróðir (systir)! Þar eð guði, yðar himneska föður, hefur þóknazt að vitja yðar með þessum sínum föðurlegum krossi, þá gjörið þjer vel í því, sem guðs barn að beygja yður undir hans voldugu hönd og bera umhyggju fyrir sálu yðar, svo hún fái staðið stöðug jafnvel mitt í dauðanum, og að þjer, fyrir hluttekningu í frelsarans helga líkama og blóði, styrkizt í trausti til guðs eilífu náðar og fullvissu um fyrirgefning yðar synda. Jeg efast ekki um, að þjer iðrizt nú af hjarta alls þess, sem þjer hafið brotið á móti guði í hugsunum, orðum og verkum, og viljið varpa yður í hans miskunnarfaðm í nafni hans eingetins sonar, frelsara vors Jesú Krists, sem með sínum dauða hefur fullnægju gjört fyrir allar yðar syndir og opnað yður aðgang til eilífs lífs á himnum. Fyrirgefið nú öllum af hjarta, sem kunna að hafa gjört eitthvað á hluta yðar, svo framarlega sem þjer viljið vænta fyrirgefningar hjá yðar himneska föður; og liggi eitthvað sjerlega þungt á samvizku yðar, þá úthellið hjarta yðar fyrir guði og leitið hjá honum huggunar og friðar í Jesú nafni, svo þjer með glaðri og rósamri samvizku getið beðið hans hjálpar. Svo sannarlega sem þjer nú nálgizt guð með auðmjúku og iðrandi hugarfari, og girnizt í einlægri trú að neyta drottins heilögu kvöldmáltíðar, þá boða jeg yður fyrirgefning allra yðar synda í nafni guðs föður, sonar og heilags anda.

Syndanna fyrirgefning boðar presturinn hinum sjúka með handa uppáleggingu.

Þá lætur presturinn setja fram lítið borð, breiða á það hreinan hvítan dúk og kveykja tvö ljós, (ef til eru), sem sett eru á borðið; sömuleiðis er patínan sett þar og kaleikurinn með brauði og víni. Síðan segir presturinn við hinn sjúka og þá, sem viðstaddir eru:

Kærustu guðs vinir! Með því drottinn vor Jesús

Kristur segir sjálfur, að hvar, sem tveir eða þrír sjeu saman komnir í hans nafni, þá vilji hann sjálfur vera mitt á meðal þeirra, þá erum vjer nú eptir þessum hans orðum hjer saman komnir í guðs ótta, til að halda kristilega minningu hans heilögu kvöldmáltíðar og gjöra þennan vorn samkristinn hluttakandi í vors Jesú allra heilagasta líkama og blóði, af því hann (hún), sökum líkamans sjúkdóms, fær nú ekki komizt til opinberrar samkundu guðs barna, til að neyta þessa þar.

Vjer viljum þá í vors drottins Jesú Krists nafni byrja þetta heilaga verk.

Svo að þjer, kæri Krists vin! rjettilega og maklega getið meðtekið hið heilaga kvöldmáltíðar sakrament drottins vors, þá ber yður af hjarta að trúa því og treysta, að Jesús Kristur er kominn í heiminn til að gjöra synduga menn sáluhólpna, og að hann enn á þessari stundu kallar til sín alla, sem erfiða og þunga eru hlaðnir, og vill veita þeim hvíld. Þjer eigið að trúa því, að hann er mitt á meðal vor í hvert sinn, sem vjer erum saman komnir í hans nafni, og að hann er nálægur í sakramentinu með líkama sínum og blóði og gjörir yður hluttakandi í því til fullvissu um fyrirgefning allra yðar synda, eins og hann segir sjálfur: «þetta er minn líkami, sem fyrir yður verður gefinn», og «þetta er mitt blóð, sem fyrir yður úthellist til fyrirgefningar syndanna». En hann segir líka: «gjörið þetta í mína minningu», og þannig skuluð þjer þá eta af brauðinu og drekka af kaleiknum og jafnframt minnast hans, sem elskaði oss og gaf sig í dauðann fyrir oss, svo að Kristur megi fyrir trúna búa í yðar hjarta og þjer fyrir hans aðstoð getið borið mikinn ávöxt, því að án hans megnið þjer ekkert. Ef þjer því hafið prófað yður sjálfan, eins og Páll postuli segir, og eruð nú komnir fram fyrir drottin með kristilegu hugarfari og löngun eptir guðs náð, þá getið þjer maklega meðtekið Krists líkama og blóð yður til synda fyrirgefningar. Guð, vor himneski faðir, gefi yður til þessa náð síns heilaga anda fyrir Jesúm Krist vorn drottin; og um það viljum vjer allir biðja guð og segja af hjarta:

Presturinn snýr sjer að borðinu og les hátt, skýrt og stöðugt:

Faðir vor! þú, sem ert á himnum; helgist þitt nafn; til komi þitt ríki; verði þinn vilji, svo á jörðu, sem á himni; gef oss í dag vort daglegt brauð; fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vjer og fyrirgefum vorum skuldunautum; eigi leið þú oss í freistni; heldur frelsa oss frá illu. Amen!

Vor herra Jesús Kristur á þeirri nótt, sem hann svikinn var, tók hann brauðið, gjörði þakkir og braut það, og gaf sínum lærisveinum og sagði: takið og etið! það er minn líkami, sem fyrir yður verður gefinn. Gjörið það í mína minningu.

Sömuleiðis eptir kvöldmáltíðina, tók hann kaleikinn, gjörði þakkir, gaf þeim hann og sagði: drekkið allir hjer af! það er kaleikur hins nýja testamentis í mínu blóði, sem fyrir yður úthellist til fyrirgefningar syndanna. Gjörið þetta svo opt sem þjer það drekkið í mína minningu.

Þetta er Jesú Krists sannur líkami.

Þetta er Jesú Krists sannarlegt blóð.

Þegar presturinn er búinn að útdeila, segir hann:

Sá krossfesti og upprisni Jesús Kristur, sem hefur gjört yður hluttakandi í sínum heilaga líkama og blóði og fullnægju gjört fyrir allar yðar syndir, hann styrki og viðhaldi yður í sannri og lifandi trú til eilífs lífs.

Svo gengur presturinn að borðinu aptur og les hina venjulegu bæn:

Látum oss alla biðja:

Vjer þökkum þjer, drottinn, almáttugi og eilífi guð! að þú með þessari heilsusamlegri gjöf hefur oss alla nært; vjer biðjum þína miskunnsemi, að þú látir nú þessa þína gáfu koma oss til alls gagns og góða og til vorrar sannrar trúarstyrkingar á þjer og til brennandi kærleika og elsku á meðal vor innbyrðis; fyrir sakir nafns þíns elskulegasta sonar, Jesú Krists, vors drottins og herra. Amen!

Síðan lýsir presturinn blessun yfir hinum sjúka og segir:

Drottinn sje með yður!

Drottinn blessi þig og varðveiti þig, drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir þig og sje þjer náðugur, drottinn upplypti sínu augliti yfir þig og gefi þjer frið. Amen.

Þar eptir talar presturinn nokkur huggunarorð til hins sjúka með þessum eða líkum hætti:

Þjer hafið nú, kæri guðs vin, enn þá að nýju sætzt við yðar himneska föður, fullvissir um, að hvað sem þjer hjer eptir fáið að reyna, þá muni þó hvorki hið nálæga nje hið ókomna, hvorki dauði nje líf megna að skilja yður við kærleika guðs í Jesú Kristi (Rómv. 8, 38., 39.), þar eð guð hefur sjálfur í dag endurnýjað við yður sinn náðarsáttmála, og til stöðugs og óbifanlegs merkis um það gjört yður hluttakandi í síns eingetins sonar, yðar frelsara, heilaga líkama og blóði, sem hann gaf í dauðann yðar vegna, yður til frelsis og sáluhjálpar. Gleðjizt nú í drottni, guði yðar, og segið með Davíð: þótt jeg gangi í dauðans myrka dal, vil jeg enga ógæfu hræðast, því þú, drottinn! ert hjá mjer, þinn vöndur og stafur hugga mig, fullviss um, að þú munir leiða mig í þitt hús, til að búa þar ætíð og æfinlega. Jafnvel þótt þjer enn þá í þessum yðar líkams sjúkdómi megið veina, eins og Davíð veinaði forðum yfir hinum andlega sjúkdómi: þar er ekkert heilbrigt á mínu holdi fyrir hans reiði; þar er enginn friður í mínum beinum sökum minna synda; mitt hjarta skelfur, minn kraptur hefur yfirgefið mig, og ljósið minna augna daprast daglega, Sálm. 38, 4. 11., þá veit jeg þó, að þjer og finnið sjerlegan guðs krapt í yðar sálu vegna þess huggunarfulla og kröptuga guðs orðs, sem talað er til yðar, að allar yðar syndir sjeu fyrirgefnar, fyrir hvert þjer megnið að mótstanda öllum yðar harmkvælum, og ganga þar frá sem sigurvegari að síðustu, Rómv. 8, 37. Verið því hughraustir í krossburðinum og látið ekki hugfallast, þó þjer verðið typtaðir af drottni, Orðskv. 3, 11., heldur hagið yður með hlýðni og spekt eptir yðar guðs vilja. Það er frá guði komið, sem þjer nú líða megið, og það mun færa yður til hans, ef þjer líðið þolinmóðlega og eruð stöðugir í trúnni, því oss byrjar fyrir mikla angist og harmkvæli að inngánga í guðs og Jesú Krists ríki, Post.gb. 14, 22. Þjer vitið, að það er guðs vilji, að þjer þannig reyndir verðið, því án hans vilja getur ekki eitt hár fallið af yðar höfði, Matt. 10, 30. Þjer vitið og, að það, sem þjer nú verðið að þola, sprettur af guðs elsku, því hvern

guð elskar, þann agar hann, Hebr. 12, 6. Þótt það nú mætti virðast yður sem guð væri yður reiður, þá ályktið þó með sjálfum yður og segið með Ísrael: Jeg vil feginn bera reiði drottins, því jeg hef syndgað á móti honum, Mikk. 7, 9. Áminnið því sálu yðar til lofgjörðar og þakklætis við drottin yðar guð, er svo kröptuglega hefur endurnært yður í þessari yðar eymd; kallið til hans nótt og dag með Maríu og segið: mín sál lofi drottin og minn andi gleðji sig í guði, heilsugjafara mínum, Lúk. 1, 46. 47. Kallið aptur með Davíð og segið: lofa þú drottin, sála mín! og gleym aldrei því góða, sem hann hefur gjört þjer; því hann hefur fyrirgefið þjer allar þínar syndir og hann mun lækna allan þinn veikleika; hann frelsaði líf þitt frá glötuninni; hann mun og krýna þig með náð og miskunn, Sálm. 103, 2.—4. Hugsið með sjálfum yður, þá harmkvælin eru sem hörðust: þegar jeg hef þig, drottinn! þá hirði jeg hvorki um himin nje jörð, Sálm. 37, 25., og bíðið svo yðar tíð með þolinmæði, og segið með Job: jeg vil bíða alla mína stríðsdaga, þar til mín umskipti verða, Job. 14, 14. Þar fyrir skuluð þjer, eins og guðs barn, staðfesta yðar von til guðs nú á þessum yðar sjúkdóms tíma, eins og á öllum öðrum tímum, og fullkomlega einsetja yður, að sleppa honum ekki, hvað sem hann lætur yður til handa bera. Segið með Jakob: Drottinn, jeg sleppi þjer ekki, fyr en þú blessar mig, 1. Mós. 37, 26. Segið með Job: Drottinn! þótt þú viljir deyða mig, þá skal jeg samt vona á þig; þú skalt vera hlutskipti míns hjarta æfinlega, Job 13, 15. Í hverri huggun, von og trúartrausti jeg skilst nú við yður og vona, að sá, sem hefur upphyrjað hið góða með yður, muni fullkomna það á þann dag drottins Jesú Krists; hann gefi yður þar til stöðugleika allt til yðar síðustu æfiloka fyrir Jesú skuld.

Allra seinast endar presturinn ræðu sína með eptirfylgjandi bænarorðum:

Svo afhendi jeg yður guðs náð og miskunnsemi; hann láti yðar harmkvæli verða bærileg og yðar þolinmæði staðfasta, yðar von og traust öldungis óbifanlegt; hann láti sinn frið ætíð hvíla yfir yður frá því nú er og að eilífu. Amen!

Sakramentið má ekki veita vitstola mönnum nje þverbrotnum og iðrunarlausum guðleysingjum, sem láta í ljósi fyrirlitning fyrir guðs náðarmeðulum.

7. Um kirkjuleiðslu kvenna.

Þegar giptar konur eiga börn með mönnum sínum, eiga prestar að leiða þær í kirkju í fyrsta sinn sem þær koma þangað eptir barnsburðinn, eins þó barnið hafi komið undir áður en konan giptist. Þegar því verður við komið, á að tilkynna prestinum fyrirfram þessa kirkjugöngu konunnar; en kirkjuleiðslan fram fer á þann hátt, að presturinn, áður en til er tekið, heldur stutta ræðu yfir konunni, annaðhvort í kórdyrum eða krókbekk, og hvetur hana til að lofa guð og þakka honum fyrir farsællega afstaðinn barnsburð, fyrir þá náðarríku hjálp, sem hann veitti henni á þjáninganna tíma og fyrir þann velgjörning hans, að hann blessaði hana með lífsafkvæmi, sköpuðu í sinni mynd. Ef barnið lifir, minnir presturinn móðurina á þær skyldur, sem hún hafi við það, ekki einungis að ala önn fyrir þess líkamlega lífi, heldur og fyrir þess sálarheillum, ala það upp í guðs ótta og uppfræða það vel í kristindóminum, biðja fyrir því, venja það á að biðja guð og ganga undan því með góðu eptirdæmi. Sje barnið dáið, huggar hann hana með guðs orði, minnir hana á, að guð geymir barnið hjá sjer, og ætlar öllum sínum börnum að sjást aptur í öðru lífi, og áminnir hana um að sýna undirgefni undir guðs vísdómsfulla og gæzkuríka vilja.

Að endingu segir presturinn:

Gangið með friði inn í guðs söfnuð; guðs náð og friður sje með yður, amen!

Drottinn blessi þig og varðveiti þig, o. s. frv.

Síðan gengur konan til sætis síns og gjörir bæn sína. Komi konan ekki til kirkju fyr en tekið er til, má leiða hana í kirkju meðan á messugjörðinni stendur, eptir því sem presturinn segir fyrir, helzt fyrir prjedikun. Óski konan þess, má presturinn, í stað kirkjuleiðslunnar, minnast hennar af stól þann dag, sem hún í fyrsta sinn eptir afstaðinn barnsburð kemur til kirkju, og biðja fyrir henni sjerstaklega í bæninni eptir prjedikun, áður en hann les faðir vor. Það er nú orðið tíðkanlegra hjer á landi, að minnast kvenna þannig af stól, en að leiða þær í kirkju; en þó eiga þær heimting á að verða leiddar í kirkju, ef þær vilja það heldur. Ekki má leiða aðrar en eiginkonur í kirkju eptir barnsburð, nje minnast annara af stól.

8. Um fanga.

Að því er snertir einkum þá fanga, sem klagaðir eru fyrir einhvern lífleysisglæp, á presturinn á þeim stað, þar sem þeir sitja í fángelsi, opt að koma til þeirra, til þess að telja um fyrir þeim. Presturinn á alvarlega að áminna fangann um að játa syndir sínar og iðrast þeirra og sýna honum, hvernig þær eru sprottnar af spilltu og guði fráhverfu hjartalagi. Presturinn má ekki uppljósta því, sem sakamaðurinn meðkennir fyrir honum, nema það geti komið í veg fyrir eitthvað illt. Sje fanginn fáfróður í sínum sáluhjálparefnum, á presturinn að uppfræða hann um og útlista fyrir honum kristilega höfuðlærdóma. Í stað þess haturs, sem slíkir menn eru vanir að ala til annara manna, á presturinn að innræta honum hatur til syndarinnar og sannfæra hann um, að hann er hegningarverður og að hann má búast við enn þyngra dómi af guðs rjettlæti, en jafnframt reyna til að láta hann finna til þess, að guðs náð kallar hann enn þá til iðrunar og að guð muni miskunna honum fyrir Jesú Krists skuld, ef hann flýr til hans með harmþrungnum og sundurkrömdum anda. Presturinn hvetur hann líka til að lesa í heilagri ritningu, einkum þá staði, sem eiga við hans ástand. Ef fanginn er dæmdur til dauða, á presturinn enn þá optar að vitja hans, til þess að búa hann sem bezt undir dauðann; og óski sakamaðurinn að neyta altaris sakramentisins og álítist hæfilega undirbúinn, á presturinn að veita honum það, og fer þá presturinn að því eins og þegar sjúkir eru þjónustaðir, nema hvað hann lagar inngangsorðin og bænina á eptir eptir því, sem við á. En sje óbótamaðurinn forhertur og iðrunarlaus, má ekki neyða sakramentinu upp á hann, heldur á presturinn að biðja fyrir honum og fela hann guðs miskunn á hendur.

Sama daginn, sem á að taka sakamanninn af, kemur presturinn snemma til hans, minnir fangann á það, sem hann hefur talað fyrir honum, og uppörvar hann til staðfestu í hinu góða; síðan á hann að fara með honum til aftökustaðarins og leitast við að snúa huga hans frá hinu yfirstandandi til hins ókomna, frá dauðanum til eilífðarinnar, biðja með honum og ákalla guðs náð og miskunnsemi fyrir Jesú Krists sakir. Að endingu á presturinn að kveðja hann í drottins nafni og getur þá haft fyrir hinum deyjanda þessi eða þvílík andlátsorð:

Herra Jesú, miskunna þú mjer! heilagi og miskunnsami guð, vertu mjer náðugur! herra Jesú, jeg fel minn anda í þínar hendur!

Þegar búið er að lífláta hinn seka, gjörir presturinn bæn sína og fer þá burt.

9. Um hjónabandið.

Helzta löggjöfin um þetta efni er tilsk. fyrir Danmörku 30. apr. 1824, sem er gjörð gildandi hjer á landi með konungsbr. 7. des. 1827; sbr. Kirkjurjett J. Pjeturssonar bls. 105.—127.

Áður en brúðhjón má gefa saman, á að lýsa með þeim af prjedikúnarstól 3 sunnudaga hvern á eptir öðrum í messunni í þeim söfnuði, þar sem brúðurin á heimili; en sje þar sjaldan messað, virðist einnig mega lýsa við sóknarkirkju brúðgumans, þegar hún er í sama prestakalli. Líði 3 mánuðir milli lýsinga, verður að lýsa upp aptur. Frá því að láta lýsa með sjer eru undanþegnir: aðalsmenn, lögtignaðir embættismenn og synir þeirra í 3 fyrstu flokkunum og þeir, sem fá til þess konunglegt leyfisbrjef.

Brúðguminn á að biðja hlutaðeigandi sóknarprest nokkrum dögum fyrirfram að lýsa með sjer, og ritar presturinn það jafnskjótt í kirkjubókina.

Lýsingin fram fer þannig:

Lýsist til hjónabands í fyrsta sinn með N. N. og N. N. Þessi brúðhjónaefni blessi guð á hæðum og láti þetta kristilega fyrirtæki þeirra verða þeim sjálfum til farsældar í bráð og lengd og öðrum til góðs eptirdæmis og fyrirmyndar. Viti nokkur meinbugi á þessu, á hann að segja til þeirra í tíma.

Eins er lýst í 2. og 3. sinni þar á eptir; en sje gjört löglegt forboð gegn hjónabandinu, eru brúðhjónaefnin ekki gefin saman, fyr en dómur er genginn í málinu. En áður en presturinn fer að lýsa, á hann að gæta þess, að engir meinbugir sjeu á hjónabandinu; sbr. Kirkjur. J. P. bls. 108.—116. Helztu atriðin eru þessi:

1. Enginn karlmaður má kvongast yngri en tvítugur, og engin stúlka giptast yngri en 16 vetra, og verða þau bæði að hafa verið fermd og verið til altaris.

2. Hafi brúðhjónin annaðhvort bæði fyr verið gipt eða annað þeirra, verða þau að vera laus við sitt fyrra hjónaband og hvorugt má vera skuldbundið að lögum til að giptast öðrum (sbr. tilsk. 5. marz 1734., kongsbr. 14. júní 1740). Sje hið fyrra hjónaband leyst á þann hátt, að hjónin sjeu skilin, en sjeu þó

enn á lífi, verður það að hafa verið gjörsamlega gjört ómerkt, annaðhvort með konunglegu leyfisbrjefi, er leyfi því, sem aptur vill giptast, að giptast á ný, eða með dómi, sem verður að sýna prestinum (sbr. tilsk. 23. maí 1827, 1. gr.; tilsk. 21. des. 1831; 15. ágúst 1832). Sje þar á mót annað hjónanna dáið, má ekkillinn ekki kvongast aptur fyr en eptir 3 mánuði frá dauða konunnar, en ekkjan ekki fyr en 12 mánuðir eru liðnir frá dauða mannsins. En sjeu þau af bænda eða almúgastjett, má þó ekkillinn kvongast eptir 6 vikur og ekkjan giptast eptir 3 mánuði, sje það sannað með vottorði læknis eða eiðsvarinnar yfirsetukonu, að hún sje ekki óljett eptir fyrra mann sinn. Hið eptirlifanda verður að sanna dauða þess, sem það áður átti, og skipti verða að minnsta kosti að vera byrjuð.

3. Brúðhjónaefnin mega ekki vera skyld nje tengd í forboðna liðu; sjá Kirkjurjett J. P. bls. 112.

4. Engan holdsveikan má gefa í hjónaband; sbr. kongsbr. 28. marz 1778 og 7. des. 1827.

5. Sje stúlkan yngri en 18 ára, verður hún að hafa samþykki foreldra sinna eða fjárhaldsmanns, nema hún sje ekkja; sje hún eldri en 18 vetra og yngri en 25 vetra, þarf samþykki fjárráðanda hennar og eins fyrir manninn, nema hann áður hafi fengið leyfi til að vera fjár síns ráðandi að öllu leyti. Mótbárur foreldra, fjárhaldsmanna og fjárráðanda getur yfirvaldið ónýtt.

6. Þau, sem áður hafa gjört sig sek í hórdómi hvert með öðru, mega ekki eigast án konungs leyfis.

7. Engan vitstola má gefa í hjónaband.

8. Hvorugt brúðhjónaefnanna má þiggja sveitarstyrk nje hafa notið hans síðan þau komust úr ómegð, nema hann sje endurgoldinn.

9. Ekki má bann hafa verið lagt niður gegn hjónabandinu hjá sýslumanni eða bæjarfógeta, ef banninu síðan er fram fylgt með lögboðnum hraða, nema það verði gjört ógilt með dómi, eða á annan hátt, t. d. sátt.

10. Brúðhjónaefnin verða að sanna, að þau hafi fengið barnabólu, eða verið kúabólusett.

11. Ekki má gefa nokkurn embættismann í hjónaband, sem á rjett til eptirlauna, fyr en hann með vottorði amtmannsins hefur sannað, að hann sje undanþeginn þeirri skyldu, að sjá ekkju sinni borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, eða hafi sent amtmanni bænaskrá til ríkisfjárstjórnarinnar um að mega leggja

í lífsábyrgðarsjóðinn, og er 100 rd. sekt við lögð, ef presturinn brýtur út af þessu.

12. Þegar annað brúðhjónanna er pápiskrar trúar, en hitt lúterskrar, á presturinn að gæta þess, að hið pápiska gefi skriflega skuldbindingu, er ritist í kirkjubókina, um, að það skuli láta öll þau börn, sem það eignist í hjónabandinu, ala upp í lúteskri trú.

13. Engan má gefa í hjónaband, sem á að greiða gjald til spítalasjóðsins fyrir konunglegt leyfi til að giptast í forboðna liðu, nema hann sýni biskupskvittun fyrir, að gjaldið sje greitt. En andlegrar stjettar menn eiga að greiða gjald þetta til prestaekkna.

Auk annara sannana, á presturinn til enn frekari tryggingar að heimta af brúðhjónunum, að þau setji tvo fullgilda svaramenn, sem verða að vera annaðhvort embættismenn eða áreiðanlegir búsettir menn, og eiga þeir sameiginlega að ábyrgjast, að engin lögleg tálmun sje á hjónahandinu og gjöra það brjeflega og rita nöfn sín undir. Veiti konungur leyfi til, að brúðhjónin í stað þess að útvega svaramenn, megi synja með eyði, að nokkrir meinbugir sjeu á hjónabandinu, á presturinn að láta sýna sjer leyfisbrjefið og eins útskript af rjettarhaldi því, er eiðurinn er svarinn.

Nú líða 3 mánuðir eptir að lýsingar hafa fram farið og brúðhjónin láta ekki gefa sig saman, og verða þá lýsingarnar ómerkar, svo lýsa verður á ný, vilji þau enn eigast; en annars þarf ekki að lýsa sundur með þeim, heldur gjörir presturinn um það athugasemd í kirkjubókinni. Sá, sem er sóknarprestur brúðurinnar á giptingardegi, á að gefa brúðhjónin saman, nema svo sje, að brúðhjónin hafi fengið konunglegt leyfisbrjef til að láta annan prest gefa sig saman, sem ætíð verður að vera þjónandi prestur, og á hann, þegar svo á stendur, að láta sýna sjer leyfisbrjefið og kvittun frá viðkomanda presti fyrir, að honum sje borgaður pússunartollurinn, og fá vottorð hans um, að ekkert hafi við borið, sem geti tálmað hjónabandinu. Gefi annarlegur prestur brúðhjónin saman, á hann að rita gjörðina í kirkjubók sína og jafnskjótt gefa presti brúðurinnar það til kynna, sem einnig getur þess í kirkjubókinni hjá sjer.

Hjeraðsprófastar eiga hver í sínu prófastsdæmi að gefa sóknarprestana í hjónaband og nánustu náunga þeirra; sbr. kgsbr. 11. marz 1796; Kirkjur. J. P. bls. 120.

Brúðhjónavígslur eiga að fram fara í kirkjunni, nema kgl. leyfisbrjef sje fengið til að láta gefa sig saman í heimahúsum,

eða ef annaðhvort brúðhjónanna liggur veikt og ekki er tími til að ná kgl. leyfisbrjefi, enda má gefa þau saman, þó eigi sje búið að lýsa með þeim; en presturinn á þá að tilkynna það yfirmönnum sínum, svo stjórnarherra kirkjumálanna verði skýrt frá því.

Í kaupstöðum má ekki gefa hjón saman á sunnudögum nje öðrum helgum dögum, en í sveitum er það leyfilegt. Sje það gjört í messunni, á að gjöra það milli pistils og guðspjalls, eða rjett áður en presturinn fer upp í stólinn, og er þá í því skyni sálmur sunginn og brúðhjónin leidd inn að altarinu af svaramönnum eða öðrum vandamönnum þeirra. Síðan heldur presturinn stutta ræðu, helzt út af einhverri ritningargrein, og endar hana með bæn og blessunar óskum.

Þessu næst spyr hann þau hvort fyrir sig, fyrst brúðgumann, þannig:

N. N. Jeg spyr yður:

1. Hvort þjer hafið ráðfært yður við guð á himnum og við yðar eigið hjartalag og þar eptir við frændur yðar og vini um að taka þessa mey (konu), sem hjá yður stendur, yður til eiginkonu?

Hann svarar: Já!

2. Hvort þjer þá viljið breyta svo við hana bæði í meðlæti og mótlæti og hverjum þeim kjörum, sem guð almáttugur lætur ykkur að höndum bera, eins og sjerhverjum dánumanni ber að breyta við eiginkonu sína?

Hann svarar: Já!

3. Hvort þjer vitið yður lausan við að hafa heitið nokkrum kvennmanni, sem nú lifir, eiginorði, sem geti verið þessu til fyrirstöðu?

Hann svarar: Já!

Þá spyr hann brúðurina að hinum sömu spurningum, þannig:

Sömuleiðis spyr jeg yður, N. N.:

1. Hvort þjer hafið ráðfært yður við guð á himnum og við yðar eigið hjartalag og þar eptir við frændur yðar og vini um að giptast þessum yngismanni (ekkli), sem hjá yður stendur?

Hún svarar: Já!

2. Hvort þjer viljið breyta svo við hann bæði í meðlæti og mótlæti og hverjum þeim kjörum, sem guð almáttugur lætur ykkur að höndum bera, eins og sjerhverri eiginkonu ber að breyta við mann sinn?

Hún svarar: Já!

3. Hvort þjer vitið yður lausa við að hafa heitið nokkrum karlmanni, sem nú lifir, eiginorði, sem geti verið þessu til fyrirstöðu?

Hún svarar: Já!

Að því búnu segir presturinn:

Gefið þá hvort öðru hönd ykkar upp á þetta.

Leggur svo presturinn hönd sína yfir þeirra hendur og segir:

Með því þið hafið komið ykkur saman um og heitið hvort öðru því, að lifa saman í heilögu hjónabandi, og með því þið hafið játað þetta opinberlega í áheyrn þessa kristna safnaðar og gefið hvort öðru hönd ykkar upp á það, þá lýsi eg því yfir, að þið eruð rjett hjón, bæði fyrir guði og mönnum, í nafni guðs föður, guðs sonar, og guðs heilags anda. Amen.

Það, sem guð hefur samtengt, á maðurinn ekki að aðskilja.

Sjeu fleiri en ein brúðhjón gefin saman í senn, skal hafa þetta allt upp aptur við hver brúðhjón fyrir sig.

Presturinn les svo enn fremur:

Með því þið hafið gefið ykkur í guðs nafni í þá heilögu hjónabandsstjett, þá heyrið nú fyrst guðsorð, sem hljóðar upp á þessa stjett:

Í 1. Mós. b. 2. kap. stendur:

Og guð drottinn sagði: það er ekki gott, að maðurinn sje einsamall; vjer viljum gjöra honum meðhjálp, er með honum sje. Þá ljet guð drottinn fastan svefn falla á manninn, og á meðan hann svaf, tók hann eitt af hans rifjum og fyllti aptur með holdi; og guð drottinn myndaði konu af því rifbeini, sem hann tók af manninum, og leiddi hana til hans. Þá sagði maðurinn: þetta er bein af mínum beinum og hold af mínu holdi; þess vegna skal hún karlinna kallast, af því hún er af karlmanni tekin. Og þess vegna skal maðurinn yfirgefa föður sinn og móður sína og búa við sína eiginkonu og þau munu verða einn maður.

Þessu næst þá heyrið guðs boðorð, hvernig hann vill þið breytið hvort við annað í þessari hjónabandsstjett; Páll postuli segir í sendibrjefinu til Efes. 5. kap.: Þjer menn, elskið yðar eiginkonur, eins og Kristur

elskaði söfnuðinn og gaf sig sjálfan út fyrir hann, svo að hann helgaði hann og hreinsaði hann með vatnslauginni í orðinu, til þess að hann útvegaði sjálfum sjer dýrðlegan söfnuð, sem hefði ekki blett nje hrukku, eða neitt þess háttar, heldur væri heilagur og lýtalaus; þannig eiga mennirnir að elska sínar eiginkonur eins og sína eigin líkami. Sá, sem elskar sína eiginkonu, elskar sjálfan sig. Því enginn hefur nokkru sinni sinn eigin líkama hatað, heldur elur hann önn fyrir honum og hjúkrar honum eins og Kristur söfnuðinum.

Konurnar sjeu mönnum sínum undirgefnar eins og drottni; því maðurinn er höfuð konunnar, eins og Kristur er höfuð safnaðarins; hann er og frelsari síns líkama. En eins og söfnuðurinn er undirgefinn Kristi, þannig sjeu og konurnar mönnum sínum í öllu.

Enn fremur verðið þið að heyra þann mótlætis kross, sem guð hefur lagt á þessa stjett: Svo sagði guð til konunnar (1. Mós. b. 3.): mikla mun eg gjöra þjáningu þína, þegar þú verður óljett; með sótt skaltu fæða börn þín; til manns þíns skal þín löngun vera, en hann skal drottna yfir þjer. Og til Adams sagði guð: í sveita þíns andlitis skaltu þíns brauðs neyta, þangað til þú hverfur aptur til jarðarinnar, því að þú ert mold og til moldar skaltu aptur hverfa.

En jafnframt er ykkur það til huggunar, að þið vitið og trúið, að ykkar stjett er guði velþóknanleg og af honum blessuð; því svo segir ritningin: Guð skapaði manninn eptir sinni mynd; hann skapaði hann eptir guðs mynd, og hann skapaði þau karlmann og konu og blessaði þau og sagði til þeirra: verið frjósöm, margfaldizt og uppfyllið jörðina og gjörið ykkur hana undirgefna! drottnið yfir fiskum sjávarins og yfir fuglum loptsins og yfir öllum dýrum, sem hrærast á jörðunni. Og guð leit yfir allt, sem hann hafði gjört, og sjá! það var harla gott. Fyrir því segir Salómon svo: hver, sem eignast konu, fær góða gjöf og meðtekur þóknun af drottni.

Og nú viljum vjer af hjarta biðja guð að blessa þetta hjónaband ykkar, svo það verði honum til dýrðar og ykkur til sannrar farsældar.

(Presturinn leggur hönd sína á höfuð brúðhjónanna, sem þá krjúpa, og segir:)

Látum oss biðja!

Ó, herra guð, himneski faðir! þú, sem hefur skapað karl og konu og ákvarðað þau til hjúskapar og sem hefur viðhaldið þessari skipun og blessun þinni allt til þessa, vjer biðjum þig að varðveita og blessa þessi brúðhjón, svo að allt, sem þú lætur þeim að höndum bera, verði þeim til góðs og þínu heilaga nafni til lofs og dýrðar. Bænheyr það í Jesú nafni. Amen.

Vjer viljum enn fremur biðja:

Faðir vor, þú, sem ert á himnum, o. s. frv.

Drottinn sje með yður!

Drottinn blessi þig og varðveiti þig, o. s. frv.

Kollekta eptir hjónavígslu.

Almáttugi, eilífi guð og miskunnsami faðir! þú, sem hefur boðið, að maður og kona skyldu verða eitt, og staðfest þessa sameiningu með þinni náð og blessun, vjer biðjum þína miskunnsemi, að þú gefir þessum hjónum, sem hjer eru nú saman vígð í þínu nafni, náð, heill og blessun til lífs og sálar. Æ, gef þeim náð til að þjóna þjer trúlega og að lifa saman í eindrægni og kærleika, og ætíð hjer í lífi breyta eptir þínum boðum, svo þau á síðan fái að sjást aptur í þínu ríki sem þín ástkær börn, fyrir þinn elskulegan son, Jesúm Krist vorn drottin, sem með þjer lifir og ríkir í einingu heilags anda, einn sannur guð frá eilífð og til eilífðar.

(Blessunin.)

10. Um greptrun framliðinna.

Hvern kristinn mann á að grafa í vígðum kirkjugarði. Þó eru ýmsar undantekningar frá þessu; sbr. Kirkjur. J. Pjeturss. bls. 129—132. Þá, sem fyrirfara sjer sjálfir, má ekki grafa í kirkjugarði án yfirvalds leyfis. Hver maður á þar löglegan gröpt sem hann andast í kirkjusókn; en hafi hinn dauði kosið sjer legstað að annari kirkju með fullu ráði, á hann þar löglegan legstað. Þegar menn finnast dauðir út á hafi eða fjöllum fyrir utan allar mannabyggðir, má flytja þá til hverrar kirkju, sem vill, og grafa þá þar. Hinn fyrsta dag hinna 3 stórhátíða, jóla, páska og hvítasunnu, á ekki að grafa lík. Þegar lík eru grafin á sunnudögum, á að gjöra það áður en samhringt er

Engan má grafa í kirkju og eigi má taka gröf í kirkjugarði án leyfis prests eða kirkjuvarðar, nje heldur grafa nokkurt lík áður en prestur hefur kastað moldu á það. Áður en lík eru grafin, á að tilkynna yfirvaldinu dauðsfallið. Þegar einhverjir finnast bráðkvaddir á víðavangi eða annarstaðar, einkum sjáist áverkar á þeim, eiga prestar að leita skýrslu sýslumanns um, hvernig þá megi grafa.

Eptir kgsbr. 11. marz 1796 eiga hjeraðsprófastar að jarða alla sóknarpresta og þeirra nánustu náunga, eins ekkjur sóknarpresta og uppgjafapresta; þó má næsti sóknarprestur gjöra það, ef eigi næst til prófastsins. Þess ber vel að gæta, að enginn sje grafinn fyr, en vissa er fyrir því, að hann sje fullkomlega skilinn við.

Þegar komið er með lík til grafarinnar, er það látið síga niður í gröfina, og síðan kastar presturinn þrisvar mold á það með reku með þessum orðum:

Af jörðu ertu kominn;
Að jörðu skaltu aptur verða; og
Af jörðu skaltu upp aptur rísa.

Síðan fylla líkmennirnir gröfina með mold, en presturinn tekur til þá líksálma, sem syngja á við greptrunina. Sje presturinn beðinn að halda líkræðu, ber honum að gjöra það. Þess konar ræður eru eiginlega ætlaðar til þess, að gefa viðskilnaðinum við hinn framliðna guðrækilegan blæ. Þær eiga að hvetja til þess að geyma minningu hans, hugga eptirlifandi ástvini og minna þá á dauða þeirra sjálfra. Snemma í ræðu sinni les presturinn upp helztu atriðin úr æfisögu hins framliðna. Hafi hann nokkuð gefið til kirkna, skóla, fátækra eða annarar guðlegrar brúkunar, þá skal þess getið guði til dýrðar og öðrum til góðra eptirdæma. Biðji nokkur prestinn um sjerlegan líktexta, þá leyfist það, ef hann á við. Prestarnir skulu í þessum líkprjedikunum einkum tala um syndina, sem hafi verið orsök til dauðans; um góðan undirbúning dauðans; um Krists endurlausn frá dauðanum; um upprisuna frá dauðum; um himnaríki, sáluhjálpina og eilíft líf eptir dauðann. Þeir skulu taka sjer vara fyrir heiðinglegri hrósun hins dauða í líkprjedikunum, svo þeir hvorki hæli honum um of, sínu kalli til niðrunar og samvizku til saurgunar, nje heldur segi neitt ósæmilegt um hann, öðrum til hneykslunar og náungum hans til blygðunar; en það, sem satt er og öllum er vitanlegt, mega þeir taka fram. Líkprjedikun má ekki vara yfir eina klukkustund, en í næmum sjúk-

dómum er prjedikað helmingi skemur, og sje það í kirkjugarðinum, er gjörð stutt áminning í staðinn fyrir líkprjedikun og endað með drottinlegri bæn.

Að endingu er við gröfina sungið:

Sofi hann (hún) nú hjer í friði, o. s. frv.

Sjeu fleiri lík að jarða í einu, sem á að halda ræðu yfir, þá kastar presturinn mold á hvert fyrir sig, en prjedikar yfir þeim í einu lagi, þó svo, að hvers lífssaga er lesin fyrir sig. Þeir, sem ekki eru evangelisk-lúterskrar trúar, eru grafnir í vorum kirkjugarði með siðum vorrar kirkju, sje ekki sjerstakur kirkjugarður til fyrir þá.

11. Um kirkjuvígslu.

Kirkjuvígsla er ekki lögboðin í hinni evangelisku lútersku kirkju; en hún á þó að viðhaldast til hátíðlegrar endurminningar um það, þegar einhver kirkja er nýbyggð eða endurbyggð eða hefur fengið svo mikla aðgjörð, að hún má kallast nýtt hús, og á hún að fram fara í fyrsta sinn, sem messað er í kirkjunni. Að rjettu lagi ætti biskupinn að vígja kirkjuna; en sjaldnast mun því verða við komið hjer á landi, og verður því að fela það hlutaðeigandi hjeraðsprófastum á hendur. Í forföllum hjeraðsprófastsins má sóknarpresturinn vígja kirkju sína.

Kirkju skal jafnan vígja á helgum degi og kvöldinu áður fyrir sólarlag hringja eina klukkustund.

Vígsludaginn byrjar guðsþjónustugjörðin með því, að meðhjálpari les þessa bæn í kórdyrum:

Drottinn! þú býrð ekki í þeim musterum, sem með höndum eru gjörð, heldur ert þú alstaðar nálægur, og himinn og jörð geta ekki innbyrgt þína eilífu hátign. Þó höfum vjer byggt þetta hús þínu heilaga nafni til lofs og dýrðar, og biðjum þig auðmjúklega að helga það með þinni náðarnálægð og láta hjeðan streyma ljós og krapt þinna lífsins orða inn í hjörtu þíns safnaðar, svo þau jafnan beri mikinn ávöxt hjá þeim, sem orðið heyra, þeim til helgunar og huggunar. Bænheyr það í Jesú nafni. Amen.

Faðir vor, o. s. frv.

Síðan er sunginn kirkjuvígslusálmur, og að honum enduðum heldur prófasturinn eða, sje hann eigi viðstaddur, sóknarpresturinn stutta ræðu, er yfir höfuð að tala hnígur að því, að

sýna þau blessunarfullu áhrif, sem guðsþjónustugjörðin hefur á söfnuðinn, þakka guði fyrir, að hann lætur sitt orð búa ríkulega meðal vor, rannsaka, hvernig vjer færum oss það í nyt, hvetja til að gjöra það rjettilega og biðja guð að styrkja oss til þess með sínum anda. Þegar ræðunni er lokið, segir prófasturinn (eða sóknarpresturinn):

Jeg vígi nú þessa kirkju í nafni guðs föður, sonar og heilags anda. Jeg helga þennan stað og skil hann frá öllum veraldarglaumi og veraldlegum störfum, svo að hann sje guðs hús. Blessað sje þetta drottins musteri; blessun fylgi þeim lofsöngum, sem hjer eru sungnir guði til dýrðar, og því lífsins orði, sem hjer er boðað, svo það geti vakið hina andvaralausu, huggað hin harmþrungnu hjörtun og lypt sálunum upp frá mæðu þessa lífs til hins eilífa friðar. Blessun fylgi þeim heilögu náðarmeðulum, sem hjer er útbýtt, og öllum þeim helgu embættisverkum, sem hjer eru unnin. Drottins blessun, náð og friður sje með oss öllum, í Jesú nafni. Amen.

Síðan er tiltekinn sálmur sunginn og sóknarpresturinn fer upp í prjedikunarstólinn og prjedikar eins og vant er. Eptir prjedikun tónar hann þessa k o l l e k t u:

Almáttugi, eilífi guð! Þú, sem hefur heitið að vera þínum börnum nálægur með þinni náð og blessun, vertu oss einnig nálægur í þessu musteri, sem vjer höfum vígt þínu heilaga nafni til lofs og dýrðar. Taktu þjer bústað hjá oss og vertu með oss hjeðan í frá og að eilífu. Amen.

12. Um kirkjugarðsvígslu.

Þegar tekinn er upp nýr kirkjugarður eða kirkjugarður er stækkaður, á að vígja þennan reit áður en þar er grafið. Þetta á hjeraðsprófasturinn að gjöra; en verði því ekki við komið, skal sóknarpresturinn gjöra það, þegar þar er grafið lík í fyrsta sinn. Um leið og hann kastar moldu á líkið, heldur hann stutta ræðu og lýsir friði yfir gröfunum í nafni guðs föður, sonar og heilags anda.

Þegar einhverri kirkju bætist ný altaristafla, nýr skírnarfontur, ný klukka eða einhver kjörgripur, á sóknarpresturinn að geta þess á stólnum í prjedikun sinni.

13. Prestaeiðurinn.

Ego N. N. juro & in conspectu Dei sancte testor:

Primo, me in corde & conscientia certum esse, qvod ad sacrum hocce munus legitime vocatus sim, ita ut nullis usus sim mediis, divinitus prohibitis, sive occulte, sive manifeste, huic officio ut præficerer.

Secundo promitto, me summa diligentia allaboraturum, ut doctrina coelestis, comprehensa scriptis Propheticis & Apostolicis, & libris ecclesiarum Danicarum Symbolicis, auditoribus fideliter instilletur, Sacramenta ad normam a Christo præscriptam decenter & devote administrentur, Disciplina ecclesiastica diligenter exerceatur, Catechetica Doctrina urgeatur, Ceremoniæ in ecclesia receptæ observentur, nec qvicqvam contra constitutiones ecclesiasticas admittatur.

Tertio serio & sancte voveo, qvod non tantum velim fugere & detestari doctrinam verbo divino adversam, sed etiam velim eandem pro virili impugnare, sangvinem potius fusurus, qvam dogmata falsa ac fanatica approbaturus.

Qvarto legam studiosissime monumenta sacra, ac recolam ea, qva par est, diligentia articulos fidei, non passurus ullum effluere diem, qvo lectioni sacræ aliqvid temporis non impendatur, modo per valetudinem ac inevitabilia impedimenta liceat.

Qvinto vitam vivam ministro verbi divini dignam, sedulo allaboraturus, ut laudabili pietatis, probitatis & sanctitatis exemplo auditoribus præluceam, ne unquam vel gloriæ Dei, vel sacro huic & venerando ordini ex dedita opera sim futurus dedecori.

Sexto & ultimo recipio & religiose promitto, qvod, præter obedientiam seculari Magistratui debitam, velim

meo Episcopo, ut & Præposito omne licitum obseqvium præstare, imperata paratissimo animo facere, & cum Collegis ac in Christo fratribus ita conversari, ut nemo de me juste qveri possit, aut debeat.

Qvæ omnia ac singula tam vere promitto me servaturum, qvam vere & ex animo cupio, *ut me Deus suo sancto Evangelio juvet.*

DATE DUE

GAYLORD PRINTED IN U.S.A.

GTU Library
2400 Ridge Road
Berkeley, CA 94709
For renewals call (510) 649-2500

All items are subject to recall.

16375

GTU Library
3 2400 00413 1649

PACIFIC LUTHERAN
THEOLOGICAL SEMINARY

BX8035
.H19
1879

Handbok fyrir Presta a Islandi.

16375